



**KIRINO NATSUO**  
BRÁÐSNJALL SPENNUSAGNAHÖFUNDUR

Næturvaktin rígheldur lesandanum

UMFJÖLLUN 24



**BÁRÐUR BÁRÐARSON**

Leigubílstjóri og tónlistaráhugamaður

Skrásetur feril Bubba

FÓLK 38



FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

24. október 2005 – 287. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## MÁNUDAGUR

### Vildi ráða öllu sjálf

Svala Björgvinsdóttir mætir tvívefð til leiks og gefur út nýja plötu eftir nokkurt hlé.



FÓLK 26

### Launamisréttið er hneyksli

Nú skiptir allra mestu máli að vinna á launamisréttinu, segir Mörður Arnason þingmaður. Hann segir það hárrétt hjá frumkvöðlum kvennafrídagsins 2005 að helga 24. október þeirri kröfu.



UMRÆÐAN 16

### Grétar skoraði

Grétar Rafn Steinsson var annan leikinn í röð í byrjunarliði AZ Alkmar í Hollandi í gær. Grétar minnti á sig með góðu marki á lokamínútunum.



ÍÞRÓTTIR 29

### VEÐRIÐ Í DAG



Yfirleitt hágur vindur

**LÉTTIR SMÁM SAMAN** TIL Í BORGinni sem og sunnan og vestan til. Skýjað nýrðra og eystra og stöku él. Hiti 2-5 stig sunnan til en við frostmark fyrir **NOÐUR 4**

## Gæðavottun á jöfn laun

Félagsmálaráðherra ætlar að veita fyrirtækjum gæðavottun um launajafnrétti í því skyni að hvetja til þess að kynbundnum launamun verði útrýmt.

**JAFNRÉTTISMÁL** Árni Magnússon félagsmálaráðherra hyggst koma á gæðavottun um jöfn laun í því skyni að hvetja atvinnurekendur til að útrýma launamun kynjanna. Hann segist ekki vita til þess að þessari aðferð sé beitt í nokkru öðru landi en telur að hún geti á jákvæðan hátt stuðlað að því að atvinnurekendur sjái sér beinan hag í því að hafa jafnréttissjónarmið að leiðarljósi í rekstri fyrirtækja sinna.

Til þess að vottun náist verða fyrirtæki að opna launabókhalð fyrir matsmenn. Standist fyrirtækið matið fær það vottun sem fylgir tiltekið merki sem því er heimilt að nota í tengslum við ímynd sína og í markaðssetningu.

„Ég sé fyrir mér að það verði eftirsóknarvert fyrir fyrirtæki sem vilja skara fram úr að hljóta slíka vottun þar sem það mun auðvelda þeim að ná til sín hæfasta fólkinu og standa sterkar á markaði,“ segir Árni.

Ari Edwald, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, gat ekki sagt um hvort atvinnurekendur muni telja það til gagns að setja upp gæðavottun varðandi þessi mikilvægu málefni. „En það er alveg ljóst að atvinnurekendur hafa skoðað það, og mörg fyrirtæki telja sig hafa hag af því að uppfylla kröfur ýmiss konar vottunarmerkja,“ segir Ari og bendir á að samtökin leggi á það áherslu að fyrirtæki hafi hag af því að launa á grundvelli frammistöðu og framlags, og að mismunur feli í sér soun. „Það má vel vera að ganga megi lengra í að beita aðferðum gæðastjórnunar á þessu sviði,“ segir Ari sem telur að það ætti ekki að vera fyrirstaða að atvinnurekendur þurfi að opna launabókhalð sitt. Mörg fyrirtæki

taki þátt í kjararannsóknum þar sem þau þurfi nú þegar að láta af hendi upplýsingar úr sínu bókhalði.

Árni Magnússon segist jafnframt telja að færa eigi jafnréttismál frá félagsmálaráðuneytinu til forsætisráðuneytisins og aðeins þannig megi tryggja að málaflokkurinn fái nægilega athygli.

„Á s t æ ð a n fyrir því að jafnréttismál heyra undir félagsmálaráðuneytið er einna helst sú að umræðan hefur til þessa mikið til verið tengd vinnu- markaðnum. Með því að færa jafnréttismál yfir í forsætisráðuneytið yrði umræðan víkkuð út og það staðfest að jafnréttismál tengjast nánast öllum málaflokkum og ráðuneytum. Eg er sannfærður um að það yrði málaflokknum til framdráttar ef hann yrði vistaður í forsætisráðuneytinu. Jafnréttismál eru mannréttindamál og því er eðlilegra að þau heyri undir forsætisráðuneyti,“ segir Árni. Hann segist muna beita sér fyrir því að þessi breyting verði gerð og hyggst leggja það til í tengslum við endurskipulagningu ráðuneytanna sem framundan er. „Jafnréttismál þurfa aukna daglega athygli. Jafnrétti er eitthvað sem alltaf þarf að hafa í huga, ekki bara þegar vindarnir blása þannig,“ segir Árni. - sda, sgi /



ARI EDWALD



ÁRNI MAGNÚSSON



**ALLT Á RÚI OG STÚI** Wilma olli miklum óskunda í Cancun um helgina og létust þrjú íbúar bæjarins í veðurofsanum. Eignatjón af völdum stormsins er umtalsvert. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fellibylurinn Wilma enn á kreiki:

## Kominn til Flórída

**FELLIBYLUR** Fellibylurinn Wilma mjakaði sér frá Mexíkó til Flórídarákis í Bandaríkjunum í gær. Íbúar á hættsvæðum hafa flestir haft sig á brott.

„Bærinn sem við búum í er núna eins og draugabær, það eru allir farnir. Hér er samt núna 28 stiga hiti og sólskin og þægileg hafgola. Eftir nokkrar klukkustundir skellur hins vegar veðrið hérna á. Við erum að fara að forða okkur til Fort Lauderdale,“ sagði Ingvi Hrafn Jónsson fréttamaður sem staddur var í Key Largo, syðst í Flórída, síðdegis í gær. Reiknað var með að Wilma

tæki land aðfaranótt mánudagsins en engu að síður hafa íbúar hættsvæðanna notað síðustu daga til að forða sér af vettvangi. „Allir vinir okkar á þessu svæði eru farnir í skjól til ættingja og vina eins norðarlega og þeir komast. Það er hellingur af fólki sem er orðinn þreyttur. Þetta eru fjórðu fyrirmælin frá alríkisstjórninni um að fara á brott,“ bætti Ingvi Hrafn við.

Wilma er 22. Atlantshafsfellibylurinn sem myndast þetta árið en engin dæmi eru um slíkan fjölda síðan skipulagðar veður- mælingar hófust. - shg / Sjá síðu 6

Búist er við tugþúsundum kvenna í miðborgina:

## Konur leggja niður störf í dag

**KVENNAFRÍ** Kvænnafrídagurinn er í dag og af því tilefni munu fjölmargar konur leggja niður störf klukkan rétt rúmlega tvö en þá hafa þær unnið fyrir launum sínum ef litid er til þess að atvinnutekjur þeirra eru um 64 prósent af atvinnutekjum karla.

Klukkan þrjú svo kröfuganga frá Skólavörðuholti og niður að Ingólfstorgi þar sem efnt verður til baráttufundar. Vonast er til að á bilinu 30 til 50 þúsund konur mæti til fundarins. Það er því viðbúið að karlmenn finni á eigin skinni hversu mikilvægt vinnuframlag kvenna er. Flestum bankaútibúum verður lokað klukkan tvö sem og leikskólum og öðrum vinnustöðum þar sem konur eru



í miklum meirihluta. Samkvæmt upplýsingum frá Félagi kvenna í atvinnurekstri er atvinnuþátttaka kvenna hvergi í heiminum meiri en hér á landi.

Kvænnafrídagurinn var fyrst haldinn á afmælisdegi Sameinuðu þjóðanna 24. október 1975. Þá söfnuðust um 25 þúsund íslenskar konur saman á Lækjartorgi á miklum baráttufundi.

-jse/ sjá síðu 14

**HORFTIL FRAMTÍÐAR** Konur telja sig knúnar til að minna á stöðu sína nú þrjátíu árum eftir að konur komu saman til að krefjast réttar síns á miklum baráttufundi árið 1975.

Lestur meðal 25-49 ára

### Fasteignir

40%



Hús ofl. á mánuðegi

24%



Fasteignablað Morgunblaðsins

\*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í september 2005. Lestur meðal 25-49 ára.

VIKULEGAR SIGLINGAR

**ATLANTSSKIP**

FLYTJA VÖRUR

FRÁ EVRÓPU

**Miðvikudagar**  
Vlissingen / Holland

591 3000





## SPURNING DAGSINS

Bessí, eru femínistar í Sjálfstæðisflokknum?

Já og ég er einn af þeim.

Bessi segir í viðtali við Morgunblaðið að sjálfstæðiskonur sem unnu að undirbúningi kvennafrídagsins fyrir 30 árum hafi verið kallaðar róttæklingar og rauðsokkur og ekki hafi allir verið á eitt sáttir um þátttöku sjálfstæðiskonu í kvennafrídeginum.

Röskun vegna kvennafrídagsins:

# Flestum leikskólum lokað

**KVENNAFRÍ** Sökum þess að konur landsins ætla að leggja niður stórf klukkan 14.08 í dag verður flestum leikskólum á höfuðborgarsvæðinu lokað.

Gerður G. Óskarsdóttir, sviðsstjóri menntasviðs Reykjavíkurborgar, segir að flestir leikskólastjórar hafi sent skilaboð til foreldra þar sem þeir óska eftir því að foreldrar sækji börnin sín fyrir klukkan 14.00. Hún á því von á að flestir leikskólar Reykjavíkur loki klukkan 14.08. Gerður bætir við að flestir grunnskólar borgarinnar séu búnir á þessum tíma en vandræði gætu skapast hjá frístundaheimilum skólanna.



Elín Thorarensen, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla segist ekki mjög áhyggjufull yfir því að þetta eigi eftir að koma mikið niður á börnunum. Hún styður konur landsins og ekki hafi verið sérstaklega ályktað á stjórnarfundum félagsins um þau vandamál sem gætu skapast í dag. Hún bætir við að feður barnanna hljóti að geta sótt börnin og annast þau á meðan konur mótmæla.

-sh

### LEIKSKÓLAR LOKA Í DAG

Hér má sjá börnin á leikskólanum Hofi við Gullteig.

-sh



BRÚIN Á BAK OG BURT Auk fjölskyldunnar á brúnni fórust tveir til viðbótar vegna votviðrisins á Ítalíu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Úrhellisrigning á Ítalíu:

## Þrír dóu þegar brúin hrundi

**RÓM, AP** Steypiregn olli því að brú hrundi í Puglia-héraði á sunnanverðri Ítalíu í gær með þeim afleiðingum að þriggja manna fjölskylda sem var í þann mund að aka yfir brúna beið bana.

Á þremur klukkustundum rigndi svo mikið í héraðinu að úrkoman samsvaraði ársúrkomu svæðisins. Lækir urðu að stórfjótum og aurskriður féllu og því sópaðist brúin á brott og fjölskyldan með.

Þá slösuðust 22 þegar lest fór út af sporinu á svipuðum slóðum vegna vatnsels.

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði komið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttmælt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

-ritstj.

# Milljarða hagnaður Fons á sölu Sterling

Eigendur Sterling telja fimmtán milljarða síst of hátt verð fyrir félagið og sameiginleg framtíðarsýn hafi ráðið ákvörðun um sölu til FL Group. FL Group mun auka hlutafé og verður með mest eigið fé íslenskra fyrirtækja á eftir bönkunum.

**VIÐSKIPTI** FL Group og Fons eignarhaldsfélag undirrituðu samning í gær um sölu á Sterling til FL Group fyrir 15 milljarða króna. Tæplega fjórir milljarðar verða greiddir með hlutabréfum í FL Group sem ekki verða afhent fyrr en árið 2007 náist tiltekin rekstrarmarkmið Sterling. Kaupverðið getur hækkað eða lækkað eftir rekstrarárangri Sterling á næsta ári.

Ljóst er að Fons innleysir með sölnu milljarða í hagnað, en talið er að kaupverð Sterling hafi verið um fimm milljarðar króna. Pálmi Haraldsson, einn eiganda Fons segir verðið sem FL Group greiddi fyrir félagið ekki hátt að sínu mati miðað við þau tækifæri sem liggja í rekstrinum: „Fyrir okkur réði það úrslitum að stjórn FL Group deilir með okkur sömu sýn á framtíð Sterling.“

Í kjölfar kaupanna og skipulagsbreytinga hjá félaginu verður hlutafé aukið um 44 milljarða króna á genginu 13,6. Þegar hafa stærstu hluthafar skrifað sig fyrir 39 milljörðum króna. Hægt verður að greiða fyrir hluti með hlutabréfum tíu stærsta félaga í Kauphöll Íslands, auk reiðufjár. Landsbankinn og KB banki sölu tryggja það sem á vantar. Við aukninguna verður til stærsta fjárfestingafélag landsins með 65 milljarða í eigið fé. Í ár stefnir í methagnað FL Group og samkvæmt bráðabirgðauppgjöri er hagnaður fyrstu níu mánuði ársins átta milljarðar króna. FL Group hefur stofnað félag með KB banka sem mun kaupa, leigja



FORSVARSMENN FL GROUP KAUPA STERLING FL Group keypti Sterling í gær fyrir fimmtán milljarða króna. Hlutafé FL Group verður aukið um 44 milljarða. Fréttablaðið/E. Ól.

og selja Boeing-þotur sem keyptar hafa verið að undanförunu. Með stofnun félagsins innleysir FL Group milli þrjá og fjóra milljarða í hagnað sem færast munu á uppgjöri síðasta ársfjórðungs.

Hannes Smárason, forstjóri FL Group segir að með kaupnum og hlutfáraukningunni sé verið að gera grundvallarbreytingar á félaginu: „Markmið okkar er að vera leiðandi áhrifafjórðungs með

áherslu á Evrópu.“ Hann segir að með nýju skipulagi sé skilið á milli fjárfestingarstarfsmennar og rekstrarfélaganna. FL Group á um 14 prósent hlut í easyJet. Sterling er vel sett hvað varðar áfangastaði á Norðurlöndum og eflaust áhugavert fyrir easyJet og Sterling að skoða nánara samstarf í laggjaldaflugi í Evrópu. Sterling er fjórða stærsta laggjaldaflugfélag í Evrópu. [hafliði@frettabladid.is](mailto:hafliði@frettabladid.is)

Líkamsárás í Reykjavík:

## Stakk kærastann í fótinn

**LÖGREGLA** Kona var handtekin og færð til yfirheyrslu hjá lögreglu eftir að hún lagði til sambýlismanns síns með eggvöpn. Hafði sambýlislífkið verið að rífast heiftarlega og lauk þeim deilum með því að konan lagði til mannsins. Hann hlaut við það skurð á fæti og var fluttur með sjúkrahúsi á slysadeild. Sár hans reyndust ekki alvarleg.

Árásin átti sér stað í austurhluta Reykjavíkurborgar og var konan látin laus að yfirheyrslum loknum. Ástæður deilunnar vildi lögregla ekki gefa upp.

-sh



SÆRÐ Á LÍKAMA OG SÁL Þessi litla fjölskylda var á meðal þeirra sem meiddust í árásinni í Kirkuk í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ofbeldið í Írak:

## Börn dóu í sprengjuárás

**BAGDAD, AP** Háttsettur lögregluþingingur í borginni Tikrit í Írak beið bana í sprengjuárás í gær ásamt tveimur ungum sonum sínum. Tvær telpur sem sátu í nálægri bifreið létust jafnframt í tilræðinu.

Alls fórust tuttugu Írakar í árásum gærdagsins, þar á meðal tveir í Kirkuk þegar bifreið sem hlaðin var sprengiefni var ekið inn í bílast bandarískra hermanna. Hermennirnir sluppu hins vegar með skrámur.

Salan á Sterling:

## Fara úr stjórn Iceland Express


**VIÐSKIPTI** Fyrirverandi eigendur og stjórnendur Sterling munu segja sig úr stjórn Iceland Express samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Þetta eru Almar Örn Hilmarsson, Pálmi Haraldsson og Jóhannes Kristinsson.

Hluti kaupverðs Sterling verður greitt með hlutafé í FL Group og þar sem Iceland Express er í samkeppni í millilandaflugi munu þeir víkja af samkeppnisástandum.

Talið er líklegt að í framhaldinu muni Iceland Express verða sett í söluferli þar sem eigendur Iceland Express eru á leið í hluthafahóp FL Group.

-hh

[www.toyota.is](http://www.toyota.is)



Þetta er þitt tækifæri til að eignast betri bíl.

Komdu í Toyota Nýbýlavegi, kíktu á úrvalið og verðið, gakktu frá máluðum á staðnum og aktu heim á betri notuðum bíl.



BETRI NOTAÐIR BÍLAR TOYOTA

Toyota Nýbýlavegi 4 Kópavogur Sími 570-5070

Ræstingafyrirtækið Sólar hefur sagt upp samningi við Hafnarfjarðarbæ:

## Kvartað yfir óþrifnaði í skóla

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** „Ástandið er algjörlega óviðunandi því það er svo illa ræstað í skólanum og fólk er nú alveg búið að fá nóg,“ segir Marínó Björnsson, stundakennari í Hvaleyrarskóla í Hafnarfirði. Þar í bæ hefur verið kvartað í fjölmörgum skólum vegna slæmrar ræstingar.

Marínó segir að miklir samskiptaörugguleikar geri ástandið enn erfiðara en ræstingarnir kunna fæstir íslensku eða ensku.

Fyrirtækið Sólar sér um ræstingarnar í þeim skólum en það gerði samning við Hafnarfjarðarbæ fyrir rúmu ári en nú hefur Einar Ólafsson, framkvæmdastjóri Sólar, afhent Lúðvíki Geirsyni bæjarstjóra uppsögn á samningnum. „Við ræstum í samræmi við það sem samið var um við Hafnarfjarðarbæ, við höfum á að skipa mjög góðu fólk og þetta



HAFNARFJÖRÐUR Fjölmargir skólar í Hafnarfirði hafa verið með óþrifalegra móti undanfarið en ræstingin hefur verið með minna móti að mati kennara.

hefur allt farið rétt fram af okkar hálfu,“ segir Einar. Hann segir hins vegar að Hafnarfjarðarbæ hafi verið ósamvinnufús og því hafi fyrirtækið ákveðið að segja samningnum upp.

Málið verður tekið fyrir í bæjarstjórn fljótlega í þessari viku.

Kolbeinn Gunnarsson, formaður Verkalýðsfélagsins Hlífar, segist vonast til þess að ræstingarnar

verði aftur í höndum bæjarstarfsmanna. Verkalýðsfélagið rekur nú mál fyrir fyrirverandi starfsmann Sólar sem segist hafa fengið þriðjunglægr laun hjá fyrirtækinu en hjá Hafnarfjarðarbæ fyrir sömu vinnu. Félagisdómur vísaði málinu frá og segir Kolbeinn að það sé nú í vinnslu hjá lögmonnum en hugsanlega fari það fyrir héraðsdóm.

-jse



Við lokum kl. 14:00 í dag  
öllum útibúum okkar, nema við Austurstræti

Í tilefni hátíðarhalds á 30 ára afmæli kvennafrídagsins lokum við öllum útibúum okkar í dag, nema við Austurstræti þar sem hefðbundin þjónusta verður í boði. Við bendum viðskiptavinum okkar jafnframt á þjónustu Einkabanka Landsbankans.



**Landsbankinn**  
Banki allra landsmanna








Bakjarl Baráttuhátíðar kvenna 2005



## GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 21.10.2005

## KAUP SALA

	Bandaríkjadalur USD	60,17	60,45
	Sterlingspund GBP	106,68	107,20
	Evra EUR	72,25	72,65
	Dönsk króna DKK	9,682	9,738
	Norsk króna NOK	9,273	9,327
	Sænsk króna SEK	7,616	7,660
	Japanskt jen JPY	0,5208	0,5238
	SDR	XDR 86,89	87,41

## Gengisvísitala krónunnar

101,6498

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ríkisstjórnin kemur Jafnréttissjóði á lagginnar á kvennafrídaginn:

## Tíu milljónir í Jafnréttissjóð

**STJÓRN MÁL** Ríkisstjórnin hyggst í tilefni kvennafrídagsins veita tíu milljónum króna til stofnunar Jafnréttissjóðs. Markmið sjóðsins er að tryggja að hér á landi verði hægt að vinna að vönduðum kynjarannsóknunum, en talið er að svokallaðar kynjarannsóknir geti orðið til þess að bæta stöðu kvenna og breyta karlamenningu með það að augnamiði að styrkja framgang jafnréttis kynjanna.

Halldór Ásgrímsson lagði fram tillögu um þetta á ríkisstjórnarfundum á föstudaginn var. Í erindi Halldórs á ríkisstjórnarfundinum segir að aðrar þjóðir líti til Íslands með ádóðun vegna margra og



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON FORSÆTISRÁÐHERRA** Halldór leggur til við ríkisstjórn sína að komið verði á lagginn sérstökum Jafnréttissjóði.

merkra forystuskrefa í jafnréttismálum sem hér hafi verið stigin.

Forsætisráðherra leggur til að fyrst um sinn verði áherslan lögð á að veita fé til rannsókna á stöðu kvenna á vinnumarkaði, bæði hvað varðar launakjör og einnig á áhrif íslenskrar löggjafar á konur á vinnumarkaði, svo sem með rétti karla til fæðingarorlofs. Halldór leggur til að sjóðurinn muni heyrja undir forsætisráðuneytið.

Árið 2005 er sögulegt í jafnréttismálum kvenna meðal annars fyrir það að 90 ár eru liðin frá því að konur öðluðust kosningarétt til Alþingis.

-saj

Átök í Birmingham:

## Manni banað með hnífi

**BRETLAND** Maður var stunginn til bana þegar átök brutust út í Birmingham í Englandi í fyrrakvöld. Upphaf ólunnar má rekja til fundar sem boðað hafði verið til vegna ársár á 14 ára gamla stúlku, sem sagt er að hafi verið nauðgað af asískum innflytjendum. Í kjölfarið gengu unglingar berserksgang og kveiktu í bílum. Lögreglumenn voru sendir á vettvang til að reyna að skakka leikinn en ungmennin réðust í staðinn á þá.

23 ára gamall maður var stunginn til bana í átökunum en auk þess slösuðust þrjátíu manns.



**BANN** Eftir tvö ár verður ekki leyft að reykja á veitingahúsum.

Reykingabann á Íslandi:

## Tekur gildi um mitt ár 2007

**REYKINGAR** Bann við reykingum á veitingahúsum tekur gildi hér á landi um mitt árið 2007 samkvæmt frumvarpi heilbrigðisráðherra sem ríkisstjórnin hefur samþykkt. Engar undantekningar verða á reglunni.

Margir veitingahúsaeygendur eru afar ósáttir við ákvörðun ríkisstjórnar en Írar og Norðmenn voru fyrstir til að leggja blátt bann við reykingum á veitingahúsum.

## LÖGREGLA

**Vopnaðir við Voga** Loftskammbýssa og hnúajárn fundust í bíl við venjubundið eftirlit lögreglunnar í Keflavík um miðnætti á laugardagskvöldið. Billinn var kyrrstæður, rétt fyrir utan Voga og fannst einnig í bílnum nokkurt magn áfengis. Í bílnum voru tveir drengir sem báðir voru rétt undir tvítugu. Ólíklegt er talið að drengirnir hafi verið þarna í þeim erindagjörðum að nota vopnin.

**Ók á rútu** Bílslys varð á gatnamótum Reykjanesbrautar og Stekkjar um klukkan hálf tvö í gær. Fólksbífreiddi ók þá inn á Reykjanesbrautina og inn í hliðina á rútu. Rútan var að flytja farþega og einn ökumaður var í fólksbífreiddinni. Betur fór en á horfðist og sakaði engan fyrir utan smávægileg meiddli ökumanns fólksbífreiddarinnar. Bifreiðin er hins vegar mikið skemmd.

## Verkstjóri hvattur til að lemja Pólverja

Fulltrúa 2B starfsmannaleigunnar er gefið að sök að hvetja verkstjóra á Kárahnjúkum til að berja pólska verkamenn. Trúnaðarmaður á Kárahnjúkasvæðinu segir gjaldtöku 2B af starfsmönnum sínum ólöglega.

**KJARAMÁL** Í fundargerðum Odds Friðgeirssonar, trúnaðarmanns á Kárahnjúkasvæðinu sem birt er að fullu á rafis.is kemur í ljós að fulltrúi starfsmannaleigunnar 2B hafi ráðlagt verkstjóra Suðurverks að lemja pólska verkamenn, sem 2B fluttu inn til vinnu við Kárahnjúka, ef þeir sýndu móttþró.

Grétar Ólafsson, verkstjóri Suðurverks staðfestir að Eiður Eiríkur Baldvinsson, framkvæmdastjóri 2B hafi sagt honum að lemja mennina og að margir væru vitni að þeim ummælum.

Eiður segir málið byggt á misskilningi. „Ég sagði að tungumálaöru-ugleikar yrðu framundan og að það þyrfti að sýna þeim góða verkstjórn og góðan aga,“ segir Eiður sem ber upp á Odd Friðgeirsson að hann hafi síðastliðna mánuði reynt að koma starfsmannaleigunni á kné einungis vegna þess að honum líki ekki starfshættir hennar, en leigan tekur gjald af skjólstæðingum sínum fyrir að fá að vinna á Íslandi. Eiður heldur því fram að slíkt sé ekki ólöglegt og þessi gjaldtaka sé heimil. Oddur er á öðru máli. „Gjaldtaka sem þessi af launamanni fyrir vinnu er óheimil og þar með ólögleg. Launamaðurinn ræður sig í vinnu gegn umsömdum launum og þau laun ber honum að fá. Hann á ekki að borga fyrir að fá vinnuna,“ segir Oddur.

Ein af þeim sökum sem bornar eru á 2B er að fyrirtækið hafi haft aðgang að bankareikningum starfsmannanna sem Pólverjarnir telja sig ekki hafa gefið leyfi fyrir. Eiður segir rétt að starfsmanna-



**Í MATSALNUM** Margir erlendir verkamenn starfa á Kárahnjúkum. Verkalýðsfélögin hafa í ófa skipti þurft að hafa afskipti af aðbúnaði þeirra og kjörum. Myndin tengist ekki pólsku verkamönnum sem starfsmannaleigan 2B flutti inn.

leigan hafi haft aðgang að bankareikningunum en því hafi verið breytt eftir fyrstu útborgun.

Þá segir í fundargerð Odds að mönnum hafi verið ráðlagt af starfsmannaleigunni að halda sig frá Íslendingum þar sem þeir álitu Pólverja drykkjurúta og

þjófa. Þá hefði þeim einnig verið gert ljóst að allar skemmdir sem þeir hugsanlega ynnu, líka óviljandi, yrðu þeir að borga. Eiður ber þessar sögur til baka og segir að starfsmönnum hafi verið tjáð að þeir væru tryggðir með viðbót-artryggingu vegna allra slysa.



**VIÐ TJÖRNINA** Sýnatökur verða teknar af

Fuglaflensa í Svíþjóð:

## Íslensk stjórnvöld halda ró

**FUGLAFLENSA** Íslensk stjórnvöld halda ró sinni þó að fuglaflensan hafi greinst í fuglum í Svíþjóð enda var þar ekki um að ræða hættulegu flensuna af H5N1 stofni sem getur smitast í menn.

Halldór Runólfsson yfirdýralæknir segir að skipulagsvinna sé í fullum gangi og næsta var verið farið í sýnatökur úr alifuglum og villtum fuglum til að kanna hvar alifuglar halda sig utan dyra. Hugsanlega komi til þess að sú fyrirskipun verði gefin út að þeim eigi að halda inni. Þangað til fylgist heilbrigðisvirkvöld bara með þróun mála.

Bifreiðaróhapp á Dalvík:

## Ók utan í hús

**LÖGREGLA** Ökumaður missti stjórn á bifreið sinni við Sandskeið á Dalvík á laugardagsnótt með þeim afleiðingum að hann rak bílinn sinn utan í hús.

Miklar skemmdir urðu á bílnum en minni á húsinu, sem er verkstæðisbraggi. Hámarkshraði á þessum stað er 30 kílómetrar á klukkustund og viðurkenndi bílstjórnin við yfirheyrslu að hafa ekið of hratt og þess vegna misst stjórnina á bílnum.

Ökumaðurinn var einn í bílnum og sakaði ekki. Hann reyndist ekki undir áhrifum áfengis og var þess vegna leyft að fara eftir skýrslutöku.

-sh

Öryggi, gæði og still



NAZRAN FATNAÐUR

Full búð af Nazran mótörhjólafatnaði á ótrúlega hagstæðu verði.

Yamaha-búðin, Nybýlavegi 2, 200 Kópavogi, s. 570 5300.

Xtra, Njarðarbraut 19, 260 Reykjanesbæ, s. 421 1888.

Toyota, Baldursnesi 1, 603 Akureyri, s. 460 4300.

www.yamaha.is

**YAMAHA**  
Touching Your Heart

## VEÐURSPÁ

um hádegi »

Sigurður P. Ragnisson, veðurfræðingur

## FALLEGT Í BORGinni

Þegar kemur fram á morguninn ætti að rofa til í borginni með hinu falletasta vetrarveðri. Sól, gola og hiti aðeins yfir frostmarki er góð blanda á þessum árstíma. Fyrir norðan og austan má búast við litils háttar eljum hér og hvar og því ástæða til að minna ökumenn á að aka gætilega og eftir aðstæðum.


## HÖFUDBORGIN Í DAG

Hægviðri. Yfirleitt bjart veður. Hit 2-4 stig í dag en vægt frost í nótt.


Kaupmannahöfn	10°C skýjað	París	17°C skúrur	Alicante	24°C heiðskirt
Oslo	5°C heiðskirt	Berlín	13°C hálfskýjað	Milano	20°C hálfskýjað
Stokkhólmur	5°C skýjað	Frankfurt	16°C alskýjað	New York	12°C skúrur
Helsinki	2°C alskýjað	Madrid	20°C heiðskirt	San Francisco	19°C léttskýjað
London	18°C skúrur	Barcelona	21°C heiðskirt	Orlando/Florida	22°C þrumur

\* Sveði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skygð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

» á morgun







# Kynbundin mismunun er óheimil

**Í tilefni dagsins eru félagsmenn hvattir til að íhuga stöðu jafnréttis og fjölskyldumála í fyrirtækjum sínum.**

*Gæta skal fyllsta jafnréttis milli kvenna og karla og hver starfsmaður skal metinn á eigin forsendum. Þannig er tryggt að mannauður nýtist sem best. Kynbundin mismunun er óheimil í hvaða formi sem hún birtist og stefna Samtaka iðnaðarins er að útrýma slíkri mismunun komi hún í ljós.*

Úr jafnréttisstefnu skrifstofu Samtaka iðnaðarins.



**Samtök iðnaðarins**



## KJÖRKASSINN



Á ríkið að ábyrgjast lán til stöndu-  
gru fyrirtækja sem vilja hefja  
rekstur úti á landi?

Já	40%
Nei	60%

## SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hindrar launaleynd launajöfnuð  
kynjanna?

Láttu skoðun þína í ljós á vís.is

## Sænsk önd drapst úr flensu: H5N1-stofninn ekki á ferðinni

**FUGLAFLENSA** Öndin sem drapst úr fuglaflensu í Svíþjóð í vikunni var ekki smituð af hinum illvíga H5N1-stofni veikinnar.

Alls hefur 61 maður látist úr fuglaflensu af H5N1-stofni í Asíu en fuglaflensan hefur nú greinst í fimm Evrópulöndum: Rússlandi, Tyrklandi, Rúmeníu, Króatíu og nú síðast í Svíþjóð.

Sjúka öndin drapst í bænum Eskilstuna, um 100 kílómetra vestur af Stokkhólmi, og var hún smituð af mildara afbrigði veirunnar, samkvæmt niðurstöðum dýralækna.



**KJÚKLINGAR** Mun færri fuglar voru sýktir í ár en í fyrra.

Kamfílobakter í kjúklungum:

## Dregið úr sýkingum

**HEILBRIGÐISMÁL** Tekist hefur að draga verulega úr kamfílobakteríusýkingum í kjúklungum hér á landi, samkvæmt upplýsingum frá embætti yfirdýralækis. Í september í fyrra var hlutfall kamfílobakteríusýktra kjúklunga yfir 41 prósent, en í síðasta mánuði var það komið niður í 7,3 prósent.

## SLÖKKVILIDÍÐ

**Kveikt í við Kennaraháskólann** Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins var tilkynnt um eld í ruslatunnu fyrir utan anddyri íþróttahús Kennaraháskóla Íslands snemma í gærmorgun. Greiðlega tókst að slökva eldinn en nokkrar skemmdir urðu á skyggni fyrir ofan ruslatunnuna. Kveikt hafði verið í dagblöðum og öðru lauslegu.

Bíll ársins á Íslandi valinn í gær:

# Suzuki Swift hlýtur stálstýrið

**BÍLAR** Val Bandalags íslenskra bíla-  
bláðamanna (BÍBB) á Bíl ársins  
var kynnt í Perlunni í gær. Suzuki  
Swift var valinn Bíl ársins 2006 og  
afhenti Sigríður Anna Þórðardóttir  
umhverfisráðherra Stálstýrið sem  
er viðurkenning BÍBB vegna Bíls  
ársins. Afhendingin fór fram á sýningu  
á vistvænum bílum sem BÍBB  
stóð fyrir í Perlunni um helgina.

Auk þess að velja Bíl ársins  
2006 var valinn bíll ársins í fjór-  
um flokkum. Suzuki Swift varð  
hlutskarpastur í flokki smábíla  
og millistærðarbíla, Volkswagen  
Passat varð fyrir valinu í flokki  
fjölskyldu- og lúxusbíla, Lexus  
RX400h var valinn í flokki jeppa

og jeplinga og BMW M5 í flokki  
sportbíla.

Við verðlaunaafhendinguna  
sagði Sigríður Anna Þórðardóttir  
meðal annars að sér væri sérstök  
ánægja að veita þessa viðurkenningu  
á sýningu á vistvænum bílum  
og minnti á að í vor hefði afsláttur  
á vörugjaldi á bifreiðum sem nota  
umhverfisvæna orku verið tvöfald-  
aður. Einnig hrósaði hún Bandalagi  
íslenskra bílaþáðamanna fyrir  
framtíð.

**ÚLFAR HINRIKSSON** framkvæmda-  
stjóri Suzukibíla tekur við stálstýrinu  
úr hendi Sigríðar Önnu Þórðardóttur  
umhverfisráðherra.



# Ráðherra lét leið- réttu launamuninn

Félagsmálaráðherra komst að því að kynbundinn launamunur var til staðar  
innan ráðuneytisins. Hann hefur leiðrétt muninn og vonast til að aðrir fylgi í  
kjölfarið. Hann segir að launamunurinn sé oft ómeðvitaður en alltaf óþolandi.

**JAFNRÉTTISMÁL** Árni Magnússon  
félagsmálaráðherra lét fara ofan  
í saumana á launum starfsfólks  
félagsmálaráðuneytisins til þess að  
kanna hvort þar fyrirfyndist kyn-  
bundinn launamunur. Hann komst  
að því að svo væri og hrinti í kjölfarið  
af stað áætlan sem miðast að því  
að eyða launamun kynjanna, bæði  
hjá hinu opinbera og í einkageiranum.

„Laun hvers einasta starfsmanns  
voru skoðuð og í ljós kom að í sumum  
tilfellum var til staðar launamunur  
milli einstaklinga sem ekki var hægt  
að skýra öðruvísi en út frá kyni. Við  
réðumst strax í að leiðrétta það,“  
segir hann.

Árni segir niðurstöðurnar hafa komið  
sér á óvart en þær séu jafnframt til  
marks um það hversu dulinn hinn  
kynbundni launamunur er. „Frá því  
að þetta var gert í ráðuneytinu hef ég  
lagt mjög þunga áherslu á það við forystu-  
menn stofnana sem heyrna undir  
ráðuneytið að þeir fari í sams konar  
vinnu,“ segir Árni. „Ég vildi sjá þetta  
gert í öllum ráðuneytum,“ segir hann.

Þá segist Árni hafa velt því mikið  
fyrir sér hvaða leiðir hægt sé að fara  
til þess að bregðast við launamun  
kynjanna í einkageiranum. „Það er að  
sjálfsögðu bannað samkvæmt lögum  
að mismuna fólki í launum út frá kynferði  
en munurinn er samt sem áður til staðar,“  
segir hann. „Hægt væri að skerpa  
betur þetta ákvæði lagalega en að mínu  
viti ætti frekar að reyna að gera það  
eftirsóknarvert hjá fyrirtækjum að  
geta sagt frá því að viðkomandi  
fyrirtæki líði ekki launa-



**ÁRNI MAGNÚSSON FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA** Vill veita fyrirtækjum sem viðhafa launajafnrétti gæðavottun um jöfn laun. Fyrirtæki, sem skara vilji fram úr, geti notað vottunina í því skyni að efla ímynd sína og við markaðssetningu.

mun kynjanna,“ segir Árni.

Með það að markmiði hefur hann ákveðið að setja saman hóp sem samanstendur af stjórnendum í atvinnulífi og opinberum aðilum sem vinna á gæðakerfi þar sem sett verði upp viðmið og staðlar sem mæli kynbundinn launamun innan fyrirtækja.

„Markmiðið er að koma á fót gæðavottun um jöfn laun sem hægt verði að veita þeim fyrirtækjum sem uppfylla þau skilyrði sem sett hafa verið um launajafnrétti og geta þá fyrirtæki sem vilja skara fram úr sótt um slíka vottun,“ segir Árni.

sda@frettabladid.is



**AKRANES** Kosíð verður um nýjan fyrirtækjasamning í vikunni.

Verkalýðsfélag Akraness:

## Nýr samningur við Fang ehf.

**KJARAMÁL** Verkalýðsfélag Akraness skrifar í dag undir nýjan fyrirtækjasamning við eigendur Fangs ehf. að því er segir á heimasíðu félagsins. Formaður þess kynnti samninginn fyrir starfsmönnum í síðustu viku og ríkti almenn sátt um hann.

Í samningnum náðist að tryggja flest þeirra kjaraatriða sem starfsmenn og stéttarfélagið lögðu áherslu á eins og vinnutíma, bónus, orlofs- og desemberuppbætur. Þessi kjaraatriði teljast mun betri en á hinum almenna vinnumarkaði.

Kosíð verður um hinn nýja fyrirtækjasamning í vikunni.

## LÖGREGLUFRETTIR

**Ölvun á Egilsstöðum** Erlisamt var hjá lögreglunni á Egilsstöðum á laugardagsnótt sökum mikillar ölvunar og óláta við skemmtistaðinn Kaffi KHB. Lögreglan þurfti itrekað að hafa afskipti af slagsmálum sem þar voru og þurftu tveir einstaklingar að gista í fanga-geymslu lögreglunnar. Engin alvarleg meiðsla urðu á fólki.

**Bílvelta** Bílvelta varð í Skíðadal í Eyjafirði að faranótt sunnudags. Ökumaður misti stjórn á bílnum með þeim afleiðingum að bíllinn valt. Ökumaðurinn var einn í bílnum og sakaði ekki.

**Drukinn á Dalvík** Lögreglan á Dalvík þurfti að hafa afskipti af manni sem ók eftir þjóðveginum á laugardagsnótt. Maðurinn var einn í bíl og reyndist mjög ölvuður.

Fellibylurinn Wilma hélt frá Mexíkó áleiðis til Bandaríkjanna í gær:

## Stafirnir í stafrófinu búnir

**FLÓRÍDA, AP** Fellibylurinn Wilma yfirgaf loks Mexíkó í gær og hélt sem leið lá í átt til Flórídareykis. Aldrei hafa jafn margir fellibyljir geisad á þessum slóðum á einu ári.

Wilma hefur gert mikinn óskunda í löndunum við Mexíkóflóa undanfarna daga. Um helgina hélt stormurinn sig við Yucatan-skaga í Mexíkó og varð þremur mönnum að fjörtjóni. Eyðileggingin er mikil í bæjum á borð við Cancun og til að bæta gráu ofan á svart hafa ræningjar látið greipar þar sópa.

Í gær hélt bylurinn yfir flóann og tók hann land í Flórída í nótt. Þá var reyndar reiknað með að veðurhæðin hefði minnkað nokkuð en í gær flokkuðu veðurfræðingar Wilmu sem 2. gráðu fellibyl með um 44 metra vindhraða á sekúndu. Engu að síður var 160.000 íbúum Flórída gert að rýma heim-



**EFTIR STORMINN** Íbúar Cancun í Mexíkó reyndu að ná áttum í gær. Ræningjar hafa hins vegar sætt lagi og stolið flestu sem hönd á festir.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ili sín um helgina.

Wilma er 22. Atlantshafsfellibylurinn sem myndast á þessu ári en engin dæmi eru um slíkan fjölda. Þegar enn ein lægðin sótti í sig veðrið á laugardaginn úti

fyrir ströndum Dóminíkanska lýðveldisins urðu veðurfræðingar að nefna storminn Alfa, eftir fyrsta staf gríska stafrófsins, þar sem hefðbundnir nafnalistar voru uppnir.

-shg

Alltaf einfalt



Ódýrt bensín

15 stöðvar!

www.ob.is



*Í tilefni af  
Kvennafrídeginum  
lokum við nokkrum  
útibúum kl. 14.00*

*Konur til hamingju með daginn!*



ÍSLANDBANKI

Íslandsbanki tekur þátt í baráttuhátíð kvenna og lokar eftirtöldum útibúum kl. 14.00 í dag:

- Eiðistorgi 17, Reykjavík
- Laugavegi 116, Reykjavík
- Skútuvogi 11, Reykjavík
- Hamraborg 14a, Kópavogi
- Fjarðargötu 19, Hafnarfirði
- Þverholti, Mosfellsbæ
- Hafnargötu 60, Reykjanesbæ
- Kirkjubraut 40, Akranesi
- Hrísalundi, Akureyri
- Austurvegi 6, Selfossi



## VEISTU SVARID?



1. Hvaða stöðu gegnir Guðjón Rúnarsson?

2. Um hvern söng Mezas á menningardögum kirkjunnar á Suðurnesjum í gær?

3. Hver er forseti Norðurlandaráðs?

SVÖRIN ERU Á BLAÐSÍÐU 38

## Drengur með látinni móður: Sjálfala í allt að sex vikur

**SKOTLAND** Litli drengurinn sem fannst hungraður og illa til reika í íbúð í Leith á dögnum með látinni móður er talinn hafa verið einn á báti í allt að sex vikur, ekki í tvær eins og fyrst var talið.

Lögreglurannsókn hefur leitt í ljós að móðir drengsins, sem er þriggja ára, sást síðast á lífi 1. september og því útilokar lögregla ekki að snáðinn hafi síðan þá dregið fram lífið á kexi og safa sem var til í íbúðinni. Líðan drengsins er sögð furðu góð miðað við aðstæður.

## PAKISTAN

**Al-Kaída hvetur til mannúðar** Arabíska sjónvarpsstöðin al-Jazeera birti í gær ávarp Ayman al-Zawahiri, næstráðanda al-Kaída samtakanna, þar sem hann hvatti múslima til að aðstoða fórnarlömb jarðskjálftans í Pakistan. Pakistönsk stjórnvöld hafa aðstoðað Bandaríkjamenn í stríðinu gegn hryðjuverkum og því vekur yfirlýsingin athygli.

Síðari umferð pólsku forsetakosninganna fór fram í gær:

## Kaczynski var kjörinn forseti

**VARSIÁ, AP** Pólverjar kusu í gær Lech Kaczynski forseta sinn ef marka má útgönguspár. Donald Tusk, keppinautur hans, lýsti sig sigraðan fljótlega eftir að spárnar voru birtar.

Önnur umferð pólsku forsetakosninganna fór fram í gær en í fyrri umferðinni sem haldin var fyrr í mánuðinum fékk enginn frambjóðendanna tilskilinn meirihluta atkvæða. Í gær var kosið á milli þeirra Donalds Tusks og Lechs Kaczynski, borgarstjóra í Varsjá. Fyrstu útgönguspár í gær bentu til að Kaczynski hefði borið sigur úr býtum. Spá TVN24 sjónvarps-



VÍGREIF VIÐ KJÖRKASSANN Lech og Maria Kaczynski mættu snemma á kjörstað og greiddu atkvæði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

stöðvarinnar gerði ráð fyrir að 53,5 prósent kjósenda hefðu kosið Kaczynski en aðeins 46,5 prósent Tusk.

„Í dag verð ég að viðurkenna að mér mistókst,“ sagði Tusk í ávarpi sínu til stuðningsmanna, dapur í bragði. Jaroslaw, tvíburabroðir Kaczynski, er leiðtogi flokksins Laga og réttlætis sem sigraði í þingkosningunum 25. september. Jaroslaw lýsti því hins vegar strax yfir að hann myndi ekki verða forsætisráðherra næði broðir hans kjöri sem forseti.

Endanleg úrslit munu liggja fyrir í dag. -shg

## Vildarbörn Ícelandair: 15 fjölskyldur fá ferðastyrk

**STYRKUR** Á laugardag var 15 styrkjum úthlutað úr sjóðnum Vildarbörn Ícelandair. Styrkinn fá langveik börn og fjölskyldur þeirra til að gefa þeim tækifæri til að fara í draumaferðina.

Áslaug Thelma Einarsdóttir, framkvæmdastjóri sjóðsins, segir söfnun fyrir sjóðinn hafa gengið vonum fram og í ár hefði alls verið úthlutað 24 styrkjum.

Sjóðurinn er fjármagnaður með beinum styrkjum frá Ícelandair, framlögum frá einstaklingum innan Vildarklúbbs Ícelandair en stærstu framlögin koma úr myntsöfnun sem fer fram um borð í flugvélum Ícelandair. -sh

## Málskotið er ekki til sölu

Fimmtungs launamunur kynjanna er mannréttindamál segir Katrín Jakobsdóttir, varaformaður vinstri grænna. Steingrímur J. Sigfússon segir flokkinn hafna því að málskotsréttur forseta verði aflagður.

**STJÓRNMÁL** „Meðaltalið sýnir tuttugu prósentu óútskýrðan launamun á körlum og konum sem er hreint ótrúleg staða. Við lítum á þetta sem mannréttindamál en ekki aðeins sem skyldu hvers og eins að biðja um hærri laun. Það er bara ekki það einfalt,“ segir Katrín Jakobsdóttir, varaformaður Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs, að loknum landsfundi flokksins í gær. Eins og fram hefur komið skilgreina vinstri grænir sig nú sem róttækan flokk feminískra sjónarmiða.

„Ungar konur voru mjög áberandi á þessum stærsta landsfundi sem við höfum haldið,“ segir Katrín einnig, en kosið var til stjórnar flokksins og eru konur þar í meirihluta.



FORYSTA VINSTRI GRÆNNA Steingrímur J. Sigfússon formaður og Katrín Jakobsdóttir varaformaður fagna undir lok landsfundar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EÓL

Fundurinn samþykkti fjölda ályktana og voru þar á meðal ályktanir um breytingar á stjórnarskrá þar sem flokkurinn mæl-

næms vatns ásamt því að landið verði án sýkla-, efna- og kjarnorkuvopna komi inn í stjórnarskrána. Steingrímur J. Sigfússon, formaður vinstri grænna segir að flokkurinn hafni því alfarið þeirri ályktun sem landsfundur Sjálfstæðisflokks sendi frá sér að málsskotsrétti forsetans verði fórnað fyrir óljós ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur: „Við erum ekki tilbúin í einhverja varslun um 26. grein stjórnarskrárinnar.“

Katrín segir að næst á dagskrá sé að taka til við vinnu í umhverfismálum.

Bæði Steingrímur og Katrín voru ein í framboði til forystu í flokknum og voru því sjálfkjörin [saj@frettabladid.is](mailto:saj@frettabladid.is)

# NISSAN PRIMERA



SKIPT\_um stíl



## EKKERT VENJULEGUR

Með nagladekkjum. Sjálfskiptur, cruise control og bakkmyndavél í lit.

Primera

Verðtilboð 2.090.000.-



FILEN/STIA

Ingvar Helgason

Sævarhófa 2 Sími 525 8000 [www.ih.is](http://www.ih.is)

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00



FRÁ TAVISTOCK SQUARE 52 biðu bana í hryðjuverkunum í Lundúnum í sumar og yfir 700 slösuðust. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Handtekinn vegna hryðjuverkaárásanna í Lundúnum:

## Kvaðst vera vitorðsmaður að árásinni

**BRETLAND** Breska lögreglan handtók um helgina mann sem viðurkendi í blaðaviðtali að hafa verið í vitorði með mönnum sem myrtu 52 í sprengjuárásunum í Lundúnum 7. júlí.

Sunnudagsblaðið News of the World greindi frá því í gær að lögregla í Dewsbury í Vestur-Jörvíkurskíri hefði í fyrradag handtekið Imran Patel eftir ábendingu frá ritstjórn blaðsins, en Patel hafði viðurkennt í samtali við blaðamann að hafa átt að taka þátt í hryðjuverkaárásunum.

Að eigin sögn bað Mohammad Sidique Khan, leiðtogi árásmannanna, Patel um að slást í hóp

þeirra og hittist allur hópurinn á heimili þess síðarnefnda til skrafs og ráðagerða. Patel ákvað hins vegar að hætta við þátttöku þegar honum var sagt að barnaskóli ætti að vera eitt skotmarkanna. Engu að síður gerði hann lögreglu ekki viðvart þar sem hann vildi ekki koma félögum sínum í fangelsi.

Talsverður viðbúnaður var í Dewsbury þegar maðurinn var handtekinn og var gerð húslit á nokkrum heimilum í tengslum við málið. Patel er sá eini sem er í haldi vegna árásanna en fjórmenningarnir sem frömdu þær dóu allir í þeim.

-shg



# Ný kynslóð salatbara

Þetta er það  
FLOTTASTA  
sem ég hef séð

Nýjir salatbarir  
í öllum verslunum

Sjáðu þetta

**40** spennandi  
tegundir

Meðal annars:

- Kjúklingur
- Hummus
- Kjúklingabollur
- Ferskar melónur
- Mozzarella kúlur
- Romain salat
- Mini penne í ferskum hvítlauk
- Kús kús tandarri
- Tortelini m/engifer
- Skinka
- Spinat
- Pepperoni
- Epli í kókóssósu
- Kartöflu strá
- Sólburkaðir tómatar
- Ætipistill

...og margt fleira



Með hverju keyptu salatboxi fylgir  
Egils Sítrónu Kristall með í kaupbæti\*.

\*Tilboðið gildir út október mánuð.

Gildir til 31. október eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla



Pekkingarsetur Þingeyinga á Húsavík:

## Árlegt fjársveldi

**FJÁRLÖG** Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar hefur sent Valgerði Sverrisdóttur, ráðherra byggðamála, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra, Þingmönnum Norðausturkjördæmis og fjárlaganefnd Alþingis áskorun þess efnis að Þekkingarsetri Þingeyinga á Húsavík verði tryggt nægilegt rekstrarfé.

Í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir næsta ár er ekki gert ráð fyrir fjárveitingum til reksturs stofnunarinnar og segir Óli Halldórsson, forstöðumaður Þekkingarsetursins, að samningur um fjármögnun set-

ursins renni út í janúar næstkomandi.

„Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hefur okkur ekki tekist að fá menntamálaráðuneytið að samningaborðinu og er ástandið orðið óviðunandi. Ljóst er að Þekkingarsetrið verður ekki rekið áfram á þessum forsendum en því miður hefur það gerst á hverju ári frá stofnun setursins að grípa þurfi til aðgerða að hausti til að klára fjármögnun komandi árs. Föst fjárframlög til setursins hafa ekki náð að dekkja helminginn af rekstrarkostnaði stofnunarinnar,“ segir Óli.

- kk

# 5 Dagar



**ALLIR FÓRUST** Á óljósum myndum af slysstaðnum mátti þó greina lík farþega, vélarbrak, farangur og ferðaskjól. FRÉTTABLAÐID/AP

## 117 taldir af eftir flugslýs

Nígerísk farþegaþota fórst seint í fyrrkvöld skammt norður af Lagos. Talið er víst að farþegarnir 111 og sex manna áhöfn hafi beðið bana í slysinu.

**NÍGERÍA** Boeing-þota í eigu nígerísku flugfélags fórst í fyrrkvöld með 117 manns skömmu eftir flugtak frá borginni Lagos. Afar misvísandi fréttir bárust af slysinu framan af gærdeginum.

Þotan, sem var af tegundinni Boeing 737 og var í eigu nígeríska flugfélagsins Bellview Airlines, var á leið frá Lagos, stærstu borg landsins, til höfuðborgarinnar Abuja. Skömmu eftir flugtak í fyrrkvöld hvarf vélin af ratsjá og tóku þá þegar grunsemdir að vakna um að eitthvað hefði komið fyrir.

Framan af gærdeginum voru fregnir afar óljósar um hvar vélin hefði farist og hversu margir hefðu látist í slysinu. Í fyrstu var talið að þotan hefði brotlent nærri Kishi í Oyo-héraði, 400 kílómetra frá Lagos, og fimmtíu farþegar hefðu komist lífs af. Þær fregnir voru síðar dregnar til baka þegar sjónvarpsfréttamenn sögðust hafa fundið flakið við þorpið Lissa í Ogun-héraði, 250 kílómetra frá Lagos. BBC hefur eftir starfsmanni Rauða krossins á vettvangi að flakið hafi staðið í ljósum logum og útilokað virtist að nokkur hefði lifað slysið af. „Flugvélin var gjörsamlega í rúst, flakið hafði dreift út um allt.“ Alls voru 117 um borð, 111 farþegar auk sex manna áhafnar.

Fljótlega eftir að tíðindin spurðust út fylltist flugvöllurinn í Lagos af fólki í leit að upplýsingum um afdrif ástvina sinna. Þar voru jafnframt fulltrúar sendi-



**BOEING 737** Flugvél sömu tegundar í eigu Bellview Airlines fórst í fyrrkvöld. FRÉTTABLAÐID/AP

ráða sem vildu ganga úr skugga um hvort landar þeirra hefðu verið innanborðs.

Nígerískir embættismenn sögðust í gær ekki hafa neinar tilgátur um hver orsök slyssins væri þar sem flugritar vélarinnar væru ófundnir. Aðspurðir kváðust þeir ekki geta svarað hvort hryðjuverk hefði verið framið.

Bellview Airlines þykir eitt af öruggustu flugfélögum Nígeríu en auðugir kaupþýslumenn og erlendir erindrekar eru á meðal helstu viðskiptavina þess. Engin flugslýs hafa orðið í þríflega tíu ára sögu þess. Flugöryggi er aftur á móti afar ábótavant í Nígeríu, og er ekki lengra en mánuður síðan þota flugfélagsins Air France ók inn í kúahjörð á flugbrautinni í Port Harcourt þegar hún kom inn til landingar en enginn slasaðist. Árið 2002 fórst flugvél nærri borginni Kano og með henni 150 manns.

sveinng@frettabladid.is



...það gerist á  
laugardaginn

  
blómaval  
heillandi heimur



24. október 1975. Hefur eitthvað breyst?



## Við hvetjum konur til að taka frí í dag!

Þar sem kvennafrí mun hafa áhrif á starfsemi Samskipa í dag biðjum við viðskiptavini að sýna okkur þolinmæði og skilning. Um leið sendum við íslenskum konum baráttukveðjur og hamingjuóskir á kvennafrídaginn.

Afgreiðsla Landflutninga verður lokað eftir kl. 14.00 og þjónustudeild og skiptiborð Samskipa faliðuð. Bendum við á bein símanúmer starfsmanna sem finna má á [www.samskip.is](http://www.samskip.is)

Seinni ferð Herjólfss mun falla niður í dag.

**Áfram stelpur!**

**SAMSKIP**

Kjalarvogi • 104 Reykjavík • Sími 458 8000 • Fax 458 8100 • [samskip.is](http://samskip.is)





frá 1.695.000 kr.

# ASTRA



Pú færð nýjan Opel Astra frá aðeins **1.695.000 kr.** eða **19.772 kr.** á mánuði.

**Ingvar Helgason**

Sævarhófa 2, sími 525 8000, www.ih.is

Opið: Mán – fös kl. 9–18 og lau kl. 12–16

FUNDUR UM  
ÁHÆTTUGREININGU OG ÁHÆTTUMAT:

## ER ALLT Á HREINU Í ÞÍNU FYRIRTÆKI?

- UM AUKNAR KRÖFUR, FRAMKVÆMD OG TÆKIFÆRI

SAMTÖKUM ATVINNULÍFSINS  
BORGARTÚNI 35, 6. HÆÐ  
26. OKTÓBER 2005, KL. 8:30-10:30

### DAGSKRÁ

- Inngangserindi**  
Dr. Björn Karlsson, brunamálastjóri.
- Dæmi um áhættugreiningu og áhættumat**  
Gestur Pétursson, Inpro.
- Áhættumat og viðbragðsáætlanir**  
Helgi Jensson, Umhverfisstofnun.
- Dæmi um hollustu og öryggi á vinnustöðum**  
Inghildur Einarsdóttir, Vinnueftirlitinu.
- Umræður og fyrirspurnir**

Skráning á sa@sa.is og í síma 591 00 00



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Fjölmiðlahátíðin Prix Europa

## Þetta líf tilnefnt

**VERÐLAUN** Sjónvarpstímaritið Þetta líf, þetta líf var tilnefnt í flokki netmiðla á fjölmiðlaráðstefnunni og hátíðinni Prix Europa.

Verðlaunin féllu á laugardag í skaut hollenska tónleikavefsins Fabchannel. Sá vefur hefur eins og Þetta líf, þetta líf verið að sjónvarpsvæða netið.

Ritstjóri tímaritsins er Þorsteinn J. Vilhjálmsson og segir að þetta hafi verið mjög lærdómsríkt og að síðan thorsteinnj.is, sem hýsir tímaritið, hafi fengið mikla og góða athygli. Segir Þorsteinn hafa fengið mikla hvatningu til þess að bæta tímaritið enn frekar og stefnir hann að því á næstu misserum.



ÞORSTEINN J. Vefur Þorsteins var tilnefndur en hlaut ekki verðlaun.

## Strætókort til vinnu og skóla

Gjaldskrárhópur Strætó bs. undirbýr útgáfu gjaldkorta fyrir vinnustaði. Þegar hafa verið gefin út slík kort fyrir skóla, sem gilda í níu og hálfan mánuð.

**SAMGÖNGUR** Gjaldskrárhópur Strætó bs. vinnur að útfærslu vinnustadakorta, sem fyrirtæki geta keypt fyrir þá starfsmenn sína sem nota þennan samgöngumáta, að sögn Ásgeirs Eiríkssonar framkvæmdastjóra. Þegar hafa verið gefin út skólakort sem gilda í níu og hálfan mánuð. Þau eru handhafakort, sem kosta 25.000 krónur.


„Við munum kynna vinnustadakortin um áramótin,“ segir Ásgeir: „Hugsanlega vilja vinnuveitendur taka þátt í fjármögnun kortsins fyrir starfsmenn. Áætlað er að gefa út sex mánaða kort, sem verða gefin út á nafn, með mynd af viðkomandi. Ekki er ljóst hversu mikið þau munu kosta, en gjaldskrárhópurinn er að vinna að þeirri ákvörðun þessa dagana.“

Ásgeir segir, að vegna þeirrar umræðu sem orðið hafi í

Hlíðahverfinu um umferðarmál megi benda á að þegar stofnleiðir Strætó bs., sem eru sex talsins, hafi verið skipulagðar hafi markmiðið með þeim verið að flytja íbúa milli fjölmennustu íbúasvæðanna og fjölmennustu atvinnu- og þjónustusvæðanna.

„Þess vegna fara þær langflestar fram hjá Hlíðahverfinu því þær eru þá á leiðinni út á Landspítala, út í háskóla og í miðborgina,“ segir Ásgeir. „Ástæðan fyrir því að við gerum þetta svona er einmitt sú, að rannsóknir á vettvangi almenningsgangna benda til þess að gæði felast í því að þurfa ekki að skipta milli vagna. Þá er sá samhljómur milli allra niðurstaðna slíkra rannsókna, að fólk er frekar reiðubúið til að leggja á sig lengri göngu að biðstöðinni ef það veit að það fær tíða þjónustu og kemst stystu leið.“

jss@frettabladid.is



Fuglaflensa í Bretlandi:

## Páfagaukurinn sýktur af H5N1-flensu

**BRETLAND** Bresk stjórnvöld skýrðu frá því í gær að banamein páfagauks sem geymdur var í einangrunarstöð í Essex í Englandi var fuglaflensa af H5N1-stofni.

Komið var með fuglinn til landsins fyrir nokkru frá Súrinam í Suður-Ameríku og var hann settur í sóttkví með 216 fuglum

frá Taívan. Gaukurinn drapst í vörslunni fyrir tíu dögum og hafa rannsóknir sýnt að fuglaflensa varð honum að aldurtila.

Að sögn vefútgáfu BBC hefur enginn fuglanna komist út úr stöðinni og því er talið útilokað að flensufaraldur kvikni út frá þessu tilfelli.



# KB Tekjuvernd tekur af þér fallið við launamissi

KB Tekjuvernd er hagkvæm vernd sem dregur úr launamissi sem kann að verða vegna sjúkdóma, örorku, andláts eða starfsloka.


Með KB Tekjuvernd er bilið brúað sem myndast milli núverandi ráðstöfunartekna þinna og greiðslna sem þú átt rétt á verðir þú fyrir launamissi af völdum sjúkdóma, örorku eða andláts. Þú færð yfirsýn yfir þá tryggingavernd sem þú nýtur í dag og vísendingar um frekari tryggingaþörf. Þannig getur þú komið í veg fyrir að þú sért vantryggð/ur eða oftryggð/ur.

KB Tekjuvernd auðveldar þér einnig að ákvarða starfslok þín á einfaldan hátt.

**Kannaðu málið!**


Bókaðu fund hjá ráðgjafa á [www.kbbanki.is](http://www.kbbanki.is), í síma **444 7000** eða í næsta útibúi KB banka. Við reiknum út KB Tekjuvernd miðað við þínar aðstæður.

## Dæmi um greiðslur maka- og barnalífeyris vegna andláts



Tryggðu fjölskyldu þinni áframhaldandi tekjur ef þú fellur frá. Skoðaðu hvernig KB Tekjuvernd getur aukið verndina sem þú hefur í dag og veldu þá leið sem hentar þér best.

## Dæmi um greiðslur lífeyris vegna alvarlegrar örorku af völdum slysa eða sjúkdóma



Taktu saman yfirlit yfir þær greiðslur sem þér myndu berast vegna örorku og bættu við þeirri fjárhæð sem þú telur að myndi henta þér með KB Tekjuvernd.



Allar persónutryggingar í KB Tekjuvernd koma frá KB Lífi  
KB Líftryggingar hf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík




KB BANKI



## Svona erum við

ÚTFLUTNINGUR TIL NÍGERÍU ÁRIÐ 2004\*

\*FOB VERÐI Í MILLIÓNUM KRÓNA  
HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

## baksvið

fréttir og fróðleikur

## FBL - GREINING: SAMNINGUR LÆKNAFÉLAGS ÍSLANDS OG TRYGGINGASTOFNUNAR

## Einingakvóti annar ekki eftirspurn

Samningur Læknafélags Íslands og Tryggingastofnunar ríkisins um þátttöku ríkisins í kostnaði sjúklinga sem kaupa þjónustu hjá sjálfstætt starfandi sérfræðilæknum er nú í uppnámi. Ástæðan er sú, að flestar sérfræðigreinar virðast ætla að fullnýta umsaminn einingakvóta, eða fara fram úr honum, sumar verulega. Það þýðir að viðkomandi sérfræðilæknar fá ekki greitt fyrir læknisverk sín nema að litlum hluta. Þeir segja hins vegar að eftirspurn eftir þjónustu þeirra hafi stóruaust og sé nú umtalsvert meiri heldur en framboðið sem samningurinn kveður á um.

## Hvaða kröfur eru gerðar til læknisins?

Sérgræinalæknar eiga að veita þjónustu sína sem jafnast yfir almanaksárið. Miðað skal við að eigi minna en fjórðungur eininga sérgræina verði unninn á síðustu fjórum mánuðum árs-



ins. Þetta ákvæði stuðlar að því að koma í veg fyrir að læknarnir klári einingafjölda sinn áður en árið er á enda. Þá á læknir að gæta þess að tímasetningar pantaðra tíma sjúklinga á stofu standist sem best og gera sjúklingi viðvart í tæka tíð þurfi að breyta viðtalstíma.

## Hver er einingafjöldinn?

Heildareiningafjöldi sem dreifist á sérgræinar á þessu ári er 11.336.000 einingar. Hvert læknisverk er metið á tiltekinn fjölda eininga

eftir því hvers eðlis það er. Hver eining er metin á vissa krónutölu. Einingaverð þessa árs er til að mynda 214 krónur en fer smáhækkandi eftir árum og verður komið upp í 225 krónur árið 2008.

## Ef sumir fara fram úr en aðrir ekki?

Ef sumar sérgræinar fara fram úr einingakvóta en aðrar ekki þá er gripið til svokallaðra straujunar. Það felur í sér að einingafjöldanum er jafnað út, þannig að hinar ónýttu einingar eru jafnaðar út til þeirra lækna sem búnir eru með sinn kvóta eða komnir fram yfir. Með því móti nýtist sá pottur sem er til ráðstöfunar á hverju ári. Ekki er fyriséð að hægt verði að grípa til svona ráðstafana í ár, þar sem langflestar sérgræinar fullnýta kvóta sinn eða fara fram úr honum. Það eru því engar einingar eftir til þess að jafna út að þessu sinni.

## SPURT OG SVARÐ

KVENNAFRÍÐAGURINN



GÍSLI HRAFN ATLASON

## Hættir klukkan tvö

Karlmenn, margir hverjir, láta ekki sitt eftir liggja í kvenfrelsisbaráttunni. Gísli Hrafn Atlason er einn af þeim en hann er í karlahópi Feministafélags Íslands.

**Hvað ætlar þú að gera á morgun?** Ég vinn á leikskóla og þar eru kvenmenn í miklum meirihluta svo ég legg niður vinnu um klukkan tvö eins og kollegar mínir. Þá verð ég að fara og ná í mitt barn á annan leikskóla svo konan geti skundað á Skólavörðuholtið. En svo mæti ég að sjálfsgöðu líka og með barnið.

## Hvaða baráttumál er efst á baugi hjá feministum?

Mér eru ofbeldismálin efst í huga og það hvernig vanvirðing gagnvart konum skín í gegn í lögnum. Þessi vanvirðing kemur einnig fram í viðhorfi of margra og þessu þarf einfaldlega að breyta.

## Hvað er framundan hjá feministafélaginu?

Við ætlum að taka þátt í ofbeldisdögum sem Unifem ætlar að ýta úr vör innan skamms en það er herferð gegn kynbundnu ofbeldi. Svo þarf að undirbúa kjör Nornar ársins en hún er kjörin á þrettándanum. Þessi viðurkenning er veitt þeirri konu sem hefur verið refsað hvað mest fyrir að standa sig en konur lenda oft í því. Í fyrra hlaut reyndar mannréttindaskrifstofan þessi verðlaun en hún fékk óvæga refsingu fyrir að standa sig í stykkinu.

## Mesta bylting veraldarsögunnar

Í dag er búist við því að tugþúsundir kvenna leggi niður störf og skundi háværar niður Skólavörðustíginn og að Ingólfstorgi. Hvergi í heiminum er atvinnuþáttaka kvenna jafn mikil og hér á landi svo búast má við því að allmargir fái að finna á eigin skinni hve vinnuframlag kvenna er mikilvægt.



ÞÓRHILDUR ÞORLEIFSDÓTTIR Þórhildur segir fundinn í dag ekki aðeins vera afmælisfund heldur baráttufund rétt eins og fyrir 30 árum.

Þrjátíu ár eru liðin frá því að konur efndu til samskonar baráttufundar niðri á Lækjartorgi. Þar innan um 25 þúsund aðrar konur var ung og upprennandi kvenréttinda kona, Þórhildur Þorleifsdóttir að nafni, að ganga hugsjóninni á hönd.



## Hugsjónin gerjast

„Það var mikill baráttuandi í loftinu fyrir 30 árum enda var tíðarandinn þannig þá en nú er þetta komið af þessum tilfinningalegu nótum og orðin yfirvegaðri baráttu,“ segir Þórhildur Þorleifsdóttir, leikstjóri og kvennfrelsiskona. „En á þessum tíma var ég að átta mig á því hægt og bitandi að karlakerfin dyggðu ekki og eftir að mér varð það ljóst sagði ég mig úr Alþýðubandalaginu og tók þá ákvörðun að skipta mér ekki af pólitík nema þá til að berjast fyrir kvenréttindahugsjónina.“

Þórhildur var ein þeirra tólf kvenna sem komu kvennaframboðinu á fót fyrir borgarstjórnarkosningarnar 1982 og varð hún þá varaborgarfulltrúi í Reykjavík. Ári síðar varð hún svo varaborgarkona fyrir Kvinnalistanum. Árið 1987, skipaði hún 3. sæti á lista flokksins og komst þá óvænt inn á þing. „Árið 1991 ákvað ég svo að hætta og snúa mér að leikshúsinu, en pólitíkin og leiklistin eru ólæknandi sjúkdómar en ég er víst haldin þeim báðum,“ segir Þórhildur kankvís.

## Kallaðar öllum illum nöfnum

En það var ekki alltaf tekið út með sældinni að vera rauðsokka en svo voru kvenréttindakonur kallaðar hér á árum áður. „Það þótti svo sem ekkert flott að vera rauðsokka en það er alltaf reynt að stimpla þær konur sem láta eitthvað að sér kveða í þessum eignum með einhverjum ónefnum. Því var jafnvel snúið upp á þær að þær ættu svo þátt vegna þess að enginn vildi þær eða eitthvað því um líkt. Mönnum voru hæg heimatökin að koma órði á þær þar sem þeir gátu bara sótt orðin í þau viðhorf sem ríktu til kvenna í samfélaginu. Þessi áratúa hefur nú ekki breyst svo mikið; eru ekki þeir sem mótmæla Kárahnjúkavirkjun komnir með einhver ónefni á sig nú í dag.“



KVENNAFRÍÐAGURINN 1975 Þúsundir kvenna lögðu niður vinnu á þessum degi fyrir þrjátíu árum. Þórhildur segir gríðarlegan baráttuanda hafa legið í loftinu þennan dag.

## Næsta stórverkefni

„En þetta er ekki bara einhver afmælisfundur í dag því þó að margt hafi áunnist eru verkefni næg sem enn þarf að vinna og fundurinn í dag á einnig að

minna okkur á það. Það má segja að kvenfrelsisbyltingin sé mesta bylting veraldarsögunnar því hún kollvarpar kerfi sem varað hefur í árþúsundir. En nú þarf að taka á því hvernig við getum búið sem best að börnum og unglungum sem óneitanlega hafa orðið svölitið útundan við þessar breytingar. Þetta kallar á samfélagslega lausn og gott skref í þá átt væri til dæmis að stytta vinnudaginn svo báðir foreldrar gætu sinnt þörfum barna og unglunga; þá á ég ekki síður við þessar andlegu þarfar. Það væri hins vegar alveg afleitt að varpa allri ábyrgð á konur og segja þeim að fara aftur heim, það er engin lausn.“

Þórhildur stendur í ströngu þessa dagana þar sem hún er nú að leggja lokahönd á uppfærslu leikritsins Lífsins tré sem frumsýnt verður á fimmtudag. „Þegar frumsýning nálgast verður leikstýran svölitið lokuð í eigin heimi en ég ætla samt að brjótast úr honum og skunda niður á Ingólfstorg og kannski að maður slái potta,“ segir hún og hlær.

FRÉTTAVIÐTAL  
JÓN SIGURÐUR EYRÓLFSSON  
jse@frettabladid.is

MasterCard kynnr:

# PASSASALA HEFST 22. OKTÓBER

Sérstök forsala og 20% afsláttur fyrir handfara MasterCard korta 21. október.

Sala fer fram í Skífunni, Laugavegi og á [www.icelandfilmfestival.is](http://www.icelandfilmfestival.is). Passar veita afslátt og forgang og eru í takmörkuðu magni.

## OKTÓBERBÍÓFEST

Í Háskólabíói og Regnboga 26. október - 14. nóvember 2005

icelandfilmfestival.is



# Áfram konur

## Jafnrétti karla og kvenna er réttlætismál

Við sýnum konum sem vinna hjá okkur samstöðu í baráttu fyrir jafnrétti. Sem tákni um hana færum við hverri og einni blómvönd.

Baráttukveðjur



# skoðun

SJÓNARMÍÐ  
KÁRI JÓNASSON

Byltingarkenndar hugmyndir um skógrækt í nágrenni eins virkasta eldfjalls landsins.

## Hekluskógar

Þeir sem aka upp með Þjórsá að austanverðu á móts við Heklu eiga kannski ágæt með að trúa því að þarna verði mesta skógræktarsvæði framtíðarinnar á Íslandi. Svæðið sem um ræðir er vestan við Heklu og á að ná allt suður á Rangárvelli, vestur undir Þjórsá efst í Landsveit, yfir í Þjórsárdal og allt norður að Hrauneyjafossvirkjun. Þetta er hvorki meira né minna en upp undir eitt prósent af flatarmáli landsins alls eða um 90 þúsund hektarar lands. Gert er ráð fyrir að uppgræðslan taki um 30 ár og áætlaður kostnaður í dag er um 6 milljarðar króna, eða um 200 milljónir á ári. Stærstur hluti þessa lands er lítið gróinn og þar er víða mikið sandfok og gróðurrof. Annarsstaðar á svæðinu má sjá blómlegan trjágróður, -aðallega birki.

*Hekluskógar eiga að hafa mikil og góð áhrif á dýralíf, vatnsbúskap, ferðaþjónustu og útivist segja skógræktarsérfræðingar í viðtölum við Fréttablaðið. Þá fellur þetta verkefni vel að alþjóðlegum skuldbindingum Íslendinga varðandi gróðurvernd.*

Fyrir leikmann hljómar það mótsagnakennt í fyrstu að hagkvæmt sé að ráðast í svo umfangsmikla skógrækt í námunda við eitt virkasta eldfjall landsins, en þegar grannt er skoðað kemur annað í ljós. Hugmyndin með Hekluskógum er að endurheimta birkiskóga og kjarr á svæðinu til að vernda það fyrir áföllum vegna gjóskufalls. Skógur, kjarr og mellönd eru einu gróurlendin sem þola gjóskufall að einhverju ráði segja þeir sem hafa rannsakað þessi mál. Á þessum slóðum voru víðáttumikil skóglendi og frjósum vistkerfi áður fyrr og algengt er að gróskumiklir birkiskógar séu í næsta nágrenni við eldfjöll hér á landi.

Hugmyndir um Hekluskóga eru nokkurra ára gamlar, en það var svo í vor að skipaður var samstarfshópur til að vinna að málinu. Aðild að honum eiga bæði landeigendur og skógræktarfélag, Skógræktin og Landgræðslan ásamt fleirum. Þetta eru mjög metnaðarfullar hugmyndir, sem upphaflega voru settar fram af Úlfi Óskarssyni skógræðingi. Samkvæmt þeirri áætlun sem nú er til umræðu varðandi Hekluskóga er gert ráð fyrir að unnið verði að þessu mikla og metnaðarfulla verkefni í nokkrum þrepum. Fyrst er þá að stöðva sandfok og græða upp illa farið land til að bæta skilyrði fyrir trjágróður. Í öðru lagi að gróðursetja birki, gulvíði og loðvíði í sérstaka lund á svæðinu þaðan sem þessar tegundir geta sáð sér á nokkrum áratugum. Þannig er gert ráð fyrir að trjátegundir sem einkennt hafa gróðurfar hér á landi verði fyrst og fremst notaðar og er það vel. Þannig helst eðlileg ásýnd landsins, en það hefur oft viljað brenna við hjá áhugasömum einstaklingum að plantað er trjátegundum sem alls ekki falla að ásýnd þess, en eru kannski fljótsprottnar og veita snemma skjól.

Hekluskógar eiga að hafa mikil og góð áhrif á dýralíf, vatnsbúskap, ferðaþjónustu og útivist segja skógræktarsérfræðingar í viðtölum við Fréttablaðið. Þá fellur þetta verkefni vel að alþjóðlegum skuldbindingum Íslendinga varðandi gróðurvernd.

Hér er sannarlega á ferðinni eftirtektarvert verkefni, sem á eftir að vekja mikla athygli, gangi núverandi áætlanir eftir. Þeir sem stunda skógrækt verða að vera þolinmóðir, því að árangur af skógrækt sést ekki fyrr en eftir mörg ár, og því eru skógræktarmenn ætíð að vinna fyrir komandi kynslóðir.



### Sjónvarpsauglýsingar

Stjórn fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík sendi frá sér áskorun til þáttkenda í prófkjöri fyrir borgarstjórnarkosningar að auglýsa ekki í ljósvakamiðlum. Stjórnin vonast eftir hóflegum kostnaði við baráttuna sem framundan er.

Hugsanlega er orðum aukíð að stjórnmál hafi sent frá sér þessa áskorun, í ljósi þess að þeir eru fáir sem séð hafa þessa áskorun og enginn hefur enn fundist sem kannast við að hafa samið hana.

### Báðir bíða

Gísli Marteinn Baldursson rámaði eitthvað í að mælt hefði verið gegn ljósvakauglýsingum og sagði: „Það

### FRÁ DEGI TIL DAGS

voru einhverjir í fulltrúaráðinu sem voru ekki hlyntir því að nota sjónvarpsauglýsingar.“ Gísli vill bíða og sjá hvað Vilhjálmur ætlar að gera. Vilhjálmur hyggst bíða og sjá hvort Gísli kastar fyrsta steininum. Ef fram heldur sem horfir gætu þeim sem skoruðu á frambjóðendum að auglýsa ekki í sjónvarpi orðið að ósk sinni ef Vilhjálmur og Gísli bíða hvor eftir öðrum fram yfir prófkjör.

### Staksteinar

Sigurður Kári Kristjánsson alþingismaður sagði í sjónvarpsviðtali nýverið að Geir Haarde hefði ekki brotið gegn samkomulagi fjölmiðlanefndar með því að leggja til strangar

takmarkanir á eignarhaldi fjölmiðla.

„Í fyrsta lagi hafa aðstæður á fjölmiðlamarkaðinum dálítið breyst síðan þessi fjölmiðlaskýrsla kom út í vor. Það hefur komið skýrar í ljós eins og til dæmis í skrifum Fréttablaðsins hvaða erinda þeir eru að ganga, hvort sem þeim er skipað að gera það eða ekki,” sagði Sigurður. Þessi skoðun alþingismannsins er í takt við Staksteina Morgunblaðsins fyrir viku. Staksteinaritari lýsti því yfir að skoðun viðmælanda blaðsins sé einnig skoðun blaðsins. Sá telur það þurfi ekki að koma á óvart. Fréttablaðið gangi erinda eigendanna. Þetta sagði í Morgunblaðinu.

saj@frettabladid.is



## Launamisréttið er hneyksli

Það er fróðlegt að lesa aftur kröfurnar sem íslenskar konur sameinuðust um fyrir 30 árum, kvennadaginn mikla 1975. Það þarf ekki lengi að lesa í splunkunýrri bók Hildar Hákonardóttur um þann dag og þá tíma til að sjá að svo sannarlega hefur samfélagið breyst á þessum áratugum. Þótt fordómar séu lifseigir og karlveldið þrálátt.

Eitt er samt eins. Aðalmálið 24. október 1975 er það sama og aðalmálið 24. október 2005: Barátta gegn launamisréttinu, fyrir því einfalda réttlætismáli að konur fái sömu laun og karlar fyrir sömu vinnu.

Víða hefur náðst árangur, til dæmis hjá Reykjavíkurborg undir forystu Ingibjargar Sólrúnar, sem sýnir að veldur hver á heldur í stjórnmálum. Og ekki vantar viljann, eða hvað? Sem betur fer þorir ekki nokkur maður með mönnum öðru en taka undir kröfuna um launajafnrétti.

Oft sýnist manni samt að hinar hástemmdu yfirlýsingar – frá stjórnmálaflokkum, forystumönnum í verkalyðshreyfingunni, og jafnvel frá kvennahreyfingunni sjálfri, að ekki sé minnst á blessaða ríkisstjórnina – skorti um of praktískt innihald. Ég ætla þessvegna að leyfa mér, einmitt þann dag í dag, að leggja til umræðunnar ein fjórtán atriði sem gætu orðið drög að aðgerðaáætlun gegn launamisrétti – til dæmis á næsta kjörtímabili í sveitarstjórn og í ríkisstjórn. Tek strax fram að yðar einlægur er auðvitað ekki höfundur einnar þeirrar ráðagerðar sem hér er drepið á heldur eru þær dregnar saman hvaðanæva, ekki síst úr jafnréttisumræðu innan Samfylkingarinnar – sem meðal annars nýtur þess heiðurs að vera arftaki sjálfs Kvennalistans í íslenskum stjórnmálum.

Kynbundinn launamunur er hneyksli í íslensku nútímasamfélagi. Til að útrýma honum þarf bandalag kvennahreyfingar, stjórnmálaaflla, samtaka launafólks og framsýnna atvinnurekenda. Við þurfum líka fræðimenn og rannsóknarstofnanir, kennara og fjölmiðlafólk, ráðgjafa um almannatengsl og áróður, jafnréttisfyrirmyndir handa ungu fólki, vitringa og sérvitringa, hugsjónafólk og eldhuga.

Verkefnið sem fyrir liggur gerir persónulegar kröfur til hvers einstaklings, um að skoða eigin hug og ryðja burt fordómum – að breyta hugarfari sínu. Verkefnið er líka þjóðarinnar allrar í sameiningu – að breyta samfélaginu.

### Í DAG Á KVENNAFRÍDEGI

### MÖRDUR ÁRNASON



„Nú skiptir allra mestu máli að vinna á launamisréttinu. Þess vegna er hárrétt hjá frumkvöðlum kvennadagsins 2005 að helga 24. október þeirri kröfu.“

Og til að breyta þarf að minnsta kosti þetta:

1. Jafnréttislögin gera nú þegar ráð fyrir jafnréttisáætlunum eða jafnréttissjórnarmíðum í starfsmannastefnu á öllum vinnustöðum með 25 starfsmönnum eða meira. Yfirvöld eiga að ganga eftir að þetta sé gert og láta reglurnar ná til fleiri vinnustaða.
2. Allar upplýsingar um vinnu- markaðinn verði þannig að strax sé hægt að sjá hvað á við um konur og hvað um karla. Þannig hafa menn alltaf góða yfirsýn um stöðu kynjanna í störfum og launum.
3. Það þarf að afnema þá skyldu til launaleyndar sem nú er að breiðast út á íslenskum vinnu- markaði. Hún viðheldur launamun kynjanna. Fyrsta skrefið er að jafnréttisstofa fái heimild til að kanna kjaramálin á hverjum vinnustað og geri athugasemdir, fyrst leyst, svo ljóst, þar sem launamunur er áberandi og virðist kynbundinn.
4. Kærunefnd jafnréttismála geti beitt viðurlögum. Því miður taka sumir bara mark á slíku aðhaldi.
5. Fyrirtæki sem standa sig vel í jafnréttismálum og vinna gegn kynbundnum launamun fái viðurkenningu af opinberri hálfu í samvinnu við kvennahreyfinguna og samtök launafólks.
6. Við eigum að bæta hag barnafjölskyldna, meðal annars með betri barnabótum og gjaldfrjálsum leikskóla. Þannig eiga foreldrar betur kost á að sameina fjöl- skyldulíf og barnaupplýðingarmáttöku beggja í atvinnulífni.
7. Sveigjanlegur vinnutími sé almenn regla alls staðar þar sem það er hægt. Ríki og sveitarfélög sýni gott fordæmi.
8. Starfsmenntun og endurmenntun standi kynjunum jafnt til boða alla ævina. Sérstaklega þarf að huga að námsframboði fyrir ungur

einsteðar mæður. Barnaupplýðing og heimilisstörf mega ekki draga úr menntun kvenna.

9. Jafnréttisstofa á að fá fé til að geta með aðferðum almanna- tengsla tekist á við lífseigar hug- myndir um karla sem fyrirvinnur og konur sem heimilisverur. Það er úrelt viðhorf að karlinn sé „fyrirvinna“ en sú goðsógn á sinn þátt í að viðhalda launamisréttinu.

10. Í stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga verði tekin upp sú regla að í nefndir og starfshópa sé tilnefnt og skipað fólk af báðum kynjum og tryggt sem jafnast hlutfall.

11. Beitt sé jákvæðri mismunur við val í stjórnum og ábyrgðarstöður í opinberri stjórnsýslu. Jafnræði kynja við stjórnun hjá hinu opinbera hvetur til jafnræðis hjá fyrirtækjum og félagasamtökum. Íhuga lagasetningu um lágmark kvenna í stjórn meðal- og störfyfirtækja.

12. Sérhver ríkisstjórn og sveitarstjórnarmeirihluti semji sér tímasetta framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum með tölulegum markmiðum.

13. Gætum þess, með löggjöf, stuðningi og menntunarförum, að ekki skapist á Íslandi nýr kynbundinn láglaunahópur kvenna af erlendum uppruna.

14. Tökum jafnréttismálin úr félagsmálaráðuneytinu og færum þau til forsætisráðherra. Þar með er þeim gefið sérstakt vægi í stjórnerfinu og í íslenskum stjórnmálum. Þetta var einmitt ein af tillögum Samfylkingarinnar í jafnréttismálum í síðustu kosningum.

Með áherslum af þessu tagi væri hægt að sameinast um framkvæmdaáætlun sem spennandi lagavið og réttar, félags- og efnalegar aðstæður, hugarfar og siðvenjur. Og við eigum að setja upp tímaáætlun. Til dæmis einn áratug.

Dagur Sameinuðu þjóðanna kvennaárið 1975 markaði þáttaskil í jafnréttisbaráttunni á Íslandi. Við eigum frumkvöðlum kvennadagsins þá – ekki síst rauðsokkunum flottu! – mikið að þakka. Vonandi öðlast dagurinn í dag svipað gildi fyrir jafnréttisbaráttu okkar tíma. Þar skiptir allra mestu máli að vinna á launamisréttinu. Þessvegna er hárrétt hjá frumkvöðlum kvennadagsins 2005 að helga 24. október þeirri kröfu. Til hamingju með daginn, kærur systur og aðrir jafnréttis- sinnar – baráttukvæðjur.

Höfundur er þingmaður Reykvik- ingsa

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI  
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinn Stefánsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSIÐI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visiris.UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Isafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ísnn 1670-3871



Lokadagar  
Notaðir bílar á tilboðsverði

# Altt að 2,000,000 í afslátt

Opið virka daga kl. 9-18 og laugardaga kl. 12-16

Tökum notaðan  
uppi notaðan



Volkswagen • Daihatsu • Citroën • Renault • Kia • Volvo • Ford • Nissan • Toyota • BMW • Mitsubishi  
Þú finnur rétta bílinn hjá Brimborg - ekki missa af honum - komdu strax!

Smelltu þér á netið: [www.brimborg.is](http://www.brimborg.is).  
Þar er að finna öfluga leitarvél fyrir  
notaða bíla og fleiri ótrúleg tilboð.

Þú kaupir í dag.  
Komdu í Brimborg.



Öruggur staður til að vera á



CHRISTIAN DIOR (1905-1957) LÉST  
PENNAN DAG

„Draumur minn er að bjarga  
konum frá náttúrunni.“

CHRISTIAN DIOR VAR ÁHRIFARÍKUR  
FRANSKUR TÍSKUHÖNNUÐUR.



# tímamót

tímamot@frettabladid.is

## ANDLÁT

**Einar Pétursson** rafvirkjameistari, Laufbrekku 14, Kópavogi, lést á heimili sínu fimmtudaginn 20. október.

**Guðbjörg M. Franklinsdóttir** frá Litla Fjarðarhorni í Kollafirði, Strandasýslu, lést á Heilbrigðisstofnun Siglufjarðar fimmtudaginn 20. október.

## JARÐARFARIR

11.00 **Aðalheiður Þorsteinsdóttir**, verður jarðsöngin frá Bústaðakirkju.

13.00 **Ingibjörg Kristjánsdóttir**, áður til heimilis í Akurgerði 3, Reykjavík, verður jarðsöngin frá Bústaðakirkju.

13.00 **Ingvaldur Jónatansdóttir**, verður jarðsöngin frá Fossvogskapelli.

## FÆDDUST PENNAN DAG



1900 Preston Foster leikari



1904 Moss Hart, leikstjóri og leikskáld



## AFMÆLI



Ottarr Möller, fyrrverandi forstjóri er 87 ára



Kristinn Snæland leigubilstjóri er 70 ára í dag. Hann verður að heiman.



F. Murray Abraham leikari er 66 ára



Kevin Kline leikari er 58 ára



Magnús Jónsson leikari er 40 ára

**Þegar andlát ber að**

Síðastliðin 15 ár höfum við teygjar aðstoðað við undirbúning útfara. Aðliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110, 893 8638 og 897 3020

Útfararþjónustan ehf. Stofnað 1990

**LEGSTEINAR**

S. HELGASON

Skemmuvegi 48

S: 557 6677

www.steinsmidjan.is

Fróðleikur af gardur.is

Þjóðskáld og hugsjónarmaður:

**Þorsteinn Erlingsson**

Þorsteinn Erlingsson var fæddur í Stóru-Mörk undir Eyjafjöllum 27. sept. 1858, sonur Erlings Pálssonar og k.h. Þóru Jónsdóttur; ólst upp í Hlíðarendakoti. 'Uppgötvandur' 18 ára af 2 þjóðskáldum og komið til mennta. Stúd. úr Rvíkurskóla 1883. Við laganám í Hafnarhásk. 4 ár, m.m.; vann við tímakennslu o.fl. Ritslj. Bjarka á Seyðisf. 1896-1900 og Arnfirðings á Bíldudal 1901-3. Skráði þjóðsögur. Þjóð við kröpp kjör í Rvík og lézt 28. sept. 1914. Orti fyrst í rómatískum anda, m.a. vinsæl söngvaljód, s.s. "Nú blika við sólarlag ..." Tók svo stefnu á raunsæi. Átti rætur í kveðskap alþjóðskálda og í ádeiluljóðum Byrons. Deildi á misskiptingu, hlífði ekki yfirstéttum og kennivaldi. Ljóðmæli hans Þýmar (1897) vöktu mikla athygli, einnig 'Eiðurinn', um frægan eið og forboðnar ástir. "Nú máttu hægt um heiminn líða, svo hverju brjósti verði rótt, / og svæfa allt við barminn blíða, / þú bjarta, heiða júlínótt," segir þar. Tók rómatíska afstöðu í fossamálinu, gegn því að nota þá til iðnaðar. Ádeilukvæðin reittu suma til reiði; fleiri hrifust með. Áhrif hans voru víðtæk í skáldskap sem þjóðmálum. Rit m.a.: Þýmar, Ruins of the Saga Time, Isl. sögur og sagnir, Eiðurinn, Málleysingjar, Sagnir Jakobs gamla, Litli dýravinurinn, Þjóðsögur PE, Rit I-III. F.k.h. var dönsk. S.k.h. (1901): Guðrún J. Erlings (1878-1960). B.þ.: Svanhildur og Erlingur lækni.

Meira um hann á gardur.is

Hægt er að setja inn auðveldig líttina Íslendingja með því að hringja í síma 585 2700 eða á gardur.is

## PETTA GERÐIST > 24. OKTÓBER 1945

### Sameinuðu þjóðirnar verða til

Á þessum degi árið 1945 urðu Sameinuðu þjóðirnar formlega til við hátiðlega athöfn í Washington. 29 þjóðir staðfestu stofnskrá Sameinuðu þjóðanna sem fimmtíu þjóðir höfðu undirritað þann 26. júní sama ár á undirbúningsráðstefnu í San Fransískó.

Eitt af meginmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna kemur fram í inngangsorðum sáttmálans en það er: „Að bjarga komandi kynslóðum undan hörmungum ófriðar, sem tvisvar á ævi vorri hefur leitt ósegjanlegar þjáningar yfir mannkynið“.

Dagur Sameinuðu þjóðanna er haldinn hátiðlegur þann 24. október á hverju ári. Samtökin hafa stækkað gríðarlega á þessum sextíu árum og eru nú 191 ríki aðili að þeim. Fjöldi aðildarþjóða óx gríðarlega eftir fall Sovétríkjanna og þegar nýlendur fengu sjálfstæði. Vatíkanið og Taívan standa enn utan við Sameinuðu þjóðirnar. Aðalstöðvar Sameinuðu þjóðanna voru byggðar árið 1952 og eru í New York í Bandaríkjunum.



SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR

Íslendingar fengu aðild að Sameinuðu þjóðunum þann 19. nóvember 1946 en ári síðar varð Thor Thors sendiherra skipaður fyrsti fastafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum.

## MERKISATBURÐIR

1901 Kona fer niður Niagarafossa í tunnu og lifir af.

1939 Nælonsokkar eru boðnir til sölu í fyrsta sinn í Bandaríkjunum.

1944 Kanadíski tundurspillirinn Skeena strandar við Víðey. Fimmtán skipverjar fórust og 198 var bjargað.

1975 Sjónvarpsútsendingar í lit hefjast hér á landi.

1987 Sykurmolarnir eru á forsiðum tveggja virtustu tónlistarblaða í Bretlandi.

2000 Íslenskur maður sem hvarf í Bandaríkjunum tólf árum áður kemur til landsins. Hann hafði verið talinn af og tekinn af þjóðskrá.

2003 Concorde-þotu er flogið í síðasta sinn sem farþegaflugvél.

## KONUR LÖGÐU NIÐUR STÖRF OG KRÖFÐUST JAFNRÉTTIS:

# Konurnar komu í Vísi til að sjá karlinn vinna

„Konurnar tvær sem unnu hérna með mér löbbuðu út. Ég vissi það fyrirfram og mér fannst það bara gott hjá þeim,“ segir Þórir kaupmaður Sigurbjörnsson í Vísi á Laugavegi 1, þegar hann rifjar upp kvennafrídaginn 24. október 1975.

Sama var uppi á teningnum í næstu verslunum, alls staðar gengu konurnar út og eftir sátu karlarnir. „Ég man að Sveinn Björnsson, skókaupmaður og forystumaður í íþróttahreyfingunni, kom í skóbúðina sína hér við hliðina á mér til afgreiðslustarfa svo ekki þyrfti að loka en hann var annars ekki mikið í búðinni.“

Þórir hafði fylgst með baráttu rauðsokkureyfangarinnar fyrir jafnrétti kynjanna en hún hafði látið mikið í sér heyra. „Mér fannst þessar konur hafa margt til síns máls. Til að ná eyrum fólks þarf að kveða sterkt að orði og mér fannst þær gera það alveg passlega.“

Sjálfur fór hann heim í hádeginu eins og algengt var í þá daga en ferðin í vinnuna aftur var torsótt. „Alls staðar var allt fullt af konum. Ég man að strætisvagnarnir, sem þá gengu niður Laugaveg, voru allir troðfullir af konum og börnum og það var ótrúlegur samhljómur sem barna kom fram.“

Ekki mæddi mikið á Þóri á meðan á baráttufundinum á Lækjartorgi stóð enda dofnadi yfir allri verslun á meðan. Ösin var hins vegar þeim mun meiri þegar fundinum lauk. „Hér fylltist allt af konum sem keyptu kannski eitthvað smáræði en komu hingað aðallega til að sjá að hér var aðeins einn karlmaður við störf. Þær höfðu gaman af því,“ segir hann og hlær.

Þóri finnst eftirminnilegt hve uppveðraðar konur voru eftir fundinn mikla á Lækjartorgi. „Það fylgdi þessu mikil stemning og ég fann eftir á að konunum fannst þær hafa unnið mikinn sigur. Þær fundu að þær gátu



HORFT ÚT Fyrir 30 árum fylgdist Þórir Sigurbjörnsson kaupmaður með konunum streyma niður Laugavegin. Í dag ætlar hann að gera það sama. FRÉTTABLAÐIÐ / HARI

nád þessari samstöðu og það var þeim mikils virði. Hann nefnir sérstaklega hve ánægðar konurnar voru sem unnu í Vísi. „Þær voru mjög ánægðar að hafa farið og tekið þátt

í þessu.“ Nú vinnur ein stúlka í Vísi og eins og fyrir 30 árum veit Þórir að hún mun ganga út eftir hádegi. Og eins og þá finnst honum það gott hjá henni.

## FYRSTA STARFIÐ: GUÐMUNDUR G. GUNNARSSON BÆJARSTJÓRI ÁLFTANESS

# Fékk tvö lömb á reikning

„Fyrsta starfið sem ég fékk borgað fyrir var þegar ég var níu ára í sveit í Skagafirði,“ segir Guðmundur G. Gunnarsson, bæjarstjóri á Álftanesi sem tók við því starfi í ágúst síðastliðnum. Guðmundur er borinn og barnfæddur Reykvíkingur og segir ómetanlegt að hafa fengið að fara í sveit sem ungur drengur.


Ekki voru launin há á þessum tíma. „Það var nú mest ánægjan þó það hafi verið um tvö lömb á reikningnum í kaupfélaginu um haustið,“ segir Guðmundur og hlær. „Ég var svo

heppinn að það voru engar vélar á bænum þar sem ég var og allt unnið með hestum og slíkum tækjum þannig að lífsreynslan var mun dýpri en kannski var á öðrum bæjum á þessum tíma þar sem nútíminn var kominn í gang,“ segir Guðmundur, en túnin voru slegin og rökuð með handafli og kýrnar sömuleiðis mjólkaðar í höndunum. Guðmundur fór í sömu sveit í fjögur sumur. „Þetta var óhemju mikil reynsla og ég bý að henni alla ævi,“ segir hann glaðlega.



GUÐMUNDUR GUNNARSSON bæjarstjóri Álftaness.





# Stimplum misréttið út!

Í dag leggja konur niður störf til að vekja athygli á mikilvægi vinnuframlags kvenna og hvetja til umræðu og umhugsunar um stöðu kvenna í samfélaginu. Jafnrétti kynjanna er viðfangsefni okkar allra.

Launamunur kynjanna sýnir að konur eru ekki metnar að verðleikum á vinnumarkaði. ASÍ hvetur alla landsmenn, konur jafnt sem karla, til að taka þátt í kvennafrídeginum 2005. Mismunun vegna kynferðis er tímaskekkja sem enginn atvinnurekandi getur verið þekktur fyrir.



ALÞYÐUSAMBAND ÍSLANDS



Keramík fyrir alla

## Vinnustaðir



Komið í hádeginu og málið bollana fyrir vinnustaðinn.

**Tilboð**  
Bolli og matur kr.1990

Keramík fyrir alla  
sími 552 2882, Laugavegi 48b.  
Sjá lýsingu: www.keramik.is



www.hlutverk.is

## TRYGGJUM ÖLLUM HLUTVERK!

Samtök um vinnu- og verkþjálfun

### STUÐ MILLI STRÍÐA myndin af hundinum hennar mömmu

FREYR GÍGJA GUNNARSSON GERÐI TILRAUN Í REYKJAVÍK.



Undanfarna mánuði hefur ákveðinn banki rekið auglýsingaherferð um persónuleg debetkort. Þar hefur rómantíkin svifið yfir vötnum en fólkíð í auglýsingunum nýtir sér óspart persónuleg áhugamál hins aðilans til að komast í nánari kynni við hann. Sætir hundar, fótbolli eða roktónlist, skiptir ekki máli, bragðið heppnast fullkomlega. Vandamál mitt er hins vegar að sá banki sem ég skipti við býður ekki upp á þessa þjónustu. Ég get því ekki flaggað debetkorti með áhugamálum mínum framan í stelpur.

Þannig að ég tók mig til í „tilraunaskyni“ og ákvað að í staðinn fyrir kortið gæti ég beitt símanum.

Þeir eru orðnir það tæknilegir að nú er hægt að taka myndir með þeim og vista þær sem skjámyndir. Ég fór því heim til mömmu og pabba, fann hana Fríðu, sem er lítil snoppufríð tók af cavalier-kyni og smeltti mynd af henni. Skömmu síðar var hún komin á skjá símans míns. Reyndar hálf aumingjaleg enda víst ekkert sérstakleg vel við portrait-myndatökur. Skipti engu enda gat hún vel fórnað þessu litla andartaki í þágu tilraunarinnar sem skiptir auðvitað höfuðmáli. Þá er hún líka einstaklega sæt þannig að fýlusvipurinn kom ekki að sök. Ég gat bara logið því að svona væri Fríða þegar hún saknaði mín.

Með myndina af sorgmædda hundinum hélt ég bjartsýnn út á næturlíf Reykjavíkur, sannfærður um að róm-

antíkin væri á næsta leyti. Eftir að hafa þrætt nokkra skemmtistaði rakst ég á laglega snót sem mér fannst tilvalinn þáttakandi í „tilrauninni“. Ég setti símann á barborðið og sá til þess að hún sæi örugglega myndina. Hún gaf sig á tal við mig. „Sætur hundur,“ sagði hún og ég kinkaði kalli. „Hvað er hann gamall?“ spurði stúlkan og ég gerði mig líklegan til að bjóða dömunni upp á léttan drykk. „Tja, ég veit það ekki, svona þriggja,“ svaraði ég. „Veistu ekki hvað hundurinn þinn er gamall?“ spurði hún og málrómurinn varð eilítið höstugur. „Þetta er hundurinn hennar mömmu,“ sagði ég og á því augnabliki gerði ég mér grein fyrir því að mynd af gítar eða einhverju allt öðru hefði vafalaust verið sniðugri.

# DV

## Nályktin leiddi lögreglu að líki



*Þeirir þegar aðrir þegja!*

### myndasögur

#### ■ Pondus

Eftir Frode Overli



#### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



#### ■ Pú og pa

Eftir SÖB



#### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



#### ■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



#### ■ Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

5	3	9	1	6	7	8	4	2
8	1	7	5	4	2	3	6	9
4	2	6	9	8	3	1	5	7
1	7	3	2	9	5	4	8	6
6	8	2	3	1	4	9	7	5
9	4	5	6	7	8	2	3	1
3	6	1	4	5	9	7	2	8
2	5	8	7	3	1	6	9	4
7	9	4	8	2	6	5	1	3

			9	8		2	3	
3	9		7	4			1	
1		7				9		
				1			6	9
6	7		8		2		4	3
5	1			9				
		5				8		6
	2			7	4		9	5
6	3		2	8				





Sólarupprás Hádegi Sólarlag  
 Reykjavík 8.45 13.12 17.37  
 Akureyri 8.37 12.57 17.14  
 Heimild: Almanak Háskólans

hús o.fl.

Persónuleg veggskreyting bls. 2  
 Upplýst hús bls. 4

fasteignir o.fl.

Gömlu verslunarmiðstöðvarnar bls. 8  
 Verðlaunatillaga um háskólatorg bls. 18

# allt - fasteignir

FRÉTTABLAÐIÐ

ER ÞÍN EIGN AUGLÝST HÉR?

MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS

Góðan dag!

Í dag er mánudagurinn 24. október, 297. dagur ársins 2005.

FASTEIGNASÖLUR

Árborgir	16
Ás	32-34
Bifröst	11
Draumahús	23-27
Eignastýring	29
Fasteignastofan	14
FF	20
FM	22
FMG	22
FMH	18
Foss	9
Fyrirtækjasala Ísl.	15
Hof	13
Hóll	30
Hraunhamar	38-39
Húseign	28
Húsalind	19
Kjöreign	8
Klettur	6-7
Lundur	36
Lyngvík	12
Neteign	21
Nýtt	10
Smárin	35
Valhöll	17
X-hús	31



Úr borðstofu er gengið út á svalir. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

## Falleg fjögurra herbergja íbúð við sjávarsíðuna

Fasteignasalan Bifröst hefur nú til sölu fjögurra herbergja íbúð í góðu ástandi á skemmtilegum stað.

Í Njörvasundi 20 er til sölu afar falleg hundrað og fimm fermetra fjögurra herbergja íbúð á fyrstu hæð með sérinngangi. Komíð er inn í aflokaða, flísalagða forstofu með sérinngangi en þaðan er gengið inn í hol. Úr holinu liggja leiðir til allra átta; inn í stofu, borðstofu, eldhúsi, baðherbergi og herbergi. Eldhúsið er rúmgott með fulningainnréttingu og borðkrók. Stofan og borðstofan eru samliggjandi en hægt er að nýta borðstofuna sem herbergi ef vill. Úr borðstofunni er gengið út á svalir og af þeim er stutt út í garð. Baðherbergið er

stórt og rúmgott, flísalagt í hólf og gólf, og þar er bæði sturta og baðkar. Úr forstofunni er einnig gengið niður í kjallara þar sem má finna þvottahús og geymslu.

Íbúðin var töluvert endurnýjuð fyrir tæpum tíu árum en þá var skipt um gólfefni, innréttingar, hurðir og glugga. Einnig var dren lagt í kringum húsið og rafmagnið endurnýjað að hluta. Húsið er nýmálað og þakrennur nýlegar. Parket er á öllum gólfum nema í forstofu og baðherbergi. Byggingarleyfi er fyrir bílskúr og búíð er að samþykkja teikningar af honum.

Húsið er tvíbýlishús úr steini, byggt árið 1956.

Ásett verð er 25,6 milljónir.

## LIGGUR Í LOFTINU FASTEIGNIR

Ný skólabygging Korpuskóla verður tekin formlega í notkun í dag klukkan 16. Steinunn Valdís Óskarsdóttir, borgarstjóri mun ávarpa nemendur og aðra gesti við hátíðlega athöfn. Skólahúsið var hannað af teiknistofunni Arkís ehf. og rúmar um 170 nemendur. Skólastarfstofu hefst í húsinu 24. október.



Meðalupphæð kaupsamninga um fasteignir sem þinglýst var við embætti sýslumanna á höfuðborgarsvæðinu var 23,5 milljónir króna á þriðja ársfjórðungi þessa árs. Alls voru samningarnir 2.397 og heildarupphæð veltu var

56,3 milljarðar króna. Fasteignamat ríkisins hefur lokið endurmati fasteigna í dreifbýli og á jaðarsvæðum í Mosfellsbæ og tekur nýtt fasteignamat gildi 1. desember.

SMÁAUGLÝSINGAR  
SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ  
SMÁAUGLÝSINGAR  
Á [visir.is](http://visir.is)



Íbúðalán

4,15%

Kynntu þér kostina við íbúðalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á [fasteignathjonusta@landsbanki.is](mailto:fasteignathjonusta@landsbanki.is)



Landsbankinn  
Banki allra landsmanna

410 4000 | [landsbanki.is](http://landsbanki.is)





**Haustkransar**

geta verið falleg skreyting á útidyrhurðir. Það fer samt hver að verða síðastur að setja upp haustkrans því fljótlega fara jólakransarnir að taka við.



**AMERÍSKIR  
GLUGGAHLERAR**

*glæsileg lausn*  
FYRIR ÍSLENSKA GLUGGA

www.gluggahlerar.is | ameriskir@gluggahlerar.is | Sími: 555 4755 | Gsm: 892 4756

**ÍBÚÐARHÚS - FRÍSTUNDAHÚS**  
BYGGD ÚR NORSKUM KJÖRVIDI - NÁTTÚRUVÆN FÚAVÖRN

Re Hús Grensasvegi 22. Sími 511 5550. Vefang. www.rchus.is



Hver og einn getur látið hugmyndarflugjóð ráða för við gerð skapalónsins.



Fjölbreytt skapalón gera manni kleift að búa til persónuleg tré.

# Persónuleg og einföld skreyting máluð á vegg

*Í þættinum Veggfóðri í kvöld mun Vala kíkja í heimsókn til Guðlaugar Halldórsdóttur eða Gullu í Má Mí Mó sem lumar á mörgum einföldum og skemmtilegum lausnum.*

Vala segir að ástæðan fyrir heimsókninni sé sú að Gulla komi alltaf með skemmtilegar hugmyndir. „Það sem er best við hugmyndir hennar er að hver og einn getur framkvæmt þær heima hjá sér og þær eru einfaldar og mjög ódýrar,“ segir Vala. Það sem Gulla ætlar að kynna fyrir áhorfendum í kvöld er sniðug lausn til þess að setja persónulegan blæ á heimilið. Um er að ræða mörg mismunandi skapalón sem notuð eru til að gera kirsuberjatré á vegg eða aðra sléttu fleti.

„Maður ræður því sjálfur hvernig tréð er í laginu. Það er byggt upp í smá þörtum og því hægt að ráða lögun og stærð trésins. Hver og einn getur haft eins margar greinar og lauf eins og mögulegt er. Þess vegna verða engin tvö tré eins,“ segir Gulla. Hægt er að nota alls kyns skapalón, til dæmis margar gerðir greina og stöngla, fiðrildi, fugla og fleira.

Til verksins þarf aðeins þessi skapalón, venjulega vatnsmálningu og lítinn svamp með frekar sléttu yfirborði. Hönnunar- og lífstílsþátturinn Veggfóður verður á dagskrá sjónvarpsstöðvarinnar Sírkus í kvöld klukkan 21.00 og þar verður hægt að fylgjast betur með framkvæmdinni.



**VEGGFÓÐUR**

Vala og Gulla við vegginn skemmtilega með sæta kirsuberjatrénu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**GLÓFAXI HF.**  
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

**BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR**

- Hurðir til á lager
- Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir
- Öryggishurðir

**S.Ó. Garðverk**  
Reykjanesbæ

Fagmennska í fyrirrúmi  
PALLASMÍÐI, HELLULÖGN,  
TRAKTORSGRAFA, MINI-VÉL OG  
VÖRUBÍLL MEÐ KRABBA

Sigurður Ólafsson  
S: 822 3650

Glæsilegt úrval  
**Sisal og Kókos gólfteppa**

Heimilisgólfdukar  
Tilboðsverð  
frá kr. 900 á m<sup>2</sup>

Teppamottur  
40% afsláttur

Teppi horn í horn

Stigateppi  
Níðsterk og létt í þrifum

Gerum  
tilboð að  
kostnaðar-  
lausu

**GÓLFBÚNAÐUR**  
KJARAN EHF. • SÍÐUMÚLI 14 • 108 REYKJAVÍK  
SÍMAR 510 5510 • 510 5500  
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 8 - 18.

**Rýmingsala**  
Allt á 50% afsláttur  
þrúttu og náðu verðinu  
enn frekar núna

**IL TUCANO**

**Lífstílsverslun**  
í miðbænum

Sérverslun með húsgögn og gjafavöru

Tryggvagata 11, 101 Reykjavík

Sími: 534 6100





Helga með hjartakoddann sinn og höfrungamynd í bakgrunni.

## Leikkonuljós og höfrungapema

Helga Braga fékk Völu Matt í heimsókn og í kjölfarið var ýmsu breytt í íbúðinni. Helga leggur áherslu á litina í kringum sig en hún vill hafa þá djúpa.

Íbúðin hennar Helgu Brögu hefur sannarlega tekið stakkaskiptum síðustu mánuði. Vala Matt kom í heimsókn og í kjölfarið varð mikil umbreyting. „Við settum upp gluggatjöld en það voru engin í íbúðinni. Síðan komu ný ljós og frændi minn málaði ólífugrænan einn vegginn. Veggurinn er mjög fallegur og passar vel við kirsu-berjahúsgögnin sem fyrir voru.“ Þar að auki var baðherberginu hennar Helgu gjörbreytt. „Smiðurinn setti leikkonuljós yfir spegilinn og rosalega flottan, hán

skáp fyrir snyrtivörurnar mínar sem náttúrulega flæddu um allt.“ Helga Braga flutti í núverandi íbúð fyrir einu og hálfu ári og segir hana hafa verið í fínasta standi. „Ég setti bara mitt mark á hana. Stíllinn hjá mér er nútímalægur en hlýlegur. Það sem skiptir mestu eru litirnir sem ég vel í kringum mig en ég vil hafa þá djúpa. Ég er til dæmis með rosalega mikið í djúprauðu og síðan er leðursófasettið mitt koniáskilitt.“

Fleira er áberandi í íbúð Helgu Brögu en litirnir. Hún er nefnilega með höfrungapema alls staðar. „Það eru höfrungamyndir og höfrungar út um allt. Ég keypti til dæmis ofsalega fallega höfrungamottu í Delphi í Grikklandi. Hún er risastór og þrýðir eldhúsgólfíð mitt eins og það leggur sig,“ segir Helga Braga leikkona.



### RÁÐ frá Rakel

RAKEL ÁRNADÓTTIR SEGIR FRÁ SÉRKENNILEGRI UPPFINNINGU.

## Silfurljón og turnar


Áhugamenn um silfurborðbúnað vita að það getur verið erfitt að meta gæði silfurs sem fæst á mörkuðum eða í antikverslunum. Flestir þekkja grunnflokkin í gegnheit silfur og silfurhúðað. Silfurhúðað skýrir sig sjálf. Málið er snúnara þegar um gegnheit silfur er að ræða. Grunnreglan er að borðbúnaður úr silfri er aldrei hreint silfur í gegn. Blanda þarf silfur með harðari málum, oftast kopar, svo áhöldin verði ekki of mjúk til að þola almenna notkun. Á meginlandi Evrópu má finna hluti merkta 800 eða 900 sem þýðir hlutfall hreins silfurs af 1000 einingum. Sumt gamalt fransk silfur er meira að segja allt að 950 að hreinleika. Í flestum ríkjum eru til stimplalög er skylda silfursmiði

til að merkja framleiðslu sína hreinleika- og upprunastimpli. Það sem kallað er sterlingsilfur er bresk/bandarískur silfurstaðall sem gefur til kynna 925/1000 hreins silfurs. Í Bretlandi tákna stimpill með standandi ljóni sem snýr til vinstri (lion passant) 92.5% sterling staðal. Síðan koma fleiri merki eða bókstafir sem tákna ártalið og uppruna hlutarins: Hlébarðahaus tákna að hluturinn hafi verið smíðaður í London, akkeri í Birmingham og kóróna merki Sheffield.

Í Danmörku kváðu stimpillög frá 1893 á um að silfurstaðallinn skyldi vera 826/1000. Hann var notaður til 1915 er silfursmiðir hækkuðu silfurinnihaldið í 830 og loks í 925. Fram til ársins 1961 var

stimpill með þremur turnum notaður til að auðkenna danskt silfur. Eftir 1961 var einfaldlega stimplað 830s eða 925s á silfrið. Tveir turnar þýða hins vegar að hluturinn sé silfurhúðaður.

Eins og flestum er kunnugt fellur á silfur er það kemst í samband við súrefni. Gamalt húsráð við að fægja silfur er að leggja álpappír í botninn á vaski eða fati og raða áhöldunum á pappírinn (ekki stafila). Hellið heitu soðnu vatni yfir (ekki hitaveituvatni) svo fljóti yfir. Hnifar með álimdu silfurskafti ættu þó ekki að liggja í bleyti svo vatn komist ekki inn í skaftið. Stráið um 3 msk. af matarsóða í vatnið. Látið bíða í 5-10 mínútur. Skolið vel og þurrkið.



1831 / TAKTÍK 11.3.05

Láttu þér líða vel með **ALNO**



**PANORAMA**

ELDHÚS • TÆKI • STIGAR • BAÐ • FATASKÁPAR

... miðstöð innréttinga

Síðumúla 30 • 108 Reykjavík

S. 553 6400 • f. 553 6403 • panorama@panorama.is • www.panorama.is

**OPÍÐ**  
Virka daga kl. 10 - 18  
Laugardaga kl. 11 - 14

## Heimilislán SPK

- þú færð betri kjör hjá okkur

Þú getur notað lánið til að kaupa eða endurnýja allt sem tengist heimilinu, s.s. sófasett, þvottavél, sjónvarp, parket, ísskáp o.fl.

Sparisjóður Kópavogs

Hlíðasmára 19 • Digranesvegi 10 • Select við Smáralind  
Sími: 515 1950 • Fax: 515 1909 • www.spk.is • spk@spk.is



- lægri vextir
- afsláttur af lántökugjaldi
- enginn auka kostnaður við uppgreiðslu
- ekki skilyrði að vera viðskiptavinur hjá SPK



**GÍTARINN**  
HEJÓDFÆRAVERSLUN

Opíð:  
Mán-Fös: 10-18  
Lau: 11-18

**Þjóðlagagítar**  
Kr. 12.900,-  
+DVD Kennslumyndband

**Rafmagnsgítar**  
Kr. 22.900,-  
10 W Magnaf, Póki, Ók, Gnára, Gítarnogi  
Sólitaði, DVD Kennslumyndband

**MAPEX Trommusett**  
Frá kr. 43.900,-

**Klassískur Gítar**  
Kr. 10.900,-  
Póki, Sólitaði, Auka Stremmasett

Stórhöfða 27 • Sími: 552-2125 • www.gitarinn.is • gitarinn@gitarinn.is




**Hreinlætistækja**  
...dagar í október



**HÚSASMÍÐJAN**  
...ekkert mál

**GLUGGI TIL FRAMTÍÐAR**  
ÞÚ VILT FALLEGA VIÐHALDSFRÍA GLUGGA



**+** engin málningavinna  
hvorki fúí né ryð  
frábær hita og hljóðeinangrun  
fallegt útlit  
margir opunarmöguleikar  
örugg vind og vatnsþétting

**pgv**  
PLASTGLUGGAVERKSMÍÐJAN

PGV í Hafnarfirði  
framleiðir hágæða  
viðhaldsfría PVC-u glugga  
á sambærilegu verði og glugga  
sem þarfnast stöðugs viðhalds

plastgluggaverksmiðjan ehf. | bæjarhrauni 6 | 220 hafnafjörður | sími: 564 6080 | fax: 564 6081 | www.pgv.is



Huggulegt er að lýsa upp hús í skammdeginu.

## Lýsing skreytir hús

Þegar vetur gengur í garð verður meira um að fólk lýsi hús sín upp að utan. Fólk notar fleiri ljós og víðar en áður.

Nú er kominn sá árstími sem fólk finnur hvað mest fyrir myrkri og drunga og þá getur verið notalegt að hafa hús sín upplýst. Ólafur Lúðvíksson hjá Ljósi og orku segir að fólk taki við sér á haustin og þá sé mest um að það fái sér lýsingu utanhúss. „Breyting hefur verið á þessu síðustu ár. Fólk notar fleiri lampa og lýsir upp víðar en bara við innganginn, það er að lýsa upp garðana og öll hús.“ Hagkvæmast er að nýta sparperurnar og því er mest um að fólk kaupi sér lampa sem taki slíkar þerur. Ólafur segir allan gang vera á staðsetningu lampanna. „Sumir setja staura út í



garðinn, aðrir fella lýsinguna inn í þakkanta, veggj eða stéttar.“ Nú er um að gera að skella sér út

og festa upp nokkrar ljóstýrur hér og þar, það minnkar drunga og léttir lund.





# Breyttar og bættar verslanir

Verslanir HörpuSjafnar heita nú Flüggerlitir. Verslanirnar hafa verið endurnýjaðar og ýmislegt spennandi er á boðstólum.

Flüggerlitir er nýtt nafn á verslunum þeim sem áður voru nefndar HarpaSjöfn. Samhliða nafnbreytingunni hefur útliti verslananna verið breytt. „Breytingarnar eru liður í því ferli að færa verslanirnar nær því sem þekktist hjá Flügger-keðjunni erlendis,“ segir Vigfús Gíslason sölustjóri. Flügger keypti sem kunnugt er Hörpu-

Sjöfn síðasta vetur.

Flügger rekur 400-500 verslanir í Danmörku og víðar. Með nafnbreytingunni hér á landi er endanlega búið að tengja verslanirnar hér við þessa stóru keðju.

„Vöruúrvalið hjá okkur hefur



Verslanirnar hafa tekið stakkaskiptum.

aukist með eigendaskiptunum,“ segir Vigfús. „Við erum til dæmis farin að selja veggfóður auk þess sem við seljum nú öll verkfæri sem þarf til þess að mála.“

Málningarverksmiðjan sem rekin var undir merkjum HörpuSjafnar er enn starfandi þrátt fyrir allar breytingarnar. Þar verður áfram framleidd málning sem íslenskir neytendur þekkja mætavel eins og Hörpusilki.

Verslanirnar Flüggerlitir standa fyrir skemmtilegri getraun í tilefni breytinganna. Fyrstu verðlaun eru ekki af verri endanum, málning að verðmæti 200.000 kr. og máleri til að mála fyrir þig.



Vigfús Gíslason sölustjóri Flügger t.v. og Holger Sæe Jensen framkvæmdastjóri.

**GLUGGA LAUSNIR**

**Hafðu samband og við komum heim til þín**

**Vandað, einfalt og ódýrt**

Blinds **534 1300**

[www.gluggalausnir.is](http://www.gluggalausnir.is)

Þú verður bara líka...

Sturtuklefar og baðker í úrvali!

**Ótrúleg verð!!!!**

Nuddsturtuklefar frá **95.000:-**

**sturta.is**

[www.sturta.is](http://www.sturta.is)

**allan sólarhringinn!**

Reykjavíkurvegur 64,  
220 Hafnarfjörður. Sími: 565-5566


Öll viðgerða/varahluta og uppsetningaþjónusta fyrir hendi

# Mjúkir dagar...



## Sængin sem breytir öllu!

Nýjar dúnsængur með byltingakenndu efni sem heitir Outlast®. Efnið var upphaflega þróað fyrir búninga geimfara NASA, geimvísindastofnunar Bandaríkjanna, og veitir einstaka hitajöfnun yfir nóttina. Þegar líkaminn hitnar undir sænginni draga þúsundir Thermocules® (hitafrumur) í sig umframhitann og viðhalda þar með réttu hitastigi undir sænginni. Þegar líkamshiti lækkar síðan aftur, eftir að maður sofnar, losar sængin hitann aftur til baka til líkamans. Þetta ferli tryggir að sama, rétta, hitastigið helst allan írman sem þú ert undir sænginni. Sængin er fyllt með 100% hreinum hvítum gæsadún frá Síberíu þar sem frost fer í -50°C.



## 15% afsláttur af vörum úr mjúku deildinni



Tempur Original



Tempur Classic



Tempur Millennium



Tempur Junior



Yfir 30.000 lækningar, sjúkraþjálfarar og kiropraktorar um heim allan mæla með Tempur. Tempur heilsudýnnur og koddar tryggja náttúrulega stöðu hryggjarsúlunnar í hvaða svefnstillingu sem er og valda minnstu álagi á vöðva og taugar.



**TEMPUR PEDIC**  
Heilsunnar vegna

**allt  
bílar**

Alla laugardaga

AUGLÝSINGASÍMI

**550 5000**

FRÉTTABLAÐIÐ

**Betra  
BAK**

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477  
[betrabak@betrabak.is](mailto:betrabak@betrabak.is) • [www.betrabak.is](http://www.betrabak.is)  
Opð virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16



## KLETTUR

### FASTEIGNASALA

SKEIFAN 11 REYKJAVÍK  
SÍMI 534 5400 FAX 534



Sigurður Hálfred Skúlaþor



Váðar Óðason Skúlaþor



Þórunn G. Svavarsdóttir Pósthjörg Ó. Amadóttir Skúlaþor



Katrín Ólafsson Skúlaþor



Katrín Ólafsson Skúlaþor

www.klettur.is

### FOLDASMÁRI - SMÁRAHVERFI - KÓPAVOGUR



Vorum að taka í sölu glæsilegt og vel staðsett 195 fm raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr, falllegur og gróinn suðurgarður, sólpaular, hlaðið útgirli, opið svæði sunnan húss. Gólfefni á íbúð, Merbau parket og flisar, góður frágangur á öllu. Virkilega áhugavert eign. Ásett verð: 45,4 millj.

### GLÆSILEGAR FULLBÚNAR ÍBÚÐIR VIÐ ÁLFKONUHVARF 33-37 VIÐ ELLIDAVATN Í KÓPAVOGI



Hér er um að ræða 94-99 fm íbúðir á öllum hæðum hússins. Íbúðunum verður skilað fullbúnum án gólfefna, þó er flísalaagt á þvottahúsi og baði. Með hverri íbúð fylgir staði í bilageymslu. Íbúðirnar eru til afhendingar í nóv/des 2005. Ásett verð er frá 20,5 millj. Möguleiki er að fá íbúðirnar lengra komnar með öllum gólfefnum, lýsingu í loftum frá Lumex, gluggatjöldum frá Nútíma, og heimilis-tækjum frá Heimilistækjum. **Nánari upplýsingar er hægt að fá hjá sölumönnum Kletts fasteignasölu.**

### ÓSKA EFTIR EIGNUM

ERUM MEÐ ÁKVEÐNA KAUPENDUR AÐ EFTIRTÖLDUM EIGNUM ÚR VIRKUM KAUPANDALISTA OKKAR. Í MÖRGUM TILFELNUM ER UM AÐ RÆÐA STAÐGREIÐSLU OG LANGAN AFHENDINGARTÍMA.

- ✓ Erum að leita að 4-5 herbergja íbúð í bókkunum fyrir ákveðna kaupendur!!
- ✓ Eign óskast í hverfi 101 helst um 100 fm + góð geymsla eða bílskúr, möguleiki á skipti á góðu raðhúsi í grafarholti.
Heldur fyrirlestur um verk sín í Listaháskólanum.

MYND/BERGLIND BJÖRNSDÓTTIR



## HVAD? HVENÆR? HVAR?

OKTÓBER

21 22 23 24 25 26 28

### Mánudagur

#### TÓNLEIKAR

**18.00** Lögín af hljómplötunni **Afram stelpur** verða flutt í heild á tvennum tónleikum í Iðnó þrjátíu árum síðar. Áfram stelpur 2005 skipa **Aðalheiður Þorsteinsdóttir** pianóleikari ásamt leik- og söngkonunum **Brynhildi Björnsdóttur, Elínu McKay, Esther Jökulsdóttur, Kötlu Margrét Porgeirsdóttur og Margrétu Pétursdóttur.**

**20.30** Lögín af hljómplötunni **Afram stelpur** verða flutt í heild á tvennum tónleikum í Iðnó þrjátíu árum síðar. Áfram stelpur 2005 skipa **Aðalheiður Þorsteinsdóttir** pianóleikari ásamt leik- og söngkonunum **Brynhildi Björnsdóttur, Elínu McKay, Esther Jökulsdóttur, Kötlu**

Margrét Porgeirsdóttur og Margrétu Pétursdóttur.

#### FYRIRLESTRAR

**12.30** Katrín Elvarsdóttir ljósmyndari flytur fyrirlestur um eigin verk í Listaháskólanum í Laugarnesi, stofu 024.

**16.30** Guðfræðingurinn **Jon Stewart** heldur fyrirlestur á Heimspekitorgi Háskólans á Akureyri um gagnrýni Kirkegaards á fjarveru siðfræðinnar í heimspékikerfi Hegels. Stofa L203 í Sólborg.


#### FUNDIR

**20.30** "Barnaheilsa og uppeldi barna í nútímapjöðfélagi" er yfirskrift fræðslukvölds um barnaheilsu, sem haldið verður í Ingunnarskóla í Grafarholti.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á [hvar@frettabladid.is](mailto:hvar@frettabladid.is) ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

## NÝJAR BÆKUR


**B**ókaútgáfan Bjartur hefur sent frá sér bókina *Goðsagnir í aldanna rás* eftir Karen Armstrong. Höfundurinn rekur þar sögu goðsagnanna frá fornsteinöld fram að lokum miðalda. Þetta er inngangsrít í nýrri ritöð með endursögnum á þekktum goðsögnum. Þýðandi er Ingunn Ásdisardóttir.



**P**enelópukviða nefnist ný bók eftir Margaret Atwood sem komin er út hjá Bjarti í þýðingu Sigrúnar Á. Eiríksdóttur. Atwood endursegir þar söguna af Penelópu, eiginkonu Ódysseifs, sem sagt er frá í Ódysseískviðu Hömers,




**L**eynlandið eftir Jane Johnson er komin út hjá Bókaútgáfunni Æskunni. Í bókinni segir frá heimsókn Bens Arnolds í gæludýrabúðina þar sem talandi köttur vísar honum leiðina til leynilegs töfralands.



**M**ál og menning hefur sent frá sér bókina *Leyndarmál Húna litla* eftir Guido van Genechten. Bókin er hugljúft framhald bókarinnar *Af því mér þykir svo vænt um þig.*



**R**egn-boginn nefnist ný bók eftir Ragnheiði Gestsdóttur sem nú er komin út hjá Máli og menningu. Í þessari myndskreyttu sögu leiðir Ragnheiður börnin inn í töfraheim lítanna.



# Burt með launamisréttið!

**Þingflokkur Samfylkingarinnar telur það launamisrétti sem viðgengst í íslensku samfélagi með öllu ólíðandi. Baráttan fyrir jafnrétti og kvenfrelsi er órjúfanlegur hluti jafnaðarstefnunnar. Við höfum verk að vinna!**

## Við viljum:

... minna á að krafa um jafnrétti er krafa um samfélag þar sem allir njóta jafna tækifæra óháð kyni, efnahag, uppruna, kynhneigð eða stöðu að öðru leyti.

... setja jafnrétti í forgang í stjórnkerfinu og flétta jafnréttis-sjónarmið inn í alla stefnumótun og ákvarðanatöku innan stjórnsýslunnar.

... ráðast í samstillt átak ríkisvaldsins og aðila vinnumarkaðarins til að útrýma launamun kynjanna og auka hlut kvenna í stjórnkerfinu og við stjórnun fyrirtækja. Til þess þarf raunhæfa aðgerðaáætlun.

... að farið verði reglulega yfir launamál hjá hinu opinbera til að útrýma þar launamisrétti og að yfirmenn stofnana verði látnir bera ábyrgð á því til jafns við aðrar skyldur.


... afnema þá skyldu til launaleyndar sem nú tíðkast æ meira á vinnumarkaðnum, þannig að hverjum starfsmanni sé frjálst að segja frá kjörum sínum. Þá er sjálfsagt að hægt sé að ganga að skiptingu launatekna einstakra hópa eftir kynjum. Launaleyndin er eitt af því sem viðheldur launamun kynjanna.

... að jafnréttismálin heyri undir forsætisráðherra. Það er mikilvægt skref til að tryggja þeim verðugan sess í stjórnmalunum.

**Nú þegar 30 ár eru liðin frá kvennafrídeginum 24. október 1975 er ennþá mikið verk fyrir höndum í jafnréttismálum. Þingflokkur Samfylkingarinnar lýsir fullum stuðningi við kröfur dagsins og sendir íslenskum konum og öllum jafnréttissinum hamingjuóskir og baráttukveðjur. Launamisrétti er ekki náttúrulegmál heldur mannanna verk. Því er hægt að útrýma ef viljinn er fyrir hendi.**

## Þingflokkur Samfylkingarinnar

Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Einar Már Sigurðarson, Guðrún Ögmundsdóttir, Helgi Hjörvar, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jóhann Ársælsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Gunnarsson, Katrín Júlíusdóttir, Kristján L. Möller, Lüðvík Bergvinsson, Margrét Frimannsdóttir, Möður Árnason, Rannveig Guðmundsdóttir, Valdimar Leó Friðriksson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Össur Skarphéðinsson



**Samfylkingin**

**allt ferðir**

Alla miðvikudaga og laugardaga



# Vildi ráða öllu sjálf

Söngkonan Svala Björgvinsdóttir gefur í dag út sína aðra sólóplötu sem ber heitið Bird of Freedom. Síðasta plata hennar The Real Me seldist í um það bil 7-8000 eintökum hér á landi sem er finn árangur, sérstaklega þegar um fyrstu plötu er að ræða.

Lítið hefur farið fyrir Svölu á tónlistarsviðinu undanfarin ár eftir að hún reyndi fyrir sér í Bandaríkjunum, þar sem hlutirnir fóru ekki eins og vonir stóðu til. Hún segir að nýja platan hafi verið í tvö ár í smíðum með hléum. „Þetta gekk rosalega vel og var mjög gaman,“ segir Svala. „Ég tók mér algjörlega minn tíma í þetta og vildi ekki vera að flýta mér neitt.“

Svala fékk til liðs við sig einvala lið tónlistarmanna við gerð

plötunnar, þar á meðal tvo Breta, Friðrik Karlsson, bróður sinn Krumma og pabba sinn Björgvin Halldórsson, sem stjórnaði upptökum. „Mig langaði mikið að fá að ráða sjálf hvernig platan yrði unnin. Ég get verið ógeðsleg frekja og vil ráða öllu og það er erfitt að vinna svoleiðis með fólki sem maður hefur ekki unnið með áður,“ segir hún.

Svala segist ekkert vera með hugann um að ná frama í útlöndum. „Ég ætla bara að láta það ráðast. Ég hef aldrei stefnt á frægð og frama erlendis en ef maður fær tækifæri þá tekur maður það. Þetta er eins og að fá vinnu erlendis, það er bónus ef það býðst.“

Hvað varðar áhrifavalda segist

Svala hlusta mikið á eldri popp- og rokktonlist. „Ég hlusta mikið á Bruce Springsteen. Síðan hlusta ég líka á Fleetwood Mac, The Eagles, Kenny Loggins og Doobie Brothers. Ég er alin upp við svona tónlist og finnst hún mjög góð. Af þessu nýja hlusta ég helst á John Meyer og Ryan Adams.“

Útgáfutónleikar vegna plötunnar eru fyrirhugaðir í nóvember eða desember en fyrst ætlar Svala að safna saman í hljómsveit, helst þeim hljóðfæraleikurum sem spiluðu með henni á plötunni.

**SVALA** Söngkonan Svala Björgvinsdóttir er að gefa út sína aðra plötu. MYND/VALLI



**ÁNÆGÐIR MEÐ STYTTUNA** Nokkrir af aðalleikurum myndarinnar mættu í Smárabíó til að sjá loksins heimildarmyndina um knattspyrnulíðið sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Africa United forsýnd

Það var loksins komið að því. Heimildarmyndin Africa United kom heim á fimmtudaginn og héldu aðstandendur myndarinnar forsýningu í Smárabíó. Myndin var síðan frumsýnd í gær. Kvikmyndin hefur gert það gott á hátíðum út um allan heim og var meðal annars sú mynd er hlaut mesta aðsókn á Yamagata-hátíð-

inni í Japan. Þá tók hún einnig þátt í Nordisk Panorama og svona mætti lengi telja. Myndin segir frá Zico sem setur saman fótboltalið eftir að hafa orðið gjaldþrota. Á ýmsu gengur í samskiptum leikmanna enda koma þeir úr ólíkum áttum. Þátttaka þeirra í þriðju deild Íslandsmóts karla verður umfram allt söguleg.



**SPENNTIR** Óli Magnús og Zlatko bíða í eftirvæntingu eftir að sjá heimildarmyndina Africa United.



**LÝSINGIN FÉKK FRÍ** Íþróttafréttamaðurinn Arnar Björnsson og þjálfari Africa United, Zico, voru spenntir fyrir forsýningunni.



**ÞRENNINGIN BAK VIÐ MYNDINA** Peir Ólafur Jóhannesson, Ragnar Santos og Benedikt Jóhannesson eru loksins komnir heim með myndina, en hún hefur verið á stöðugu ferðalagi á árinu.

CSI

mán  
kl. 22

Einstök úrræðasníll við lausn glæpa!  
**Á mánudögum!**





**1.73GHz**  
örgjörvi

**1 GB**  
minni

**100 GB**  
harðdiskur

**128 MB**  
skjákort



**BATTLEFIELD 2**

**acer**

**VL15**  
Vaxtalaust í 15 mánuði  
**9.993**

# ÓTRÚLEGT TILBOÐ

## ACER 1692WLMi Á VAXTALAUSU TILBOÐI

www.tolvulistinn.is

### INTEL DOTHAN 2MB

Allra nýjasti örgjörvin frá Intel með 533MHz FSB, Enhanced SpeedStep tækni og 2MB flýtiminni



### 15,4" CRYSTALBRITE

15,4" WideScreen skjár með nýrri CrystalBrite tækni sem skilar ótrúlegri dýpt og skerpu



### 8xDVD ± SKRIFARI

Vandaður 8xDVD Dual Layer Slot Load geislaskrifari sem les og skrifar DVD og venjulega CD



### 128MB ATI X700

Eitt nýjasta skjá kortið frá ATI sem gengur á PCI-Express sem skilar sér í meiri afkastagetu og flottari grafík



### TENGINGAR

Hlaðin öllum helstu tengjum FireWire, 3xUSB2, Infrared, VGA, TV-út, PCMCIA, kortalesara ofl.



### ÞYNGD OG RAFHLAÐA

Acer Aspire fartölvan er 2.95Kg og með rafhlöðu sem endist í allt að 3.5 tíma



### Örgjörvi

1.73GHz Pentium M Dothan740

### Minni

Intel 915PM Express 533FSB-2MB cache

### Harðdiskur

1GB Dual DDR2 533MHz

### Skrifari

Einfalt að stækka minnið

### Skjár

100 GB Ultra ATA harðdiskur

### Skjákort

Nóg pláss fyrir gögn og leiki

### Hátalarar

8xDVD ± RW Dual Layer skrifari

### Netkort

Skrifar DVD diska og CD-RW

### Þráðlaust

15.4" WXGA breiðjaldsskjár

### Stýrikerfi

Breiðjaldsskjár með CrystalBrite

### Annað

128MB ATI Radeon X700

# VERÐ 149.900



Vaxtalaust tilboð er miðað við 15 mánaða jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 3,5% stimpil og lántökugjald bætist við heildarupphæðina sem verður þá samtals kr. 155.169 og dreifist jafnt yfir samningstímann.

**TÖLVULISTINN**  
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

**REYKJAVÍK**  
Nóatúni 17  
Sími 562 6730

**AKUREYRI**  
Glerárgötu 36  
Sími 464 7400

**KEFLAVÍK**  
Hafnargötu 90  
Sími 534 7400

VISA OG EURO ÞARÞEYRSUR TIL ALLT AÐ 36 MÁNAÐA • ÖLL VEROG OG UPPFYLINGAR BIRTI MEÐ FERRARAUM UM BRETINGAR OG PRENTVILLUR





### Heyrst hefur...

... að Björgólfur Takefusa muni skrifa undir samning við KR-inga í dag, en eins og Fréttablaðið greindi frá í síðustu viku ákváðu Björgólfur og Fylkir að slíta samstarfi sínu. Björgólfur er annar leikmaðurinn sem KR fær til sín á stuttum tíma en hinn er Skagamaðurinn Gunnlaugur Jónsson.

# sport

sport@frettabladid.is

ÓVÆNT UPPÁKOMA Í AFMÆLISVEISLU SNORRA STEINS: ÁTTI AÐ FÁ STÆRÐARINNAR KÖKU.

## Misheppnaður bakstur Loga og Ásgeirs

Fyrir viku átti handboltakappinn Snorri Steinn Guðjónsson 24 ára afmæli en hann leikur með Minden í Þýskalandi. Logi Geirsson, leikmaður Lemgo, ákváð ásamt Ásgeiri Erni Hallgrímssyni að koma Snorra á óvart og baka fyrir hann afmælisköku en hvorugur þeirra hafði nokkurn tíma bakað eitt né neitt. Logi segir frá þessu á heimasíðu sinni: „Ásgeir fékk þá hugmynd að hringja í frænku sína sem bakaði vist einhvern tím-



ann verulega góða tertu fyrir brúðkaup frænda þeirra. Við fengum uppskriftina og fórum beint í búðina,” segir Logi en þeir félagar bökuðu síðan risastóra þriggja hæða köku. Eftir það uppgötvar Ásgeir að hann hringdi í ranga frænku en þrátt fyrir það leit kakan vist ansi vel út. „Við ætluðum að koma honum og kærustunni svo mikið á óvart að við ákváðum að taka kökuna ekki strax úr bílnum. Snorri stökk inn í símann og þá náðum við í kökuna. Ásgeir missteig sig síðan á einhverri hellu, datt til hliðar og önnur hendin á honum endaði á miðri rjómatertunni. Eina sem

kakan nýttist í var að ég tók lófaylli af henni og dúndraði í fésíð á Ásgeiri sem lá þarna og var reyndar alveg að drepast í löppinni. Það var nú samt allt í góðu gert og hlógum við næstum allt afmælið af þessu atriði,” segir Logi á heimasíðu sinni.

Snorri bauð upp á pylsur og eftir það gátu gestir fengið sér köku sem unnusta hans bakaði. „Afmælið tókst frábærlega og reyndar voru undir lokin hátt í 50 manns búin að líta við á drenginn en það er önnur saga, við fórum sáttir heim og Snorri mun væntanlega ekki gleyma þessum afmælisdegi í bráð,” segir Logi en þess má geta Snorri skoraði tíu mörk fyrir Minden daginn fyrir afmælisveisluna þegar lið hans tapaði 36-41 fyrir Lemgo.

### > Við vorkennum...

... íslenska landsliðsmanninum Gunnari Heiðari Þorvaldssyni, sem fær engan gullskó þótt hann hafi verið markahæsti leikmaður sænsku úrvalsdeildarinnar í ár. „Þetta er náttúrulega bara fátíðlegt,” sagði Gunnar Heiðar í léttum tón við Fréttablaðið í gær, en í Svíþjóð er engin formlega verðlaun veitt fyrir markakóngstítillinn eins og tíðkast í flestum öðrum deildum Evrópu. Gunnar Heiðar getur þó leitað huggunar hjá gullskónum sem hann fékk fyrir að vera markahæsti leikmaður Landsbankadeildarinnar í fyrra.



## HEILDSÖLU LAGERSALA

Frábært úrval af góðum vörum

Barna og fullorðins fatnaður.

50-90% afslætti.

Golffatnaður, útivistarfatnaður, skíða og snjóbrettafatnaður, einnig mikið úrval af skóm.

Útivistarjakki  
Fótboltaskór  
Brettajakkar  
Hlaupajakkar  
Úlpur

áður 29.990- Nú 11.900-  
áður 12.990- Nú 4.900-  
áður 17.900- Nú 7.900-  
áður 8.990- Nú 3.990-  
áður 14.990- Nú 5.990-

Opíð eingöngu

Fimmtudag 20. Oktob. 14:00 til 20:00  
Föstudag 21. Oktob. 14:00 til 20:00  
Laugardag 22. Oktob. 10:00 til 18:00  
Sunnudag 23. Oktob. 11:00 til 18:00  
Mánudag 24. Oktob. 14:00 til 20:00

ZO ON  
ICELAND

is it  
ZO

be ZO



Nýbýlavegi 18 (Dalbrekku megin) Kópavogi

Safamýrarpiltar að fara að fá þjálfara:

## Ásgeir Elíasson ræðir við stjórn Fram í dag

**FÓTBOLTI** Í dag mun Ásgeir Elíasson ræða við stjórn Fram um að taka að sér þjálfun félagsins. Ásgeir var staddur erlendis í frí og tafði það viðræður.

„Ég talaði við framkvæmdastjóra Fram rétt áður en ég fór út og þar var sú ákvörðun tekin

að halda viðræðum áfram eftir að ég kæmi heim,” sagði Ásgeir sem þjálfaði síðast Þrótt en hætti með liðið í sumar eftir slakan árangur liðsins í Landsbankadeildinni.

Ásgeir segir að það sé vilji beggja aðila að ná samningum. „Mér líst vel á Fram, ég var hjá félaginu í langan tíma,” sagði Ásgeir sem segir nokkur félög hafa haft samband við sig og vilja að ræða málin síðan hann hætti hjá Þrótti. „Ég ýtti þeim frá mér því ég var ekki tilbúinn til viðræðna fyrr en núna um miðjan mánuðinn. Fram er eina félagið sem ég er í viðræðum við núna,” sagði Ásgeir.

**ÚR LAUGARDALNUM Í SAFAMÝRINA** Ásgeir Elíasson náði frábærum árangri með Fram á sínum tíma og vonast forráðamenn liðsins eftir því að hann endurtaki leikinn nú. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



HYUNDAI - RENAULT - BMW - LAND ROVER

## Sama hvernig það lítur út

fáðu kaupaukann beint í veskið

\*Frí ábyrgðar- og kaskótrygging í 1 ár. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

**Bensínkort með 50 þúsund króna inneign og frí ábyrgðar- og kaskótrygging\* fylgir nú öllum nýjum bílum frá B&L.** Ef þú ert í bílahugleiðingum, fáðu þér nýjan og glæsilegan Hyundai, Renault, Land Rover eða BMW með kaupauka sem þú færð beint í veskið, að verðmæti allt að 140 þúsund krónur. Komdu við hjá okkur. **Við erum með bílinn handa þér.**



Með bílinn handa þér

FÁÐU BEINT Í VESKIÐ  
**50.000 KR.**  
**BENSÍNINNEIGN**  
**FRÍ ÁBYRGÐAR- OG KASKÓTRYGGING\***

VÖRÐUR



LÝSING



HYUNDAI  
hefur gæðin



RENAULT



BMW



LAND-ROVER  
GO BEYOND™

B&L - GRJÓTHÁLSI 1 - 110 REYKJAVÍK - 575 1200 - WWW.BL.IS

OPÍÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 10 TIL 18 OG LAUGARDAGA FRÁ KL. 12 TIL 16.





GRÉTAR STEINSSON Skoraði gott mark fyrir AZ Alkmar í gær og er búinn að stimpla sig rækilega inn í liðið að undanförunu. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÖL

## Grétar að stimpla sig inn í lið AZ

Grétar Rafn Steinsson lék sinn annan leik í röð í byrjunarliði AZ Alkmar í gær og þakkaði traustið með því að skora síðasta mark liðsins í stórsigri.

**FÓTBOLTI** Landsliðsmaðurinn Grétar Rafn Steinsson lék allan leikinn fyrir lið sitt AZ Alkmaar gegn Willem II í hollensku úrvalsdeildinni gær og skoraði hann síðasta mark liðsins í 5-1 sigri. „Þetta var mjög einfalt mark, hreinn skalli eftir hornsþyrnu. En það skiptir ekki máli hvernig mörkin eru, það er alltaf gaman að skora þau,“ sagði Grétar í samtali við Fréttablaðið í gær.

Þetta var annar leikurinn í röð þar sem Grétar spilar allan leikinn fyrir AZ eftir að hafa þurft að sætta sig við að vera mestmegnis á varamannabekknunum eftir að hann kom til liðsins frá Young Boys í sumar. Grétar lék í Evrópuleik liðsins gegn Dnipro á fimmtudaginn og svo virðist sem hann sé að stimpla sig inn í lið AZ, sem er í 2. sæti hollensku úrvalsdeildarinnar - einu stigi á eftir toppliði PSV.

„Það tekur alltaf smá tíma að aðlagast en mér finnst ég hafa staðið mig vel í þau skipti sem ég hef komið inn á. Ég er í mjög góðu standi og þarna fékk ég tækifæri í byrjunarliðinu sem ég ætlaði að nýta mér,“ segir Grétar en bætir því við að AZ sé hörkulið þar sem mikil samkeppni sé um hverja einustu stöðu. „Við erum með það gott lið að við gerum klárlega tilkall til

toppsætisins. En þarna eru gríðarlega sterk lið á borð við Ajax, PSV og Feyenoord og það er mikið eftir af mótinu. En það gengur vel í augnablikinu og það er vonandi að það haldi áfram.“

Hinn kunnir Louis van Gaal, fyrrum stjóri Barcelona og hollenska landsliðsins, er við stjórnvölinn hjá AZ og segist Grétar kunna vel við hann. „Hann er skemmtilegur og algjör nagli - svipuð týpa og Óli Þórðar,“ segir Grétar og hlær. „Hann virkar kannski afslappaður á hliðarlínunni en þegar hann vill láta heyra í sér þá er það lítið vandamál fyrir hann.“

Van Gaal hefur verið að láta Grétar spila hægri bakvörð í þessum síðustu tveimur leikjum og segir Grétar að hann sé fyrst og fremst hugsaður í þeirri stöðu. „Þeir sjá mig líka sem miðvörð eða djúpan miðjumann en svo framarlega sem ég fæ að spila, þá er ég ánægður,“ segir Grétar sem líkar vistin vel í Hollandi það sem af er.

„Það er mjög gott að vera hér og þetta er eiginlega bara svipað og Ísland. Þar að auki er ég í mjög góðu liði og er að fá að spila. Þannig get ég ekki annað en bætt mig sem fótboltamaður og út á það gengur þetta.“

Valur Fannar Gíslason, fyrirliði Fylkis:

## Líklega áfram í Árbænum

**FÓTBOLTI** Valur Fannar Gíslason, fyrirliði Fylkis, segir að góðar líkur séu á því að hann verði áfram í Árbænum en hefur þó ekki tekið endanlega ákvörðun um það.

Samningur hans er að renna út og orðrómur hefur verið uppi um að hann vilji breyta til. Hann hefur hann m.a. verið orðaður við nýlið-



VALUR FANNAR GÍSLASON Á í viðræðum við Fylki um að fá nýjan samning hjá félaginu.

ana í Breiðablik. „Æfingar hjá Fylki eru að byrja núna í vikunni og ég mun mæta á þær eins og aðrir leikmenn. Ég er enn samningsbundinn Fylki og verð það til áramóta allavega. Svo verður bara að koma í ljós hvað verður, ég er bara ekki búinn að taka ákvörðun um það ennþá,“ sagði Valur Fannar en hann segist ekki vera í viðræðum við nein önnur lið.

„Ég hef bara rætt við Fylkis menn og það er allt í fínun málum. Ég tel alveg mjög góðar líkur á því að ég verði áfram hjá Fylki,“ sagði Valur sem ólst upp á Eskifirði en hefur einnig leikið með Fram. Þá var hann á sínum tíma í herbúðum Arsenal á Englandi og Strömsgodset í Noregi. Hann á fjölmarga landsleiki að baki fyrir yngri landslið Íslands og þá hefur hann leikið þrjá A-landsleiki.

Leifur Garðarsson mun stjórna Fylkisliðinu næsta sumar en fyrir stuttu skrifuðu nokkrir lykilmenn liðsins undir nýjan samning, þar á meðal Helgi Valur Danielsson sem var sterklega orðaður við FH.

-egm



# Í dag, eftir kl. 14.08, veitum við ekki eins góða þjónustu og venjulega - í nafni jafnréttis.

Í dag eru 30 ár liðin frá því að íslenskar konur sýndu styrk sinn á eftirminnilegum baráttufundi. Rannsóknir leiða í ljós að jafnréttisbaráttan á enn nokkuð í land og því grípa konur nú aftur til aðgerða.

Við sýnum málstað kvenna skilning, óskum þeim innilega til hamingju með daginn og sendum þeim baráttukveðjur. Óhjákvæmilega mun þetta bitna á þjónustu okkar seinni partinn í dag.

**Í tilefni dagsins bjóðum við konum í síðdegiskaffi við höfuðstöðvar TM í Aðalstræti.**

Áfram stelpur!

## Kvennafrídagurinn

TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN - þegar mest á reynir.



Konur munu leggja niður störf í dag kl. 14.08 og safnast saman á Skólavörðuholti. Kl. 15.00 verður farið í kröfugöngu niður Skólavörðustíg og sameinast á baráttufundi á Ingólfstorgi sem hefst kl. 16.00.



## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

NEWCASTLE-SUNDERLAND	3-2
1-0 Shola Ameobi (33.), 1-1 Liam Lawrence (35.), 2-1 Shola Ameobi (37.), 2-2 Stephen Elliott (41.), 3-2 Belozoblu Emre (63.).	
BOLTON-WBA	2-0
1-0 Hidetoshi Nakata (81.), 2-0 Kevin Nolan (90.).	
WEST HAM-MIDDLESBROUGH	2-1
1-0 Teddy Sheringham (66.), 2-0 Chris Riggott, sjálfsm. (74.), 2-1 Frank Queudrue (87.).	
EVERTON-CHELSEA	1-1
1-0 James Beattie, víti (37.), 1-1 Frank Lampard (50.).	

Eiður Smári Guðjohnsen kom inn á í lið Chelsea á 58. mínútu leiksins.

## STADAN:

CHELSEA	10	9	1	0	24-4	28
CHARLTON	9	6	0	2	14-8	19
TOTTENHAM	10	5	3	1	12-6	19
WIGAN	9	6	1	2	10-5	19
MAN.UTD	9	5	3	1	12-6	18
MAN. CITY	10	5	2	3	11-8	17
BOLTON	10	5	2	3	12-11	17
ARSENAL	9	5	1	3	12-6	16
WEST HAM	9	4	3	1	13-6	15
BLACKB.	10	4	2	4	9-10	14
N'CASTLE	10	3	3	4	8-10	12
MIDDLESB.	10	3	3	4	11-14	12
LIVERPOOL	8	2	4	2	5-8	10
FULHAM	10	2	3	5	10-14	9
ASTON V.	10	2	3	5	9-16	9
WBA	10	2	2	6	9-18	8
PORTSM.	10	1	4	5	7-12	7
BIRMINGHAM	10	1	3	6	7-15	6
SUNDERL.	10	1	2	7	9-17	5
EVERTON	9	1	1	7	2-12	4

## Ítalska knattspyrnan:

CHIEVO-CAGLIARI	2-1
LECCE-JUVENTUS	0-3
AC MILAN-PALERMO	2-1
UDINESE-INTER	0-1
SAMDORIA-SIENA	3-3
TREVISO-EMPOLI	12

## Botnliðið stöðvaði Chelsea

Topplið Chelsea náði aðeins 1-1 jafntefli gegn Everton á útivelli í ensku úrvalsdeildinni í gær og tapaði þar með fyrstu stigum sínum á tímabilinu.

**FÓTBOLTI** „Ég er á því að dómarnir hafi rænt stigunum þremur af okkur. Við skoruðum tvö mörk en annað var ranglega dæmt af okkur,“ sagði Jose Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea eftir að liðið tapaði sínum fyrstu stigum í ensku úrvalsdeildinni á þessu tímabili. Það var botnlið Everton sem gerði 1-1 jafntefli við Englandsmeistarana á heimavelli sínum í gær en Everton hefur aðeins unnið einn leik í deildinni og hafði aðeins skorað eitt mark fyrir leikinn.

„Við stjórnuðum leiknum og vorum mun betri allan tímann. Við spiluðum frábærlega í seinni hálfleik,“ sagði Mourinho en mark sem Didier Drogba skoraði í seinni hálfleik var dæmt af vegna rangstöðu. „Aðstoðardómarnir áttu að láta sóknarliðið njóta vafans en það gerði hann ekki. Ég get samt ekki annað en hrósað Everton, leikmenn liðsins gáfu allt í leikinn og börðust af krafti alveg frá fyrstu mínútu,“ sagði Mourinho.

James Beattie kom Everton yfir í leiknum með marki úr vítaspynu sem dæmd var eftir brot Shauns Wright-Phillip. Það var síðan Frank Lampard sem skoraði jöfnunarmarkið. Eiður Smári Guðjohnsen kom inn sem varamaður í seinni hálfleik en það var einmitt hann sem var dæmdur rangstæð-



ANNAD MARK EVERTON Mark Everton í gær var aðeins annað mark liðsins á leiktíðinni en það gerði James Beattie með gríðarlega öruggum hætti úr vítaspynu.

ur þegar Drogba náði að koma boltanum í netið. „Við börðumst vel og sýndum mikið hungur gegn firnasterku fótballiði. Ég er ósammála Mourinho í því að markið hjá Drogba hefði átt að standa, Eiður hafði klárlega áhrif á leikinn. Nú þurfum við bara að fara að hala inn stigum og toga okkur upp töfluna,“ sagði David Moyes, knattspyrnustjóri Chelsea.

Þrjár aðrir leikir fóru fram í ensku úrvalsdeildinni í gær. Stórleikur Chris Kirkland dugði skammt fyrir West Bromwich

Albion sem tapaði 2-0 fyrir Bolton, Hidetoshi Nakata og Kevin Nolan skoruðu mörkin seint í leiknum. Emre skoraði sigurmark Newcastle sem vann 3-2 sigur á Sunderland í hörkuleik en hin fjögur mörkin komu öll á sjö mínútna kafla í fyrri hálfleik. Þá vann West Ham 2-1 sigur á Middlesbrough þar sem dómgæslan var aðal-umræðuefni eftir leik en annað mark Hamranna var ansi umdeilt því það leit út fyrir að boltinn hefði aldrei farið yfir marklínuna.

elvar@frettabladid.is



PIPPO INZAGHI Markaskorari af guðs náð.

Ítalski boltinn um helgina:

## Inzaghi er kominn aftur

**FÓTBOLTI** Toppliðin á Ítalíu unnu öll leiki sína í gær en Juventus er enn með fullt hús stiga að átta umferðum loknum og er fimm stigum á undan AC Milan sem kemur í öðru sætinu.

Sigur Juventus á útivelli gegn Lecce gerði það að verkum að liðið jafnaði félagsmet sitt frá leiktíðinni 1985-86 yfir bestu byrjun á leiktíð en það tímabil urðu þeir ítalskir meistarar. Zlatan Ibrahimovic braut ísinn gegn Lecce og svo fylgdu tvö mörk frá Adrian Mutu og Marcelo Zalayeta.

Filippo Inzaghi skoraði sigurmark AC Milan gegn Palermo en hann hafði ekki skorað í deildinni síðan í mars 2004 vegna meiðsla. „Þetta hefur verið mjög erfiður tími. Andriy Shevchenko er meiddur og því fékk ég þetta tækifæri í byrjunarliðinu og ég er hæstánægður með að hafa náð að nýta mér það,“ sagði Inzaghi. - egm

## HRESS á líkama og sál

8 VIKNA ÁTAK

## NÝ ÁTAKSNÁMSKEIÐ

HEFJAST 31. OKTÓBER OG 1. NÓVEMBER

19 kg á 7 mánuðum



**Laufey Pétursdóttir, 32 ára hárgreiðslukona og tveggja barna móðir.** Ég byrjaði í Hress fyrir 7 mánuðum þá 84 kg. Í dag er ég 65 kg og líður miklu betur. Ég sótti fjölbreytta tíma í Hress og fór einnig í einkaþjálfun. Ég hef fengið góða leiðsögn um mataræði og æfingaval. Það er léttara að vakna á morgnana og allt daglegt líf auðveldara. Ég hvet alla til að stunda heilsurækt í Hress, þar geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi.

Þetta er spurning um lífsstíl.

Fyrir

## Konuáttak

kl. 6:05  
kl. 10:15  
kl. 15:30  
kl. 17:30  
kl. 18:30

## Karlaáttak

kl. 18:30  
kl. 19:30

## INNIFALIÐ Í VERDI:

- ✓ Þrjár lokaðir, árangursríkir og fjölbreyttir tímar á viku
- ✓ Kennsla í höndum fagfólks
- ✓ Vigtun, fitu- og ummálmæling
- ✓ Fræðsluefni
- ✓ Friðs mæting í alla opna tíma og tækjasal
- ✓ Fylgst með mataræði

Námskeiðið kostar 17.990 kr.

Skráning og nánari upplýsingar

í síma 565 2212 eða á hress@hress.is

Hringdu strax og skráðu þig!

Síðast komust færri að en vildu.

Eftir



## Rope yoga

## Rope yoga sameinar hug, líkama og sál - 8 vikna námskeið

Rope yoga eykur upptöku súrefnis í líkamanum og styrkir kvíðinn,

miðju líkamans og bætur virkni sogæðakerfisins.

Tveggja mánaða lokuð námskeið þar sem aðeins 19 manns eru í hverjum hópi.

Námskeiðin hefjast 31. október og 1. nóvember.


Tímar kl. 6:15, 17:30, 18:30 (framhaldsnámskeið) og 19:30.

Opinn tími í Rope yoga kl. 9:45 á laugardögum.

Skráning er hafin í síma 565 2212

Námskeið kr. 19.990.- Vönduð námsgögn kr. 1.500.-

Rope Yoga kort veitir aðgang að öllum öðrum opnum tímum og tækjasal.



HRESS

HEILSURÆKT

Dalshrauni 11, 220 Hafnarfirði, s. 565 2212 www.hress.is



Í JÓLASKAPI Jose Mourinho hlakkar ábyggilega mikið til jóla því þá ætlar hann að vera búinn að tryggja sér enska meistaratilinn. Myndin er samsett.

Jose Mourinho, stjóri Chelsea, er sigurviss:

## Við tryggjum okkur titilinn fyrir jól

**FÓTBOLTI** Jose Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea, kveðst fullviss um að lið sitt verði svo gott sem búið að tryggja sér enska meistaratilinn um jól. Mourinho segir að aðrir nú sigurvegir í röð ofan á þá sem liðið hefur þegar unnið það sem af er leiktíðinni, muni veita liðinu svo mikið forskot á önnur lið að það

yrði ómögulegt fyrir þau að vinna það upp. Mourinho lét þessi orð reyndar falla fyrir jafntefli gegn Everton í gær en Mourinho sagði ennfremur að honum gæti ekki verið meira sama um ótrúlegt met Arsenal yfir flesta leiki í deildinni í röð án taps, en Chelsea nálgast óðfluga þá 49 leiki sem Arsenal lék án taps fyrir tveimur árum. „Ég hef engan áhuga á einhverjum metum. Ég hef áhuga á stigum,“ segir Mourinho en Chelsea hefur nú leikið 38 leiki í röð án taps.

„Látið mig fá nú sigurleiki í röð til viðbótar og við verðum meistarar. Sannið þið til. Þið getið átt þetta met ykkar. Haldið þið að ég sé að grínast? Hvað þýða 18 sigurleikir í röð? Meistarar!“

Þetta hrópaði Mourinho nánast á enska blaðamenn þegar þeir gerðu athugasemdir við hroka hans. „Ef ég vinn næstu níu leiki og tapa síðan, sem veldur því að við náum ekki þessu meti Arsenal, þá yrði mér alveg sama. Markmið okkar er einfalt, að vinna alla leiki fram að jólum. Ef það tekst þá er mér í raun sama um allt annað,“ segir Mourinho.

## Traust dráttarbeisli

Ásetning á staðnum.



Vikurvagnar ehf • Dvergshöfða 27  
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is



ÚR SPORTINU

Ensku úrvalsdeildarliðin Birmingham og West Ham hafa áhuga á sóknarmanninum John Hartson sem leikur með Glasgow Celtic í Skotlandi. Talið er líklegt að þau komi með tilboði í leikmanninn í janúar þegar félagaskipta-glugginn opnar. Þessi þrítugi leikmaður hefur mátt bíða á varamannabekknunum í síðustu þremur leikjum Celtic þrátt fyrir að vera markahæsti leikmaður liðsins það sem af er leiktímabili. Gordon Strachan, stjóri Celtic, segir Hartson vera til sölu fyrir rétta upphæð en leikmaðurinn var í herbúðum West Ham í tvö tímabil áður en hann fór til Wimbledon 1999. Hann er samningsbundinn Celtic til 2007.

Thierry Henry segist bera ábyrgð á vítaspjunnunni sérstöku sem Arsenal misnotaði í leiknum gegn Manchester City um helgina. Henry átti hugmyndina að því að þessi útfærsla yrði reynd en



Robert Pires ætlaði að renna boltanum til hliðar og svo átti Henry að koma hlaupandi og skjóta að marki. Þessi tilraun misheppnaðist

algjörlega og segist Henry hér eftir ætla að taka allar vítaspjunnur sjálfur og biðst afsökunar á þessari hugmynd sinni.

Sebastien Loeb, heimsmeistari í rallakstri, sigraði með miklum yfirburðum í Korsíkurallinu sem fram fór um helgina. Loeb er franskur og ekur Citroen, hann varð 1 mínútu og 42 sekúndum á undan Toni Gardemeister frá Finnlandi sem kom í öðru sætinu. Loeb vann allar tólf sérleiðirnar um helgina en hann hefur þegar tryggt sér meistaratilinn annað árið í röð og hefur 117 stig en Petter Solberg og Marcus Grönholm eru næstir með 71 stig. Solberg varð í þriðja sæti um helgina en Grönholm hætti keppni eftir fjórðu sérleið.

Indriði Sigurðsson skoraði sigurmark Genk sem vann Moeskron 1-0 í belgísku úrvalsdeildinni í fótbolta á laugardagskvöld. Genk er nú í 7.-8. sæti deildarinnar með jafnmörg stig og Lokeren sem gerði 1-1 jafntefli við Westerlo. Arnar Þór Víðarsson og Rúnar Kristinsson voru í byrjunarliði Lokeren en Arnar Grétarsson sat allan tímann á varamannabekknunum.

Hinn gamalreyndi Sir Bobby Robson er nú sterktlega orðaður við stöðu knattspyrnustjóra skoska liðsins Hearts en George Burley hætti skyndilega hjá félaginu um helgina. Burley var aðeins við stjórn hjá Hearts í 113 daga en félagið hefur enn ekki tapað leik á leiktíðinni og er á toppi deildarinnar. Enskir fjölmiðlar sögðu margir hverjir í gær að Burley tæki líklega við liði Aston Villa en þar er orðið ansi heitt undir David O'Leary, þá er hann einnig orðaður við Birmingham.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR? OKTÓBER

21 22 23 24 25 26 27

Mánudagur

- LEIKIR**
- 19.00 Ís og Breiðablik eigast við í Iceland Express-deild kvenna í körfubolta.
- LEIKIR**
- 15.45 Helgarsportíð á RÚV.
- 15.50 Spænski boltinn á Sýn.
- 16.10 Ensku mörkin á RÚV.
- 17.30 US PGA Funai Classic á Sýn.
- 18.00 Þrumuskot á Ensku boltanum.
- 20.30 Ítölsku mörkin á Sýn.
- 21.00 Ensku mörkin á Sýn.
- 21.00 Að leikslukum á Ensku boltanum.
- 21.30 Spænsku mörkin á Sýn.
- 22.00 Olissport á Sýn.
- 23.00 Ítalski boltinn á Sýn.
- 23.50 Ensku mörkin á RÚV.

Birmingham fylgist með markakónginum Gunnari Heiðari Þorvaldssyni:

Tilbúinn til að fara í betra lið

**FÓTBOLTI** Keppni í sænsku úrvalsdeildinni lauk í gær og þar með varð íslenski landsliðsmaðurinn Gunnar Heiðar Þorvaldsson markakóngur deildarinnar með sextán mörk. Svo sannarlega frábær árangur hjá Gunnari sem var að spila sitt fyrsta tímabil með Halmstad.



„Það er ekki hægt annað en að vera sáttur við þennan árangur. Þetta er draumi líkast og það er nánast fátíðlegt tilhugsun að vera markakóngur á fyrsta tímabilinu hérna. Eg bjóst ekki við því að ná að smella svona fljótt og vel inn í þetta, klúbburinn og hinir strákarnir hafa hjálpað mér

mikið. Þegar manni liður vel þá spilar maður vel, svo einfalt er það,“ sagði Gunnar Heiðar.

Halmstad hafnaði í tíunda sæti deildarinnar en Djurgarden varð meistari. Í lokaumferðinni í gær tapaði Halmstad 2-0 fyrir Kalmar en þrátt fyrir það náði Gunnar að

tryggja sér markakóngstitilinn. Frammistaða hans hefur vakið mikla athygli og hann verður orðaður við lið í ensku úrvalsdeildinni.

„Ég á eitt ár eftir af samningi mínum en ég veit að það er fullt af liðum að skoða mig. Ég fékk að vita það eftir leikinn í gær að menn frá Birmingham voru að horfa á mig. Mér finnst ég eiginlega hafa gert mitt í Svíþjóð og finnst ég vera tilbúinn að fara að gera eitthvað meira. Fara í betra lið og verða betri knattspyrnumaður,“ sagði Gunnar Heiðar sem einnig hefur verið orðaður við Everton. [elvar@frettabladid.is](mailto:elvar@frettabladid.is)



Björgvin Björgvinsson: Féll úr leik

**SKÍÐI** Skíðamaðurinn Björgvin Björgvinsson féll úr leik eftir fyrri ferð á heimsbikarmóti í stórsvigi sem fram fór í Sölden í Austurríki í gær.

Hann varð í 56. sæti og var 5,02 sekúndum á eftir Bode Miller sem var fyrstur eftir fyrri ferð. Það var síðan Hermann Maier frá Austurríki sem tryggði sér sigurinn í seinni ferðinni og var 7/100 úr sekúndu á undan Miller. w-egm

**NISSAN**  
**PATHFINDER**

SKIPT um landslag

ÆVINTÝRIN ERU ENN AÐ GERAST

174 hestöfl, sá aflmesti í sínum flokki en eyðir aðeins 10 l á hundraðið Pathfinder fer allt á fjórhjóladrifinu, er þægilegur í öllum sjö sætunum, lipur innanbæjar og rúmar farangur til fleiri mánaða. Pathfinder eyðir einungis 10 disillitrum á hundraðið í blönduðum akstri, þrátt fyrir heil 174 hestöfl. Hann er öflug listasmíð, tæknilega fullkominn og auðvitað gullfallegur.

**Pathfinder SE**  
**Verð 4.290.000,-**  
**44.619,- á mánuði\***

Lúxusjeppi á vetrardekkjum, sjálfskiptur, 7 manna, cruise control og allur pakkinn.

Tegund	Verð
Pathfinder XE beinskíptur	3.790.000,-
Pathfinder SE beinskíptur	4.150.000,-
Pathfinder SE sjálfskíptur	4.290.000,-
Pathfinder LE sjálfskíptur	4.790.000,-
Pathfinder LE IT	4.990.000,-

**Kaupauki**  
Þeir sem kaupa Nissan Pathfinder fá 32" dekk, í kaupbæti.

\*Lýsing 30% útborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði.

<b>Ingvar Helgason</b>		Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 <a href="http://www.ih.is">www.ih.is</a>		Opíð: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00				
Hrísmýri 2a 800 Selfossi 482-3100	Eyrarlandi 1 530 Hvammstanga 451-2230	Sæmundargötu 3 550 Sauðárkrúki 453-5141	Holtsgötu 52 260 Njarðvík 421-8808	Dalbraut 2b 300 Akranesi 431-1376	Vikurbraut 4 780 Höfn í Hornafirði 478-1990	Búðareyri 33 730 Reyðarfirði 474-1453	Sindragötu 3 400 Ísafirði 456-4540	Óseyri 5 603 Akureyri 461-2960



# SONY

## Allt þetta í einum pakka



KLVS32A10  
SONY 32" LCD SJÓNVARP

- 32" LCD sjónvarp
- 1366x768 pixel Upplausn
- Contrast 1000:1
- Birta 500 cd/m<sup>2</sup>
- Borðstandur (hægt að snúa)
- High Definition Ready

**219.950 krónur**

Skýrari mynd en þú átt að venjast  
...og aðeins 1 fjarstýring fyrir öll tækin.



HTSS600  
SONY HEIMABIÓ

- Útvarpsmagnari 600W RMS
- S-Master Digital magnari
- Dolby Digital, DTS, Dolby Pro Logic II
- 5 hátalarar + Basshátalarar

**49.950 krónur**



DVP-NS360  
SONY DVD SPILARI

- Spilar R-1, R-2 (sjónvarp þarf að styðja NTSC)
- Spilar CD/CDR/CDRW/VCD/SVCD/MP3/JPEG DVD-R/DVD+R/DVD-RW/DVD+RW
- Dolby Digital DTS

**12.950 krónur**

**Heildarpakkinn!**  
**18.329 kr.**  
á mánuði\* í 12 mánuði  
eða 219.950 krónur staðgreitt.

Listaverð 282.850 krónur

like.no.other™

**Sony Center**  
Kringlunni  
588-7669 / 588-SONY  
www.sonycenter.is

\*Miðað við 12 vaxtalasur jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldbréf. 0,5% stimpilgjald bætt við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

# Hinn „nýi“ Ronaldinho vill vera áfram hjá Barca

Hinn 16 ára gamli Giovanni Dos Santos hefur tilkynnt forráðamönnum Arsenal, Man. Utd og Chelsea að hann ætli sér að vera áfram í herbúðum Barcelona.

**FÓTBOLTI** Hinn 16 ára gamli Giovanni Dos Santos frá Mexíkó, sem þegar hefur verið lýst sem hinum nýja Ronaldinho, hefur ekki hug á því að ganga til liðs við Arsenal eða Man. Utd, heldur ætlar hann að freista þess að fá spænskt vegabréf til að geta verið áfram í herbúðum spænska stórlíðsins Barcelona. Dos Santos, sem á brasilíska föður, sló í gegn með Mexíkó á HM U-17 landsliða fyrir skemmstu og leiddi þjóð sína nokkuð óvænt til sigurs í mótinu.

Dos Santos hefur verið til mála hjá Barcelona frá 13 ára aldri en þá var hann uppgötvaður af njósnurum félagsins á skólamóti í Mexíkó. En sú regla í spænsku knattspyrnunni sem segir til um að aðeins þrjú leikmenn utan Evrópu megi spila í hverjum leik bitnar klárlega á Dos Santos þar sem fyrir hjá félaginu eru alþjóðlegar stjórstjórnur sem „hafa forgang“ í þessi þrjú sæti. Hefur inn 18 ára gamli Lionel Messi, sem af mörgum er talinn efnilegasti leikmaður heims, fengið fá tækifæri hjá Barcelona einmitt vegna þessarar reglu og hefur Dos Santos lýst því yfir að hann vilji ekki lenda í því sama.

Arsenal og Man. Utd höfðu boðist til að leysa vanda Dos Santos með því að bjóða honum fast sæti í sínu liði í framtíðinni og þá lýsti Chelsea yfir áhuga á honum fyrir skemmstu. En nú hefur Dos Santos greint frá því að hann hyggist sækja um spænskt vegabréf sem mun koma til með að leysa vanda hans.

„Draumur minn er að spila með Ronaldinho og fylgja í fótspor Messi,“ segir Dos Santos í nýlegu viðtali á Spáni. „Ég myndi aldrei fara til Real Madrid. Ég tel að Barcelona sé besti staðurinn fyrir mig til að rækta mína hæfileika og ég vill gera allt til að eiga framtíð þar. Það er ekki fyrr en ég er orðinn fullviss um að það takist ekki sem ég fer að skoða tilboð frá öðrum liðum, bætti hann við.

Dos Santos spilar sem framleggjandi miðjumaður og þykir



**GIOVANI DOS SANTOS** þykir vera ótrúlegt efni og var lykilmáður í U-17 ára landsliði Mexíkó sem varð heimsmeistari í síðasta mánuði. Hér sést hann í baráttu við Vurnon Anita frá Hollandi í leik á því móti, en Mexíkó vann Brasilíu sannfærandi í úrslitaleiknum, 3-0.

FRÉTTABLAÐIÐ/ GETTY IMAGES

leikstíll hans keimlíkur þeim sem Ronaldinho hefur tamið sér á síðustu árum. „Hann er fæddur leikstjórnandi. Enginn leikmaður í sögunni hefur búið yfir öðrum eins leikskilningi á þessum aldri,“ segir þjálfari mexíkóska drengjalandsliðsins. Dos Santos býr yfir ótrúlegum sprengikrafti, er nánast jafnvígur á báða fætur og þykir sendingatækni hans með

ólíkendum.

„Þegar leikmenn eru svona ungir þeir oftast aðeins sagðir geta orðið frábærir leikmenn. En Dos Santos er þegar orðinn frábær leikmaður. Hann verður einn af þeim bestu í heimi,“ segir Frank Rijkaard, þjálfari Barcelona, sem ætlar að gera allt sem í hans valdi stendur til að halda í Dos Santos.

vignir@frettabladid.is

Christiano Ronaldo, leikmaður Manchester United:

## “Ég gerði þetta ekki”

**FÓTBOLTI** Portúgalski sóknarmaðurinn Cristiano Ronaldo kveðst saklaus af ásökunum þess efnis að hann hafi nauðgað stúlku á hótélherbergi í London í upphafi mánaðarins. Hinn 20 ára gamli leikmaður Man. Utd viðurkennir þó að hafa haft samfarir við stúlkunni en ítrekar að það hafi verið með fullu samþykki beggja aðila.

Enska götublaðið News Of The World greinir frá því í gær hvernig Ronaldo þurfti að dúsa í varðhaldi hjá ensku lögreglunni í heila níu tíma áður en honum var sleppt gegn tryggingu. Ronaldo þurfti að þola langa yfirheyrslu frá harðskreyttum lögreglumönnum sem enduðu með því að Ronaldo sór að

hann hefði ekki gert neitt rangt. „Þær eru að klína þessu á mig. Ég er alsaklaus. Ég gerði þetta ekki,“ á Ronaldo að hafa sagt.

Atburðarrásin þetta afdrifurika laugardagskvöld þykir nokkuð ljós en þá fór Ronaldo ásamt frænda sínum og tveimur vinum út að skemmta sér til að fagna 3-2 sigri Man. Utd á Fulham sem fram fór fyrr um daginn. Á ónefndum skemmtistað í London hittu þeir tvær franskættaðar stúlkur sem síðan áttu eftir að fylgja Ronaldo og frænda hans upp á hótélherbergi þeirra nokkuð eftir miðnætti.

Frásögn vitna er öll Ronaldo í hag og segja þeir sem sáu til Ronaldos og stúlkanna á skemmtistaðnum að sá portúgalski hafi verið kurteisinn uppmáluð og það hafi í raun verið stúlkurnar sem voru að tæla hann. Það sem hins vegar tefur rannsókn málsins er að ekkert bólar á frændanum og hefur lögreglan farið fram á að lögfræðingar Man. Utd aðstoði við að hafa uppi á honum, þar sem hann sé lykilverni í málinu. Þá er enn beðið eftir að fá myndbandsupptökur frá umræddum skemmtistað og hóteli en talið er að þær muni skýra margt.

- vig

**RONALDO** Segir ásakanir um nauðgun vera fáránlegar en viðurkennir að hafa átt samræði við stúlkuna.

FRÉTTABLAÐIÐ/ GETTY IMAGES



Arni Gautur Arason:

## Gerði hroðaleg mistök í gær

**FÓTBOLTI** Í gær fór næstsíðasta umferðin í norsku úrvalsdeildinni fram en ljóst er að það ræðst ekki fyrr en í lokaumferðinni hvort það verður Start eða Vålerenga sem hampar meistaratilinum. Bæði lið eru jöfn að stigum fyrir lokaumferðina sem fram fer um næstu helgi en Start er í efsta sæti á örlítið betri markatölu.

Vålerenga tapaði 0-2 á heimavelli sínum fyrir núverandi meisturum í Rosenborg en Arni Gautur Arason, markvörður Vålerenga, vill líklega gleyma þessum leik gegn sínum fyrrverandi samherjum sem fyrst. Fyrra markið sem kom á sextánda mínútu en það skrifast algjörlega á Arna, þá sendi varnarmaður til baka á hann en Arni hitti ekki boltann sem rúllaði því inn í markið.

Start gerði jafntefli við Bodø/Glimt 1-1 en þau úrslit þýða að síðarnefnda liðið er fallið niður um deild. Jóhannes Harðarson lék allan leikinn með Start sem leikur gegn Fredrikstad í lokaumferðinni en á sama tíma heimsækir Vålerenga lið Odd Grenland.

- egm



ÚRSLIT GÆRDAGSINS

DHL-deild karla:

**PÓR A.-VÍKINGUR/FJÖLNIR** 31-26  
**Mörk Þórs:** Aigars Lazdins 9, Arnór Gunnarsson 7, Heiðar Þór Aðalsteinsson 5, Bjarni G. Bjarnason 4, Rúnar Sigtryggsson 3, Eiríkur Jónasson 1, Sigurður B. Sigurðsson 1, Aron Gunnarsson 1.  
**Mörk Vík/Fjöl:** Sveinn Þorgeirsson 11, Björn Guðmundsson 8, Brjánn Bjarnason 2, Brynjar Loftsson 2, Pálmar Sigurjónsson 2, Brynjar Hreggviðsson 1.

STADAN:

KA	8	4	2	2	212-204	10
FRAM	6	5	0	1	159-146	10
VALUR	7	5	0	2	207-189	10
ÍR	7	4	1	2	242-214	9
HAUKAR	5	4	0	1	145-128	8
PÓR A.	7	3	1	3	195-193	7
SELFOSS	6	3	1	2	177-182	7
STJARNAN	6	3	0	3	167-156	6
AFTURELD.	7	2	2	3	178-186	6
ÍBV	7	3	0	4	206-237	6
HK	7	2	1	4	198-206	5
FYLKIR	7	2	1	4	171-179	5
VÍK/FJÖLN	7	1	1	5	177-201	3
FH	7	1	0	6	173-186	2

DHL-deild kvenna:

**HAUKAR-GRÓTTA** 23-22  
**Mörk Hauka:** Hanna G. Stefánsdóttir 6, Ramune Pekarskyte 4, Guðbjörg Guðmannsdóttir 4, Harpa Melsted 3, Inga Fríða Tryggvadóttir 3, Martha Hermannsdóttir 2, Ragnhildur Guðmundsdóttir 1.  
**Varin skot:** Helga Torfadóttir 22.  
**Mörk Gróttu:** Gerður Rún Einarsdóttir 8, Karen Smidt 6, Ivana Veljkovic 5, Karolína Gunnarsdóttir 1, Þórunn Friðriksdóttir 1, Arnís Erlingsdóttir 1.  
**Varin skot:** Íris Björk Simonardóttir 17.

STADAN:

STJARNAN	5	4	1	0	142-117	9
HAUKAR	4	4	0	0	131-96	8
ÍBV	4	3	1	0	112-78	7
FH	5	3	0	2	138-127	6
VALUR	5	3	0	2	121-108	6
HK	5	2	1	2	152-153	5
GRÓTTA	5	2	0	3	117-111	4

Hópbílabíkar karla í körfu:

FJÖLNIR-KFÍ	107-51
SNÆFELL-VALUR	84-84
GRINDAVÍK-HAUKAR	98-76
KEFLAVÍK-STJARNAN	119-54
KR/HAMAR-SELFOSS	82-65
UMFN-HÖTTUR	96-71
ÍR-TINDASTÖLL	97-55

Spænska knattspyrnan:

CADIZ-A. BILBAO	1-0
CELTA-ESPANYOL	1-0
GETAFA-ZARAGOZA	5-2
MALAGA-REAL BETIS	5-0
REAL SOCIEDAD-DEPORTIVO	2-0
VILLAREAL-MALLORCA	3-0
RACING-A. MADRID	0-1
REAL MADRID-VALENCIA	1-2

Norska knattspyrnan:

AALESUND-LYN	1-1
Haraldur Guðmundsson var á varamannabekk Aalesund en Stefán Gíslason var í byrjunarliði Lyn.	
VALERANGA-ROSENBORG	0-2
Árni Gautur Arason lék allan leikinn fyrir Valeranga.	
TROMSÖ-VIKING	1-0
Allan Borgvardt var í byrjunarliði Viking í leiknum.	
MOLDE-HAM KAM	1-1
FREDRIKSTAD-LILLESTRÖM	1-1
BRANN-ODD GRENLAND	2-2
Kristján Örn Sigurðsson var í byrjunarliði Brann.	
BÖDO/GLIMT-START	1-1
Jóhannes Harðarson var í byrjunarliði Start.	

Sænska knattspyrnan:

ASSYRISKA-GEFLE IF	0-3
DJURGARDEN-ELFSBORG	8-1
Kári Arnason og Sölvi Geir Ottesen komu hvorugir við sögu hjá Djurgarden í leiknum.	
GIF SUNDSVALL-ÖRGRYTE	3-2
HELSINGABORG-HACKEN	0-1
GAUTABORG-LANDSKRONA	4-2
KALMAR-HALMSTAD	2-0
Gunnar Heiðar Þorvaldsson lék allan leikinn fyrir Halmstad.	
MALMÖ-HAMMARBY	0-1
Pétur Marteinsson lék ekki með Hammarby.	

Evrópski körfuboltinn:

Jón Arnór skoraði 12 stig

Jón Arnór Stefánsson skoraði 12 stig fyrir Carpisa Napoli sem vann þriggja stiga sigur á Climamio Bologna í ítölsku úrvalsdeildinni, 90-87, í gær. Jón Arnór spilaði í 28 mínútur í leiknum og hitti úr tveimur af fjórum skotum sínum utan af velli, skoraði tvær þriggja stiga körfur og nýtti bæði vítaskotin sín.

Carpisa hefur unnið tvo leiki það sem af er leiktíðinni á Ítalíu en jafnframt tapað tveimur. - vig

Einn leikur fór fram í DHL-deild kvenna í handbolta í gærkvöldi:

Guðbjörg var hetja Haukastúlkna

**HANDBOLTI** Guðbjörg Guðmannsdóttir var hetja Haukastúlkna í gærkvöldi þegar hún skoraði sigurmark liðsins gegn Gróttu þremur sekúndum fyrir leikslok í DHL-deild kvenna í gærkvöldi. Guðbjörg fékk boltann í vinstra hornið og gerði engin mistök á örlagastundu - vippaði boltanum yfir Írisi Björk Símonardóttur, markmann Gróttu, sem hafði nánast upp á sitt einsdæmi komið Gróttu inn í leikinn á ný í síðari hálfleik með stórkostlegri markvörslu.

Haukar voru mun sterkari aðilinn í fyrri hálfleik og höfðu forystu, 13-9, þegar gengið var

til búningsklefa. Munurinn varð mestur fimm mörk, 17-12, þegar Íris Björk tók til sinna ráða og lokaði markinu. Með frábærum leikkafla komst Gróttu í 20-22 en eins og áður segir skilaði frábær endaspættur heimastúlkunum sigri.

Hanna G. Stefánsdóttir var eins og svo oft áður markahæst heimastúlkna með sex mörk en hjá Gróttu var Gerður Rún Einarsdóttir atkvæðamest með átta mörk. - egm

**HINGAÐ OG EKKI LENGRA** Harpa Melsted, fyrirlíði Hauka, sést hér fá óblíðar móttökur frá leikmönnum Gróttu í leik liðanna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Stórleikur á Spáni í gærkvöldi:

Valencia skellti Real Madrid

**FÓTBOLTI** Valencia vann frábæran útisigur á Real Madrid í mögnuðum leik á Spáni í gær. Það var Rubén Baraja sem kom gestunum yfir á 22. mínútu en Raul jafnaði metin á 36. mínútu. Tveimur mínútum síðar skoraði David Villa gott mark sem átti eftir að reynast sigurmark leiksins. Þess má geta að David Beckham fékk að sjá tvö gul með nokkurra sekúndna millibili á lokamínútunum fyrir kjaftbrúk og varð sér til skammar.

Sigurinn fleytti Valencia upp í 4. sæti deildarinnar með jafnmörg stig og Real sem er í 3. sæti. Getafe er á toppnum með 17 stig. - vig



EKKI LÁTA ÚTLITÍÐ BLEKKJA ÞIG

BURT MEÐ LAUNAMUN KYNJANNA

VR



**HUGSADU STÓRT SMÁRA BIÓ** Sími 564 0000

**THE PERFECT CATCH**  
Frá leikstjórum There Is Something About Mary  
Eftir bók frá höfundum About a Boy  
Hún filar vinnuna Hann íþróttir  
Munu þau fíla hvort annað

Sýnd kl. 5.40, 8 og 10.20

**Africa United**  
"Þeir eru hér til að spila fótbolta, ekki til að gera misök"  
"Gamanmynd úr íslenskum raunveruleika frá framleiðendum Blindskers"  
"Fóttíra gamanmynd"  
Variety

Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10

Frá framleiðendum The Professional og La Femme Nikita  
Fór beint á toppinn í USA

Sýnd kl. 4 í **Þrívið**

Sá besti í bransanum er mættur aftur!

Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10 **B.i. 16 ára**  
Sýnd í Lúxus kl. 4, 6, 8 og 10

**RED EYE**  
Sýnd kl. 6, 8 og 10 **B.i. 14 ára**

Sýnd kl. 3.50 með íslensku tali.

DC Dolby SDDS Digital Surround THX BIÓ.IS – allt á einum stað

**REGNBÖGINN** Sími 551 9000

**FRÁ LEIKSTJÓRA FAST AND THE FURIOUS & XXX**  
Hrikalega hraður háloftatryllir með Jamie Foxx, Josh Lucas og Jessicu Biel í aðalhlutverkum.

"Þeir eru hér til að spila fótbolta, ekki til að gera misök"  
"Gamanmynd úr íslenskum raunveruleika frá framleiðendum Blindskers"  
"Fóttíra gamanmynd"  
Variety

Sýnd kl. 6, 8 og 10

**400 kr. í bió!** Gildir á allar sýningar merktar með rauðu

**Bewitched**  
Núna Kichawa Will Ferrell  
GÖLDROT GAMANMYND  
★★★★  
-SV MBL  
Sýnd kl. 6 og 8

**STELTH**  
Sýnd kl. 8 og 10 **B.i. 14 ára**

**NIGHT WATCH**  
Sýnd kl. 10 **B.i. 16 ára**

**History Of Violence** kl. 6  
**Africa United** kl. 8 og 8  
**Doom** kl. 8 og 10  
**Transporter II** kl. 10

**Borgarbió**

**LAUGARAS BIÓ** Sími 553 2075

**DOOM**  
FRÓÐI SLEPPUR LIFANDI!  
FRÓÐI TIL HELVÍTIS

**WOLFE**  
SÖLVUN VÍKARINNAR

Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10 kl. 16 ára

Sýnd kl. 4 og 6 m/ísl. tali

**THE DESCENT**  
EF ÞÚ ERT EKKI MYNKFÆLIN, ÞÁ MUNTU VERÐA ÞAD!  
Sýnd kl. 8 og 10 kl. 16 ára

Sýnd kl. 4 m/íslensku tali Miðverð 450 kr.

www.laugarasbio.is

# Að finna hinn sanna tón Pirraðar stelpur rokka

Hljómsveitin ástsæla Sálín hans Jóns míns gefur í dag út sínu tólfu plötu, Undir þínum áhrifum.

Platan var að mestu leyti tekin upp í Jótlandi í Danmörku í sumar. Að sögn Guðmundar Jónssonar, gítarleikara Salarinnar, var ákveðið að gera nýja plötu fyrir ári, þegar sveitin gaf út lagið Tíminn og við. Eftir það voru gefin út lög á 3-4 mánaða fresti eins og gengur og gerist með nýjar smáskífur erlendis.

Guðmundur segir að Danmerkurdvölin hafi haft góð áhrif á þá Salarliða. „Þetta hristi okkur saman. Það er oft erfitt að vera hljómsveit að taka upp í Reykjavík því menn eru með ýmsar skuldbindingar eins og fjölskyldur sínar. Þarna bjuggum við í stúdíóinu, byrjuðum á morgnana og vorum að fram að nótt,“ segir Guðmundur. „Maður kemur fleiru í verk svona og það var líka meiri spilaðeði hjá okkur.“

Að sögn Guðmundar vildu þeir félagar taka u-beygju og reyna eitthvað alveg nýtt frá því sem verið hefur undanfarið ár. „Við erum búnir að vera

ad gera þemaplötur og okkur langaði að spila bjartari og léttari músík, meira í ætt við upprunann. Platan hljómar dálítið þannig með grúppoppi.“



SÁLÍN HANS JÓNS MÍNS Undir þínum áhrifum er tólfða plata Salarinnar.

Hann segir að dagsskipun við gerð plötunnar hafi verið að hvert einasta lag ætti að geta slegið í gegn, þó svo að það væri í raun vonlaust verkefni. „Það er gott að setja markið hátt. Við lögðum rækt við hvert einasta lag og þau ná allt frá rokki yfir í latin-tónlist. Við notuðum mikið

blásturshljóðfæri og fengum þá Samúel og Kjartan úr Jagúar sem hafa spilað með okkur áður. Síðan erum við með mikið af röddum og það eru allir í bandinu að radda. Okkur langaði líka að hafa textana fulla af bjartsýni því það hæfir svolítið músíkinni. En eins og ávallt erum við að reyna að semja hið fullkomna popplag og skapa nýja íslenska músík,“ segir hann

Útgáfutónleikar vegna plötunnar verða haldnir þann 5. nóvember á tónleikastaðnum Vega í Kaupmannahöfn. „Það verða týpískir Sálartónleikar. Það verður allt gefið í botn og við munum skilja eftir blóð, svita og tár,“ segir hann. Til að hita upp fyrir tónleikana spilar Sálín á Nasa næsta laugardagskvöld.

Í tilefni af útgáfu plötunnar hafa Sálín, Sena og Apple á Íslandi tekið upp samstarf, en á vefsíðu Apple (apple.is/tonlist) verður hægt að hláða niður einu lagi plötunnar í fullum gæðum án endurgjalds. Einnig má á þeirri síðu hlýða á öll lög plötunnar, jafnframt því sem nokkur myndbönd verða þar aðgengileg.

freyr@frettabladid.is

## [TÓNLIST]

### UMFJÖLLUN

Þessar stelpur eru með stærri eistu en bandarísku vælukjóarokksveitirnar, Blink Linkin Bizkit, til samans. Þær eru ekki bestar í heimi að spila á hljóðfærin sín, eiginlega bara nokkuð fjarri því, en þeim er alveg sama og þess vegna er þetta rokk og ról af hæstu gráðu.

Trommuleikarinn stendur sig best. Hún virðist samt haldin snerti af sömu hreyfingregðu og angrar flesta kvenkynstrommarna. Eitt af þessum fáu skiptum sem stelpur óska sér að hafa minni brjóst. Þær eru heldur engir nýgræðingar eða sætar ljóshærðar hnátur.

Þær hafa verið að gefa út plötur frá árinu 1996 og The Woods er sjöunda í röðinni og ána súa allra magnaðasta. Aðdáendur Throwing Muses, ef einhverjir muna eftir þeim, ættu að geta tengt sig við þessa sveit. Söngstíll söngkonunnar Corin Tucker er alls ekki svo ósvipaður Kristin Hersh. Pirrandi á köflum en samt yndislega hispurslaus og í andlitinu á manni. Hljómur plötunnar er hrár, Sonic Youth-skotinn á köflum, enda er allt hljóðritað þannig að það bjagi. Að setja þessa plötu á hausinn, með heyrnartólum á góðum styrk, er líklegast ekki mjög ólíkt þeirri reynslu að standa í æfingahúsnæði sveitarinnar með gítarmagnarann beint við eyrað. Þar af leiðandi er óhætt að fullyrða að þetta sé erfitt fyrir eyrun. Margir eiga eftir að gefast upp áður en þeir komast að þriðja lagi. Ég get eiginlega ekki hlustað á þessa plötu



SLEATER KINNEY: THE WOODS

**NIÐURSTAÐA:** SLEATER KINNEY ER BÚIN AÐ VERÐA SVO LENGI AÐ GEFA ÚT PLÖTUR AÐ STELPUNUM ER LOKSINS ORÐIÐ SKÍTISAMA HVAD ÖÐRUM FINNST UM SKÖPUNARVERKID. ÞÆR HAFU ALDREI VERIÐ BETRI.

nema ég sé í þannig skapi að mig langi til þess að slá einhvern utan undir. En þá er þetta líka fullkomin leið til þess að losa uppbyggða streitu, því hér eru nokkur frábær lög. Steep Air er eitt þeirra. Ég er búinn að vara ykkur við, þetta er pirrandi plata á köflum þannig að ekki setja hana á fóninn á sunnudagsmorgni í þynnukunni. Geymið hana fyrir fimmtudagskvöldin þegar þið komið heim pirruð úr vinnunni blótandi yfirmanni ykkar.

Birgir Örn Steinarrsson

**DV**

**Björgólfur Takefusa í KR**

**Vonar að afi brosi hringinn**

**EINKA-VIDTAL**

*þeirir þegar aðrir þegja!*

## Rafræna aðferðin lögð til hliðar

Hljómsveitin Ampop hefur gefið út sína þriðju plötu sem nefnist My Delusions. Síðustu tvær plötur sveitarinnar hafa, eins og nafn sveitarinnar gefur til kynna, verið nokkurs konar blanda af poppi og ambient-tónlist en á nýju plötunni kveður við ennþá poppadari tón. „Við ákváðum að leggja frá okkur þessa rafræna aðferð við að semja tónlist. Við settumst niður með kassagítar og gamalt rafpíanó og fórum að dúlla okkur við að semja lög,“ segir Birgir Hilmarsson, söngvari og gítarleikari Ampop. „Við vorum tregir til fyrst. Ég hafði til dæmis ekki snert gítar í mörg ár því gítar var hálfgerð tabú í sveitinni. Þannig að við þurftum að fara að æfa okkur á hljóðfærin og gerast band,“ segir hann.

Ampop var lengi vel dúett skipaður þeim Birgi og Kjartani Ólafssyni en við gerð nýju plötunnar var ákveðið að bæta trommuleikara í sveitina, Jóni Geiri Jóhannssyni.



AMPOP Hljómsveitin Ampop er að gefa út sína þriðju plötu sem heitir My Delusions.

Auk hans trommaði Jón Örn Arnarsson, sem áður var í hljómsveitinni Jet Black Joe og Ensími í fjórum lögum á plötunni.

Ampop hefur spilað töluvert úti í Bretlandi og Bandaríkjunum undanfarið og var meðal annars á South by South West, tónlistarháttíðinni sem er haldin í Texas á hverju ári. Sveitin er á samningi með sína fyrstu smáskífufu hjá breska plötufrýrtækinu Stimulus Records og segist Birgir kunna vel

við sig þar. „Þetta hefur gengið vel úti. Við erum með gott lið á bak við okkur sem skilur tónlistina sem við erum að gera,“ segir hann.

Birgir, sem býr um þessar mundir í Glasgow, gaf einnig út sólóplötu fyrir tveimur mánuðum undir nafninu Blindfold. „Hún er miklu beinna framhald af Made for Market (síðustu plötu Ampop) með „accoustic“ ívafi. Ég hélt aldrei að hún ætti eftir að verða að veruleika.“

freyr@frettabladid.is



HÁDEGISBÍÓ 400 kr. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 12 UM HELGINA Í SAMBÍÓNUM KRINGLUNNI STARSTA KVÍKMYNDARHÚS LANDSINS • HÁKJÓRGI • S. 530 1919 • www.haskolabio.is

ÁLFABAKKI	KEFLAVÍK	KRINGLAN
FLIGHTPLAN KL. 6-8.15-10.30 B.I. 12	FLIGHTPLAN KL. 8	PERFECT CATCH KL. 6-8.15-10.30
FLIGHTPLAN VIP KL. 3.45-6-8.15-10.30	RED EYE KL. 8	TRANSPORTER 2 KL. 8.15-10.15 B.I. 16
WALLACE & GROMIT <i>isl. tal.</i> KL. 4-6		FLIGHTPLAN KL. 8-10.15 B.I. 12
WALLACE & GROMIT <i>enskt tal.</i> KL. 6-8.15-10.30		WALLACE & GROMIT <i>isl. tal.</i> KL. 6
CINDERELLA MAN KL. 5.30-8-10.30 B.I. 14		MUST LOVE DOGS KL. 6
THE 40 YEAR OLD VIRGIN KL. 5.30-8-10.30 B.I. 14		
GOAL KL. 8.15-10.30		
VALIANT <i>isl. tal.</i> KL. 3.40		
SKY HIGH KL. 3.50		
CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY KL. 3.45		
	<b>AKUREYRI</b>	
	FLIGHTPLAN KL. 8-10	
	CINDERELLA MAN KL. 10	
	THE 40 YEAR OLD VIRGIN KL. 8	

DOOM KL. 5.45-8-10.10 B.I. 12 ára  
 FLIGHTPLAN KL. 5.50-8-10.15 B.I. 14 ára  
 CINDERELLA MAN KL. 10  
 MUST LOVE DOGS KL. 8-10 B.I. 14 ára  
 CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY KL. 5.45  
 KÖRINN - ÍSLENSK HEIMILDARMYND KL. 6-8  
 STRÁKARNIR OKKAR KL. 10  
 MUST LOVE DOGS KL. 8-10

FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBÍÓNUM KRINGLUNNI HASKOLABÍÓ

ÁLFABAKKI ☎ 387 8900 KRINGLAN ☎ 388 0800 AKUREYRI ☎ 641 6666 KEFLAVÍK ☎ 431 1170

## Spilið Spark komið

Spurningaspilið Spark er komið út. Spilið inniheldur 4150 spurningar á tíuþúsund spurningaspjöldum þar sem keppendur geta spreytt sig á hinum ýmsu fótboltspurningum.

Höfundur spurninga er Stefán Pálsson, sem áður hefur getið sér gott orð sem dómari í spurningaþáttunum Gettu betur. Gerðir hafa verið sjónvarpsþættir á Skjá einum sem byggðir eru á spiliinu og hófst sá fyrsti síðastliðið föstudagskvöld. Þar eru spyrjar þeir Stefán og Framarinn Þórhallur Dan.

„Þetta eru margar spurningar. Þú ferð ekki í gegnum þær einu sinni og þá er spilið ónýtt,“ segir Stefán um nýja spilið. „Það þurfti að reyna að fara einhvern milliveg í spurningunum því þetta er ætlað fyrir breiðan aldursþóp. Sjálfur man ég eftir ákveðnum tímabilum í boltanum, t.d. þegar Sammy Lee var upp á sitt besta, en það er ekki að gera sig fyrir 12 ára spilara.“

Stefán reyndi að semja spurningar sem gætu elst SPARK Margrét Lára Viðarsdóttir úr Val og FH-ingurvel. „Ég vona að það gangi inn Tryggvi Guðmundsson togast á um spilið Spark, eftir. Það þurfti reyndar að

klára að semja spurningarnar áður en Íslandsmótinu lauk og síðan var maður með lífið í lúkunum þegar félagaskiptatímabilið hófst en ég held að við höfum sloppið nokkuð vel.“

Hluti hagnaðar af sölu spilsins rennur til Styrktarfélags krabba-meinssjúkra barna.



## Strákarnir okkar í gegnum ADSL

Íslenska sjónvarpsfélagið hyggst bjóða áskrifendum sínum í fyrsta sinn á Íslandi að nálgast nýjustu kvikmyndirnar í stafrænum hljóð- og myndgæðum heima í stofu í gegnum ADSL-myndlykil.

Á meðal þeirra er kvikmyndin Strákarnir okkar. Verður hægt að nálgast hana í gegnum stafræna

myndabandaleigu sjónvarpsfélagsins.

Þessi þjónusta hefur verið að ryðja sér rúms erlendis og ætla Íslenska sjónvarpsfélagið að fylgja þeirri þróun.

**STRÁKARNIR OKKAR** Kvikmyndin Strákarnir okkar verður á stafrænni myndabandaleigu Íslenska sjónvarpsfélagsins.



## Stefnulaus popplata

### TÓNLIST

#### [UMFJÖLLUN]

Hera Hjartadóttir spratt fram á sjónarsviðið fyrir tveimur árum með einlægri plötu, Hafið þennan dag. Það var ekki síður merkingin í andlitinu sem olli því að Hera fékk mikla athygli sem og flutningur hennar á Bubbalaginu, Stúlkan sem starir á hafið.

Don't Play This byrjar mjög vel á laginu Feathers in a Bag. Gefur góð fyrirheit. Næstu lög sem fylgja á eftir komast ekki í hálfkvísi við þær væntingar sem maður hafði til Heru og platan nær ekki að fylgja góðri byrjun eftir heldur verður ópersónulegri og litlausari. Sjálfur er ég mikill kántríadáandi en þetta er svona kráartónlist sem gæti hljómað í lélegri sjónvarpsmynd. Lagið Deja Vu er mjög skemmtilegt og á köflum heyrast skemmtilegir sprettir en ég spyr mig hvort Hera hafi ekki gert það upp við sig hvaða stefnu hún hafi ætlað að taka.

Lögin náðu ekki eyrum mínum þrátt fyrir ítrekaðar og heiðarlegar tilraunir. Ég veit í raun ekki við hvern er að sakast, Heru sjálfa eða þá sem standa henni næst. Það er gert í því að hafa plötuna sem væmnasta og á köflum verður hún bara klígjugjörn svo ekki sé fastara að orði kveðið. Mér fannst útsetningarnar klikka sem boðar



HERA HJARTADÓTTIR

Don't play this

Niðurstaða: Don't play this er alls ekki spor í rétta átt heldur stefnulaus popplata.

ekki gott. Menn hafa hreinlega tapað sér. Ef platan hefði verið í ætt við lagið Wings eða algjörlega í takt við tvö áðurnefnd lög líti þetta öðruvísi út.

Því miður verður að segjast eins og er að Don't Play This er afturför hjá Heru en enginn dauðadómur. Hún hefur hæfileikana til að gera betur en ætti að leggjast meira yfir hvert hún ætli sér. Don't Play This er alls ekki spor í rétta átt heldur stefnulaus popplata.

Freyr Gíjga Gunnarsson

## AUGLÝSTU FASTEIGNINA ÞÍNA Á RÉTTUM STAÐ

Rúmlega 60% fleiri Íslendingar á aldrinum 25-54 ára lesa mánudagsblað Fréttablaðsins frekar en mánudagsblað Morgunblaðsins.

73%

Fréttablaðið

45%

Mbl.

Lestur mánudaga\*

Á mánudögum fylgja með Morgunblaðinu og Fréttablaðinu sérblöð sem fjalla um fasteignir.

Nýttu þér gott tækifæri og auglýstu fasteignina þína í Fréttablaðinu.

allt-fasteignir



\* 25-54 ára Íslendingar. Gallup júní 2005.



## ÚR BIÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:  
„I'd rather have an intelligent enemy than a stupid friend.“

David Siquetros úr kvikmyndinni Frida  
Árið 2002  
Svar:

# dagskrá



VIÐ TÆKID Þórdís Lilja Gunnarsdóttir horfði á afmælisveislu Júrúvisjón-keppinnar.

## ABBA klassík í 50 ár

Hvar varst þú þegar ABBA vann Júrúvisjón árið 1974? Þeim sem voru fæddir er það nefnilega mörgum eftirminnileg stund. Sjálf lá ég á stofugólfinu heima í náttkjól, með sæng og heimalagað poppkorn í litilli skál og stjörnur í augum. Minn heitelskaði var nýfermdur í litla húsinu á Patró. Ég horfði með upplengt augu hrfingar á stjörnuvíti Björns sem þótti ansi róttækt hljóðfæri í Júrúvisjón-keppnum þess tíma. Sem sagt fágæt, sigild stund í sjónvarpi. Fylgdist svo með 50 ára afmæli Júrúvisjón-söngvakeppinnar í beinni á laugardagskvöldi, þar sem vinningslag ABBA, Waterloo, var valið af íbúum Evrópu sem besta Júrúvisjón-lag allra tíma. Frægustu fjórmenningar Svía létu ekki

sjá sig í afmælinu þótt þeim sjálfum, og eflaust flestum Júrúvisjón-kunnugum, hafi rennt í grun um hver færi með sigur af hólmi. Mér þótti smávægis dónalegt af þeim að eiga ekki heimangengt þar sem keppnin var einmitt sú sem kom þeim á heimskortið á sínum tíma, og sem barnungur aðáandi með ABBA-betrekki á veggjum var ég auk þess heilmikið svekkt að fá þau ekki barið augum á ný. Sýnist þau ætla að feta í fótspor fjórmenninganna frá Lífarpólli um að koma aldrei saman aftur, sem kannski væri ágætt ef, líkt og í tilviki Bítlanna, allir sköpuðu sér einstakan sólóferil sem færðu heimsbyggðinni ómetanlegar perlu og gimsteina tónlistar. Meinið er að ekkert þeirra Agnetu, Björns, Bennys og



ABBA Svíkur ekki frekar en fyrri daginn.

Annefrid hefur hlotið viðlíka frama og þegar þau unnu saman sem ABBA, þótt öll hafi bjástrað við eigin tónsmíðar og sólóferil síðan upp úr slitnaði. Af hverju komu þau þá ekki í afmælið og veltu sér upp úr gullregni Júrúvisjón-sviðsins einu sinni enn? Agnetta bjáist af ólæknandi flughræðslu, gæti verið svar-feril, en mikið sem þau hefðu unnið sér inn þrik hjá sjónvarpsdísinni ef þau hefði þekkt boðið.

22.25	22.25	22.00	20.00	22.00
<b>CARNIVALE</b> Drama	<b>MOST HAUNTED</b> Raunveruleiki	<b>THE CUT</b> Raunveruleiki	<b>THE O.C.</b> Drama	<b>OLUSSPORT</b> Íþróttir
<b>SJÓNVARPIÐ</b>	<b>SIRKUS</b>	<b>SKJÁREINN</b>	<b>SYN</b>	
<p>15.45 Helgarsportíð 16.10 Ensku mörkin 17.05 Leiðarlíðs 17.50 Táknmálsfréttir 18.00 Mýndasafnið 18.01 Gurra gús (24:26) 18.06 Kóalabraeður (38:52) 18.17 Pósturinn Pall (8:13)</p> <p>18.30 Ástfangnar stelpur (13:13) 19.00 Fréttir, íþróttir og veður 19.35 Kastljós 20.30 Átta einfaldar reglur (56:76) (8 Simple Rules) 20.55 Listin mótar heiminn (1:5) (How Art Made the World) Breskur heimildamyndaflokkur.</p> <p>22.00 Tíufréttir ► 22.25 Karnival (4:12) (Carnivale II) Bandarískur myndaflokkur. Ben Hawkins á enn í baráttu við bróður Justin og heldur för sinni áfram með farandsríkusflokknum þar sem undarlegt fólk er saman komið. Atríði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. Nánari upplýsingar er að finna á vefslóðinni <a href="http://www.hbo.com/carnivale/">http://www.hbo.com/carnivale/</a>.</p> <p>23.25 Spaugstofan 23.50 Ensku mörkin 0.45 Kastljós 1.35 Dagskrárolk</p>	<p>6.58 Ísland í bitíð 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 2005 9.35 Oprah Winfrey 10.20 Ísland í bitíð 12.20 Neighbours</p> <p>12.45 Í finu formi 2005 13.00 Perfect Strangers (74:150) 13.25 Fresh Prince of Bel Air (3:25) 13.50 Hedwig and the Angry Inch 15.35 Derren Brown – Trick of the Mind (e) 16.00 Barnatími Stöðvar 2 17.45 Bold and the Beautiful 18.05 Neighbours</p> <p>18.30 Fréttir Stöðvar 2 19.00 Ísland í dag 19.35 The Simpsons 9 20.00 Strákarnir Sveppi, Auddi og Pétur halda uppteknum hætti. 20.30 Wife Swap (4:12) (Vistaskipti) Ertu orðin leið á karlinum og jafnvel krökkunum líka? 21.15 You Are What You Eat (2:17) (Mataræði) Matarvenjur okkar eru eins ólíkar og við erum mörg. 21.40 Grey's Anatomy (9:9) (Læknalíf) Dramatísk þáttaröð um nokkra lækna-kandidata. ► 22.25 Most Haunted (7:20) (Reimleikar) Magnaður myndaflokkur sem beinir sjómum okkar að hinni eilífu spurningu um hvort það sé líf efrir dauð-ann.</p> <p>23.10 Silent Witness (6:8) (Bönnuð börnum) 0.00 Sunshine State 2.15 Kóngur um stund (9:16) 2.40 Sjálfstætt fólk 3.10 Fréttir og Ísland í dag 4.15 Ísland í bitíð 6.15 Tónlistar-myndbönd frá Popp Tívi</p>	<p>18.30 Fréttir Stöðvar 2 19.00 The Cut (8:13) 20.00 Friends 4 (6:24) 20.30 Fashion Television (4:4)   21.00 Veggfóður Hönnunar og lífstíls þáttur. ► 22.00 The Cut (9:13) (I'm A Grown-Ass Man And I Quit) Það er enginn annar en Tommy Hilfiger sem er hönnuðurinn að þessum raunveruleikaþætti en Hilfiger er eitt þekktasta vörumerkið í tískuheiminum dag. 16 manns berast um að ná hylti Hilfigers í hinum ýmsu verkefnum sem eru lögð fyrir höpin, allt frá fatahönnun til markaðsmála. 22.45 Kvöldþátturinn Beinskeytur spjall- og skemmtiþáttur.</p> <p>23.15 David Letterman 0.00 Weeds (3:10) 0.30 Friends 4 (6:24) 0.55 Kvöldþátturinn</p>	<p>17.55 Cheers – 7. þáttaröð 18.20 Poppunktur (e)</p> <p>19.20 Þak yfir höfuðið Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson. 19.30 Allt í drasli (e) Það má með sanni segja að Allt í drasli sé hreinasta snillið! ► 20.00 The O.C. Seth fer til Alex og býður henni í mat en hann fær vægt áfall þegar hann sér að fyrverandi kærastinn hennar er í heimsókn. Summer, Marissa og Lindsay hittast heima hjá Marissu, Lindsay er ekki alveg viss um að hún passi í höpin. 21.00 Survivor Guatemala Í ár fer keppnin fram í Guatemala og búast má við hörkuslag. 22.00 C.S.I. Bandarískir þættir um stórf rannsóknardeildar Las Vegas borgar. 22.55 Sex and the City – 1. þáttaröð</p> <p>23.25 Jay Leno 0.10 C.S.I.: New York (e) 1.00 Cheers – 7. þáttaröð (e) 1.25 Þak yfir höfuðið (e) 1.35 Östðvandi tónlist</p>	<p>15.50 Spænski boltinn 17.30 US PGA Funai Classic</p> <p>20.30 Ítölsku mörkin 21.00 Ensku mörkin Mörkin og marktaekifær-in úr enska boltanum, næst efstu deild. Við eigum hér marga fulltrúa. 21.30 Spænsku mörkin ► 22.00 Olussport Fjallá er um helstu íþróttavörð herra og erfendis. Það eru starfsmenn íþróttadeildarinnar sem skiptast á að standa vaktina en kapparnir eru Arnar Björnsson, Benedikt Hinriksson, Hörður Magnússon, Guðjón Guðmundsson. 22.30 Stump the Schwab (Veistu svarið?) Stórskemmtilegur spurningaþáttur þar sem íþróttahugamenn láta ljós sitt skina. Enginn er fróðari en Howie Schwab.</p> <p>23.00 Ítalski boltinn</p>
<b>STÖÐ 2 BIÓ</b>	<b>OMEGA</b>	<b>E! ENTERTAINMENT</b>	<b>AKSJÓN</b>	<b>ENSKI BOLTINN</b>
<p>6.45 Wasabi (B. börnum) 8.20 The Wild Thornberys Movie 10.00 Fame 12.10 How to Lose a Guy in 10 Days 14.05 The Wild Thornberys Movie 16.00 Fame 18.10 How to Lose a Guy in 10 Days 20.00 Wasabi Dramatísk frönsk-japönsk gamanmynd. Bönnuð börnum. 22.00 Den of Lions (Ljónagnýfi-ön) Spennumynd af bestu gerð. 0.00 Die Another Day (B. börnum) 2.10 Without Warning: Diagnosis Murder (B. börnum) 4.00 Den of Lions (St. b. börnum)</p>	<p>Dagskrá allan sólarhringinn.</p>	<p>12.00 E! News Weekend 13.00 The E! True Hollywood Story 15.00 E! Entertainment Specials 16.00 Style Star 16.30 Style Star 17.00 E! Hollywood Hold 'Em 18.00 E! News Weekend 19.00 The E! True Hollywood Story 21.00 Kill Reality 22.00 Wild On 23.00 E! News 23.30 Party @ the Palms 0.00 Kill Reality 1.00 The E! True Hollywood Story</p>	<p>Fréttátturinn Körtur er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15</p>	<p>14.00 Portsmouth – Charlton frá 22.10 16.00 Bolton – WBA frá 22.10 18.00 Prumuskot 19.00 West Ham – Middlesbrough frá 22.10 21.00 Að líklokum Snorri Már Skúlason fer með stækkunargler á leiki helganinnar. 22.00 Aston Villa – Wigan frá 22.10 0.00 Prumuskot (e) 1.00 Blackburn – Birmingham frá 22.10 3.00 Dagskrárolk</p>

**Astarfleyið**


ALLIR Á MÓTI ÖLLUM  
...OG ALLIR MEÐ ÖLLUM?

ÁSTARFLEYIÐ  
FIMMTUDAGA KL. 21:00

FYLGSTU MEÐ!



SIRKUS



VIÐ MÆLUM MEÐ...

How Art Made the World

Sjónvarpið kl. 20.55

I fyrsta þætti verða myndir af mannslik-  
amanum í forgrunni

Listin mótar umhverfið

Í þessum breska heimildamynda-  
flokki er farið í ferðalag um tíma og  
rúm og ljósi varpað á það hvernig  
sköpunargáfa mannsins hefur mótad  
umhverfi hans. Horfið er aftur til upp-  
hafs sömenningarinnar og staldrað  
við ýmis af mögnuðustu sköpunar-  
verkum manna. Í fyrsta þættinum  
er fjallað um myndir af mannslikam-  
anum. Saga þeirra er rakin frá auglýs-  
ingamyndum nútímans aftur til for-  
grískra hófa og reynt að ráða í það  
hvers vegna menn löngum haft svo  
órauverulegar myndir af mannslik-  
amanum í kringum sig.



TALSTÖÐIN FM 90,9

7.10 Morgunútvarpið 9.10 Allt og sumt

12.25 Fréttavíðalið 13.10 Hrafnáping 14.03  
Messufall 15.10 Síðdegisþáttur Fréttastöð-  
arinnar 15.59 Á kassanum. Illugi Jökullsson.  
18.30 Fréttir Stöðvar 2 19.00 Ísland í dag

19.30 Morgunútvarpið e. 20.50 Allt og sumt e.  
22.50 Á kassanum e. 23.20 Fréttir Stöðvar 2  
og Ísland í dag e.

0.20 Hrafnáping Ingva Hrafn e.

BYLGIAN FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. 7.00 Ísland í Bítíð  
9.00 Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádegis-  
Bylgjanar 13.00 Bjarni Arason 16.00 Reykja-  
vík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í Dag. 19.30 Bragi  
Guðmundsson - Með Astarkevðju

RÁS 1 FM 92,4/93,5

7.30 Morgunvaktin 8.30 Átta dags 9.05 Laufská-  
linn 9.40 í deigluinni 9.50 Morgunleikfimi 10.13  
Stefnumót 11.03 Samfélagið í nærmynd

12.00 Fréttayfirlit 12.03 Hádegisútlag 12.20 Há-  
degisfréttir 13.00 Vitt og breitt 14.00 Fréttir 14.03  
Útvarpsagan 14.30 Hádegisútlag 15.03 Tóttar  
Bollywoodmynda 16.13 Hlaupanótan 17.03 Viðsjá

18.00 Kvöldfréttir 18.24 Auglýsingar 18.25 Spjall-  
inn 18.50 Dánarfregnt og auglýsingar 19.00 Vitinn  
19.30 Laufskálinn 20.05 Söngvamáli 21.55 Orð  
kvöldsins 22.15 Úr tónlistarlífinu

0.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

ÚTVARP SAGA FM 99,4

8.00 Amrþúður Karlsdóttir 10.00 Rósa Ingólfs-  
dóttir 11.00 Bláhornið 12.25 Meinhornið  
14.00 Kjartan Gunnar Kjartansson 15.00 Hild-  
ur Helga 17.00 Gústaf Nielsson 18.00 Mein-  
hornið 19.00 Bláhornið 20.00 Amrþúður Karls-  
dóttir 22.00 Rósa Ingólfsdóttir 23.00 Kjartan G.  
Kjartansson 0.00 Hildur Helga 2.00 Gústaf  
Nielsson 3.00 Rósa Ingólfsdóttir 4.00 Kjart-  
an G. Kjartansson 5.00 Amrþúður Karlsdóttir

RÁS 2 FM 90,1/99,9

7.30 Morgunvaktin 8.30 Einn og hálfur með  
Gesti Einari Jónássyni 10.03 Brot úr degi

12.03 Hádegisútlag 12.20 Hádegisfréttir  
12.45 Poppland 16.10 Dægurálaútlag  
Rásar 2

18.00 Kvöldfréttir 18.24 Auglýsingar 18.25  
Spjallinn 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 Tónlist  
að hætti hússins 20.00 Ungmennafélagið  
21.00 Konsert með Placebo 22.10 Popp og  
ról

AÐRAR STÖÐVAR

FM 95,7 Effemm / Zúber tónlistarstöðin  
FM 102,2 Útlag Latibær / Fjölskyldu útlag  
FM 102,9 Lindin / Kristlegt efni  
FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying  
FM 105,5 Útlag Bebum / Kristlegt efni  
FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum  
FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni  
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying  
FM 104,5 Radió Reykjavík / Tónlist og afþreying

ERLENDAR STÖÐVAR

SKY NEWS

Fréttir allan sólarhringinn.

CNN INTERNATIONAL

Fréttir allan sólarhringinn.

FOX NEWS

Fréttir allan sólarhringinn.

EUROSPORT

12.00 Tennis: WTA Tournament Zürich 13.15 Beach Volley: Swatch-kub  
World Tour Brazil 14.15 Football: Football World Cup Season Legends  
15.15 Football: Football World Cup Season: Juventus 15.30 Football:  
Eurogoals 16.30 All sports: WATTS 17.00 Soccer: Aki Basho Japan 18.00  
Fight Sport: Fight Club 21.00 Football: Eurogoals 22.00 News:  
Eurosportnews Report 22.15 Motorsports: Motorsports Weekend 22.45  
Olympic Games: Mission to Torino 23.15 News

BBC PRIME

12.00 Two Thousand Acres of Sky 13.00 Teleubbies Everywhere 13.10  
Little Robots 13.20 Andy Parry 13.25 William's Wish Wellingtons 13.30  
Boogie Woogie 13.45 Fimbles 14.05 Takkabilla 14.35 Cavegirl 15.00 The  
Life Laundry 15.30 Ready Steady Cook 16.15 The Weakest Link 17.00  
Doctors 17.30 Eastenders 18.00 No. 9 Gange Back 18.50 States of Play  
19.50 Red Cap 21.00 French and Saunders 21.30 Manchild 22.00 Down  
to Earth 23.00 Space 0.00 Building the Impossible 1.00 Governing  
Europe 1.30 Governing Europe

NATIONAL GEOGRAPHIC

12.00 Snake Killers - Honey Badgers of the Kalahari 13.00 When Ex-  
peditions Go Wrong 14.00 Treasures of the Titanic 14.30 777: Attack On  
London 16.00 Seconds From Disaster 17.00 King Tut's Curse 18.00  
Snake Killers - Honey Badgers of the Kalahari 19.00 When Expeditions  
Go Wrong 20.00 Hurricane Floyd 21.00 Storm Storms 22.00 Air Crash In-  
vestigation 23.00 Hurricane Floyd 23.00 Storm Storms

ANIMAL PLANET

12.00 Big Cat Diary 12.30 Predator's Prey 13.00 Lions 14.00 Animal  
Cops Houston 15.00 Pet Rescue 15.30 Wildlife SOS 16.00 Amazing  
Animal Videos 16.30 Big Cat Diary 17.00 Meerkat Manor 17.30 Monkey  
Business 18.00 Animals A-Z 18.30 Predator's Prey 19.00 The World's  
Favourite Animal 20.00 Miami Animal Police 21.00 Meerkat Manor 21.30  
Monkey Business 22.00 K9 Boot Camp 23.00 Pet Rescue 23.00 Wildlife  
SOS 0.00 The World's Favourite Animal 1.00 Meerkat Manor 1.30 Mon-  
key Business

DISCOVERY

12.00 Rex Hunt Fishing Adventures 12.30 Fishing on the Edge 13.00  
Super Structures 14.00 Extreme Machines 15.00 Soapbox Challenge  
16.00 Rides 17.00 American Chopper 18.00 Mythbusters 19.00 Face  
Race 20.00 Trauma 21.00 Body Works 22.00 Mythbusters 23.00 For-  
ensic Detectives 0.00 Believer

MTV

12.00 Just See MTV 13.00 Pimp My Ride 13.30 Wheelie 14.00 RTL 15.00  
EMA Build-Up Show 15.30 Just See MTV 16.30 MTVnew 17.00 Europe-  
an Top 20 18.00 Switched On 19.00 Global Room Raiders 19.30 Andy  
Milrose Show 20.00 EMA Build-Up Show 20.30 EMA Build-Up Show  
21.00 Power Girls 21.30 The Real World 22.00 The Rock Chart 23.00  
Just See MTV

VH1

11.30 VH1 Hits 15.00 So 80s 16.00 VH1's Viewers Jukebox 17.00 VH1  
Weekly Album Chart 18.00 VH1 Classics 19.30 Then & Now 19.50 All  
Access 20.00 Want a Famous Face 20.30 Want a Famous Face 21.00  
VH1 Rocks 21.30 Flipside 22.00 Top 5 22.30 Fabulous Life 01. - 23.00  
VH1 Hits

CLUB

12.10 Crimes of Fashion 12.35 Lofy Ideas 13.00 Staying in Style 13.30  
The Review 14.00 Girls Behaving Badly 14.25 The Vibe 15.10 The Pos-  
sive Show 16.00 Yoga Zone 16.25 The Method 16.50 Retail Therapy  
17.15 The Review 17.40 Girls Behaving Badly 18.05 Staying in Style  
18.30 Paradise Seekers 19.00 Design Challenge 19.25 Race to the Altar  
20.15 Saturday 21.10 Women Talk 21.35 Sex and the Selves 22.00 Chea-  
ters 23.00 Entertaining With James 23.30 City Hospital 0.25 Girls Behav-  
ing Badly 0.50 Completely Hammered 1.15 Entertainment 1.45 The Revi-  
ew

CARTOON NETWORK

12.00 Dexter's Laboratory 12.30 Ed, Edd n Eddy 13.00 Codename: Kids  
Next Door 13.30 The Powerpuff Girls 14.00 Sabrina, The Animated  
Series 14.30 Atomic Betty 15.00 Teenage Mutant Ninja Turtles 15.30 B-  
Daman 16.00 Codename: Kids Next Door 16.30 Foster's Home for  
Imaginary Friends 17.00 Duck Dodgers in the 24 1/2 Century 17.30  
Charlie Brown Specials 18.00 What's New Scooby-Doo? 18.30 Tom and  
Jerry 19.00 The Flintstones 19.30 Looney Tunes 20.00 Dastardly &  
Muttley in Their Flaming Machines 20.30 Scooby-Doo 21.00 Tom and  
Jerry 22.00 Dexter's Laboratory 22.30 The Powerpuff Girls 23.00 Johnny  
Bravo 23.30 Ed, Edd n Eddy 0.00 Skipper & Sketto 1.00 Spaced Out  
1.30 Spaced Out

JETIX

12.20 Goodbumps 12.50 Black Hole High 13.15 Spideeman 13.40  
Mystery Mysteria 14.05 Digimon II 14.30 Totally Spies 15.00 W.I.I.c.h  
15.30 Sonic X

MGM

11.56 Number One 13.20 Lady in White 15.15 The Sculptor's 17.00  
The Hearty Makers 18.45 Take My Daughters, Please 20.20 Driving Me  
Crazy 21.50 Meatballs 4 23.20 War Party 0.55 Vlet Girls

TCM

19.00 Viva Las Vegas 20.25 The Walking Stick 22.05 Captain Nemo and  
the Underwater City 23.50 The Comedians 2.20 Take the High Ground

HALLMARK

12.30 Straight From The Heart 14.15 McBride: The Chameleon Murder  
16.00 Mary & Tim 17.30 McLeod's Daughters V 18.15 Reason For Liv-  
ing: The Jill Island Story 19.45 Empire 21.30 Lonesome Dove: The  
Series 22.15 Riding The Bus With My Sister 0.00 Reason For Living: The  
Jill Island Story 1.30 Lonesome Dove: The Series

BBC FOOD

12.00 Sophie's Weekends 12.30 Paradise Kitchen 13.00 United States  
of Race 13.30 The Tinner Brothers 14.00 Rachel's Favourite Food 15.00  
Made to Order 15.00 The Hi Lo Club 15.30 Masterchef Goes Large 16.00  
Food Source New Zealand 16.30 A Cook's Tour 17.00 Off the Menu  
17.30 Deck Dates 18.00 Douglas Chew Cooks Ales 18.30 New Scand-  
inavian Cooking 19.00 Antonio Carluccio's Italian Feast 19.30 Wornall  
Thompson 20.00 The Naked Chef 20.30 Cuppa's Dinner 21.00 Chef's  
Kitchen 21.30 Masterchef Goes Large

DR1

12.00 DR-Derude | Den Kongelige Haver 12.30 Udelev 13.00 TV Aften  
med vejret 13.10 De skrev Historie 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00  
Beoming 14.20 Boogie Litter - Bobene 14.50 Last Dance 15.00 Vædi-  
Or 15.20 Droopy 15.30 Toldspøjet 16.00 Lotte fra Spilteateret angri-  
ber 16.30 TV Aften med Sport og Væjr 16.55 Dagens Danmarks 17.25  
TV Aften 17.30 Dymens verden 18.00 Rapskoldet 19.00 TV Aften  
19.25 Horizont 19.50 SportNY 20.00 Måske skyldig - under mistanke  
21.35 enen 22.30 Video on 23.00 Reaction

SV1

12.15 Sportspjall 13.00 Sportspjall 13.05 Afsnit 14.00 Hættur 14.10  
Gommon Sverige 15.00 Sve-á-löng 15.30 Kópöldi 16.00 Bollþoppa  
16.01 Björnes Magasin 16.30 Lilla sportspjall 17.00 Incestellan 17.30  
Rapport 18.00 Háskóli 19.00 Plus 19.30 Sveig 20.00 Familien 20.50  
Rapport 21.00 Kúlmáhetema 21.10 Kommissarie Lynley 22.40 Sánding  
frán SVT24

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE



DRAMATÍK Á SKURÐARBORÐINU

EKKI MISSA AF GREY'S ANATOMY Í KVÖLD KL. 21:40



GOTTI FOLK MCGANN



## SÉRFRÆÐINGURINN &gt; KRISTÍN ÁSTGEIRSDÓTTIR SAGNFRÆÐINGUR

## Konur í rauðum sokkum; hittumst á Hlemmi



## HRÓSIÐ

... fær Íþróttarálfurinn fyrir að skemmta ungom sem öldnum á Latabæjarhátíðinni á laugardag.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT 2 slátra 6 samþykki 8 besti árangur 9 þrá 11 guð 12 ófriður 14 rákir 16 ætíð 17 flýti 18 flana 20 í röð 21 þekja leið.

LÓÐRÉTT 1 útihús 3 hljóm 4 skeði 5 óhreinna 7 áköf þrá 10 knæpa 13 kæla 15 glufa 16 haf 19 badgati.

## Lausn.

LÁRÉTT: 2 lóga, 6 já, 8 mæ, 9 ósk, 11 æða, 20 tu, 21 rata, LÓÐRÉTT: 1 fjós, 3 óm, 4 gerðist, 5 ata, 7 ástríða, 10 krá, 13 ísa, 15 rauf, 16 sær, 12 stírt, 14 rásir, 16 sí, 17 asa, 18 ra, 19 haf, 20 í röð, 21 þekja leið.

## [ VEISTU SVARID ]

Svör við spurningum á bls. 8

1. Framkvæmdastjóri banka og verðbréfa fyrirtækja
2. Hallgrím Pétursson
3. Rannveig Guðmundsdóttir

Upplýsingar í síma 580 2626  
Textavarp: Stöð 2 • 150-153  
RÚV • 261, 263 og 264

**Vinningsstólar laugardaginn**  
22.10. 2005

6 13 21 33 35

Bónustala 19

Tvöfaldur 1. vinnigur næsta laugardag

**Jökertölur vikunnar**

Jóker 2 3 8 9 7

Fyrsti vinnigur gekk ekki út.

**VÍKINGA LOTTO** Alltaf á miðvikudögum

Vinningsstólar miðvikudaginn  
19.10. 2005

Aðaltölur 2 6 12 19 28 42

Bónustölur Ofurtala 31 32 21

Einfaldur 1. vinnigur næsta miðvikudag

**Jökertölur vikunnar**

1 3 2 0 3

Fyrsti vinnigur gekk ekki út.

Þú getur fengið meira um þetta í vefnum okkar.

Í dag er kvennafrídagurinn endurtekinn, en að baki þeim fyrri sem haldinn var hátíðlegur 24. október 1975 stóð Rauðsokkuhreyfingin. Kristín Ástgeirsdóttir sagnfræðingur var ein rauðsokkanna, sem ekki eru lengur til.

„Rauðsokkuhreyfingin kom fyrst fram á sjónarsviðið 1. maí 1970 þegar konur voru hvattar til að mæta í kröfugöngu undir slagorðinu: „Konur í rauðum sokkum; hittumst á Hlemmi“. Þetta vakti mikla athygli og í kjölfarið var Rauðsokkuhreyfingin stofnuð,“ segir Kristín, en rauðsokkur þóttu afar róttækar. „Rauðsokkuhreyfingin lagði áherslu á jafnan rétt kvenna og karla á öllum sviðum. Þær töluðu máli hinna útí vinnandi kvenna og mæðra, og lögðu mikla áherslu á dagvistunarmál, launajafnrétti, baráttu gegn kvenfyrirlitningu og ekki síst frjálsum fóstureyðingum sem voru afar takmarkaðar á þeim tíma. Þetta vakti feikna athygli og náðist breið


kvennasamstaða um málið sem skilaði sér í nýrri löggjöf árið 1975,“ segir Kristín, en einmitt sama ár kviknaði hugmyndin um kvennafríð.

„Kvennafrídagurinn var fyrst ræddur formlega á láglaunaráðstefnu Rauðsokkuhreyfingarinnar í janúar og síðar samþykktur á ráðstefnu um sumarið. Það má segja að blómatímabil rauðsokkanna hafi verið frá 1970 til 1975, en þá fór að halla undan fæti og miklar deilur sem spruttu upp milli róttækra hópa. Þegar umræðan um kvennaframboð og Kvennalistann kom til sögunnar lognaðist Rauðsokkuhreyfingin út af og margar rauðsokkanna gengu til liðs við Kvennalistann,“ segir Kristín og kann sögu um hvernig hugmyndin um Rauðsokkuhreyfinguna vatt upp á sig.

„Sagt er að Vilborg Dagbjartsdóttir skáld og Helga Gunnarsdóttir tónlistarkennari, sem báðar voru kennarar við Austurbæjarskóla, hafi heyrt í útvarpinu

frétt um aðgerðir hollenskra kvenréttindakvenna. Helga hafi þá sagt: „Ef við gætum nú gert eitthvað svona“. Þegar Vilborg kom svo heim að vinnudegi loknum og hafði hugsað um orð Helgu lagðist hún í símann og hringdi og hringdi. Það þurfti ekki meira til. Þetta lá í loftinu.“

## FRÉTTIR AF FÓLKI



BÁRÐUR BÁRÐARSON Bárður hefur skrásett feril Bubba Morthens síðan 1990.

MYND/E.ÖL

## BÁRÐUR BÁRÐARSON SKRÁSETUR FERIL BUBBA MORTHENS:

## Enginn aðdáandi Bubba

Leigubílstjórinn og tónlistaráhugamaðurinn Bárður Bárðarson er einn af þeim sem áttu veg og vanda að endurútgáfunum á Bubba-plötunum Ísbjarnarblús og Konu sem komu út fyrir skömmu.

Bárður hefur verið hálfgerður skrásetjari ferils Bubba síðan samnefnd bók um tónlistarmanninn kom út. „Þetta byrjaði 1990 þegar ég vann listana í bókinu hennar Silju [Aðalsteinsdóttur]. Þetta hófst þannig og síðan hef ég verið að halda utan um ferilinn hans. Silja narraði mig í þetta því hún vissi að ég átti þessar plötur og síðan leiddi eitt af öðru,“ segir Bárður.

Hefur hann meðal annars gert klárar til útgáfu safnplötu Utangarðsmanna og Sögu-safnplötunnar sem Bubbi sendi frá sér fyrir

nokkrum árum. Að auki sér Bárður um heimasíðu Bubba en þess utan hefur hann gert hljóðritaskrá fyrir útgáfu á íslenskum plötum sem hann afritaði síðan fyrir tónlistarsíðuna vinsælu tonlist.is.

Hann segist ekki vera aðdáandi Bubba sem slíks, þótt hann eigi allt sem hann hefur gefið út. „Ég hef verið aðdáandi tónlistarinnar miklu frekar. Ég hef aldrei getað hengt mig sem einhvern Bubba-aðdáanda. Ég er miklu frekar tónlistaraðdáandi. Ég get ekki persónugert aðdáun, mér finnst það voða hallærislegt,“ segir hann.

Auk þess að eiga gríðarlegt safn af Bubba-plötum á Bárður eitt stærsta David Bowie-safn landsins, sem telur hundruð platna. Nær því tónlistaráhugi hans lengra en bara til Bubba.

Á meðal þess sem ekki var haft með á endurútgáfu Ísbjarnarblúss voru upptökur frá Ríkisútvarpinu. „Það er meðal annars út af þessu sem ég er hlynntur því að Ríkisútvarpið verði áfram því það geymir allar upptökur sínar. Bylgjan eyðir til dæmis öllum upptökum eftir þrjú mánuði,“ segir Bárður.

Næst á dagskrá hjá Bárði er útgáfa á plötunni Geislavirkir með Utangarðsmönnum í samstarfi við Senu. Hann segist ekki ætla að leggja áratil bót eftir þá plötu. „Ég er að halda í þá von að það verði áframhald á þessum útgáfum og að á næsta ári komi út fleiri plötur. Síðan er ég að safna íslenskum textum í textagagnabanka,“ segir skrásetjarinn ógurlegi, Bárður Bárðarson.

frey@frettabladid.is

Rithöfundurinn Kristján Kormákur Guðjónsson byggir nýja skáldsögu sína, Frægasti maður í heimi, að hluta til á raunverulegum tölupóstssamskiptum sem hann lét aðalpersónu sína, Tómas Jónsson, standa í við þjóðþekktu Íslendinga. Þeir sem urðu fyrir barðinu á Tómasi/Kristjóni gerðu sér ekki grein fyrir því að þeir væru að skrifast á við skáldsagnapersónu en Dr. Gunni er einn þeirra sem stendur nú óvænt uppi sem persóna í skáldverki Kristjóns. Dr. Gunni fjallar um þetta á heimasíðu sinni þar sem hann segir meðal annars: „Ég hafði verið blekkur svona líka illilega! Enginn Tómas var til heldur var þetta Kristján allan tímann í einhverju raunveruleika-skáldsögu-stuði með mig og eitthvað annað líð.“



Gunni viðurkennir einnig að sér hafi alveg verið hætt að litast á blikuna og talið að hann væri kominn með einhvern geðsjúkling á bakkið eftir því sem póstar Tómasar urðu undarlegri. Hann hefur því sent Kristjóni bréf þar sem hann segist gladdur að eiga ekki „á hættu fram- ar að fá email frá Tómasi Jónssyni.“

Tímariðið Grapevine gaf út dagleg blöð um Airwaves-hátíðina á meðan hún stóð yfir. Auglýsingar í sérblöðunum tengdust vitaskuld fyrst og fremst næturlífni, tónlist og Airwaves. Auglýsingar frá Kaffi Sólon í blaðinu hafa vakið nokkra kátinu en yfirskrift þeirra er „Airway's menu“, eða „flugmat-seðill“. Hér hefur væntanlega verið átt við sérstakan Airwaves-matseðil en eins og flestir sem hafa eitthvað flogið að ráði er flugvélamatur síður en svo eftirsóknarverður og vart hafður á boðstólum finna veitingahúsa.



## Ný húfa og plata í farteskinu

„Ég er búinn að fá mér nýja húfu,“ segir Guðjón Rúdolf Guðmundsson tónlistarmaður spurður hvað hafi drifið á daga hans síðan hann sló í gegn með laginu Hvar er húfan mín. „Ég hef ekki týnt henni ennþá, en hver veit hvað gerist hérna á Íslandi.“

Guðjón býr í Árósum í Danmörku og er staddur hér á landi til að kynna nýju plötuna sína, Þjóðsöng, sem kom í verlanir fyrir helgi. Þetta er önnur plata sem Guðjón vinnur í samstarfi við Þorkel Atlason, en gáfu út plötuna Minimaníu fyrir röskum tveimur árum. „Við vorum tilnefndir til verðlauna fyrir Minimaníu og fengum styrki frá Árósborg og fleirum til að gera þennan disk. Samstarfið er hálfgerð úrvinnsla; ég legg til melódíur og lög sem ég hef legið á en Þorkell bætir melódíum við, útsetur og tekur upp. Hann er verksmiðjan ef ég get verið hráefnið,“ segir Guðjón og hlær.

Þjóðsöngur eru öllu tregafyllri smíð en Minimanía og ákaflega ein-

lægur að sögn Guðjóns. „Stundum titra ég yfir því. Þetta eru tilfinningar manns sem er kominn inn á miðjuna á því ferli sem þetta lífshlaup er og þá rifja ég upp gamlar ástir, söknuð og fleira.“

Auk þess að gefa út eigin tónlist er Guðjón í dönsku vikingabandi og eru félagar hans úr því með honum í för. „Við voru fyrir vestan og héldum tónleika á Ísafirði, Bolungarvík og Þingeyri. En aðaltilgangur ferðarinnar var að taka upp í Bjarnafirði. Þar er besta stúdíó landsins og engir farsímar og slíkt að trufla mann.“

Víkingabandið segir Guðjón njóta nokkurra vinsælda og vikingahátíðum sem eru aðallega á sumrin og því er veturinn hálfdaður tími.

Til að eiga fyrir salti í grautinn vinnur Guðjón sem garðyrkjustjóri á elliheimili í Árósum og unir hag sínum vel. „Ég ræð mér nokkurn veginn sjálfur og svo þarf ég ekki að nota hausinn mikið í vinnunni þannig að hann er alltaf fullur af músík.“



GUÐJÓN RÚDOLF Var í Bjarnafirði með dönskum félögum sínum að taka upp vikingatónlist.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



# Kveðjutilboð í BT Smáralind

Opnum nýja verslun í smáralindinni eftir 5 daga!

**Ferðaspilari**

• 999  
• 799

**63% afsláttur**

**DENVER**  
DM-47T  
DENVER FERÐASPILARI  
MEÐ HRISTIVÖRN

• 1.499  
• 3.999

**Borðtölva**

aðeins **9** STK

**30.000kr. afsláttur**

**69.999**  
• 99.999

**17" flatskjár**

**HP**  
P9623A  
17" HP PAVILION  
FLATSKJÁR

• 19.999  
• 29.999

**HP**

PS316AA  
**HP PAVILION JAGUAR 3**

- AMD Athlon™ 64 3400+ örgjörvi
- 512 MB DDR vinnsluminni
- 200GB Serial ATA harður diskur 7200rpm
- NVIDIA® GeForce™ FX 5500 256MB skjáskort
- DVD Skrifari "Dual Layer" með LIGHT SCRIBE tækni
- Media bay að framan
- IEEE 1394 FireWire® interface
- 10/100 netkort
- Þráðlaust lyklaborð og mús
- +++ Hugbúnaður +++
- Microsoft® Windows® XP Home Edition

**Netmyndavél**

• 499  
• 499

**40% afsláttur**

**Trust**  
14384-TRU  
NETMYNDAVÉL  
HI-RES USB2

• 2.999  
• 4.999

**MP3 spilari**

**37% afsláttur**

**aligo**  
E808A-512MB  
AIGO E808A 512MB MP3  
með innbyggðu FM útvarpi

• 4.999  
• 7.999

**Fartölva**

**17" Widescreen**

**512 MB minni**

**80GB harður diskur**

**Firewire**

**17"**  
WIDE SCREEN  
1440 x 900

**129.999**  
• 179.999

**MEDION**

**50.000kr. afsláttur**

MD95281  
**MEDION C8 CLAWHAMMER2 TV**

- AMD Athlon™ 64 processor 3000+ - with PowerNow! Technology
- 17" WIDE-XGA TFT (1440x900)
- ATI® MOBILITY™ RADEON™ 9700 128MB DDR VIDEO
- 512 MB DDRAM 333MHz
- 80 GB harður diskur
- DVD skrifari
- Wi-Fi® Wireless (802.11g)
- Tv tuner, Subwoofer og innbyggð netmyndavél

**Hátalarar**

**70% afsláttur**

**Trust**  
13586-TRU  
Trust hátalarar 460P  
• 2x 3W RMS

• 999  
• 3.299

**Höfuðtöl**

**50% afsláttur**

**Trust**  
13586-TRU  
Trust hátalarar 460P  
• 2x 3W RMS

• 999  
• 1.999

**Prentari**

**33% afsláttur**

**HP**  
Q5911A  
**HP LASERJET 1020**

- Hraði: 14 bls. á mín
- Upplausn: 1200x1200 dpi
- Tengir: USB

• 9.999  
• 14.999

**Fartölva**

**14,1"**

**Takmarkað magn**

**40.000kr. afsláttur**

**79.999**  
• 119.999

**MEDION**

MD95407  
**MEDION C6 CENTRINO W1**

- Intel® Pentium® M processor 735 (1.7GHz)
- Intel® Extreme Graphics 2 technology
- 512 MB DDRAM 333MHz
- 80 GB Harður diskur
- DVD Skrifari
- Wi-Fi® Wireless (802.11g)
- Þyngd 2.2kg

**Bíltæki**

**10.000kr. afsláttur**

**SONY**  
CDXS2020  
**SONY BILTÆKI M/CD**

- Magnari 4x45W (S-MOSFET)
- Drive-S
- Útvarp FM/MB/LB RDS
- Spilar CD-R/CD-RW/CD-Text diska

• 12.999  
• 22.999



Tilboðin gilda aðeins í BT Smáralind

Takmarkað magn af sumum vörum - fyrstur kemur - fyrstur fær





### BAKÞANKAR

PRÁINS BERTELSSONAR

## Um mannsiði í veislum

Það er skuggaleg tilhugsun að þrúmur helmingur þjóðarinnar skuli telja það nauðsynlegt að fara í verkfall til að minna hinn helminginn á að enn þá skortir bæði margt og mikið upp á að báðir hinir jafnnauðsynlegu helmingar þjóðarinnar njóti réttláttra helmingaskipta. Í dag fara konur í skyndiverkfall til að á rétta það sameiginlega verkefni okkar allra að gæta þess að við eigum öll að njóta þess að hafa jafnan aðgang að lífsins gæðum.

**ÞAÐ** er dónaskapur í samkvæmum að leggjast á eina sort. Sömuleiðis eru þeir ekki samkvæmishæfir sem eru svo gráðugir að þeir aféta þá félaga sína sem eru pastursminni og ekki jafnhandfljóttir að moka á diskinn sinn. Það eru margar sortir á boðstólum á hinu íslenska veisluborði: Innan um gírnilegasta bakkelsið má sjá frægð með glassúr, peninga með þeyttum rjóma, völd með sultutau, stöður, embætti, titla, sambönd og fleira góðgæti. Því miður er það nú svo að við þennan enda veisluborðsins er troðningurinn mestur og sumir sýna græðgislega og jafnvel ógnandi tilburði við að raða í sig kræsingum og skeyta því engu þótt hinir seinfærari renni hýru auga til krásanna og séu jafnvel farnir að hafa áhyggjur af því að borðið verði hroðið áður en röðin kemur að þeim að fá að smakka góðgætið.

**EKKI** svo að skilja að nokkur þurfi að vera svangur í samkvæminu. Í augnablikinu er nóg fram borið til að seðja alla viðstadda. Þarna er holl og góð menntun, en það eru ekki allir nógu vel tenntir til að vinna á þeim ólseiga undirstöðurétti. Þarna er líka nóg vinna sem að sjálfsögðu er seðjandi, en þó hvorki nógu bragðsterk né spennandi til að geta talist til hinna skrautlegu rétta.

**GESTGJAFINN** hefur í örlæti sínu sagt gestunum að gjöra svo vel, og svo brugðið sér sjálfur upp á efri hæðina til að fá sér síðdegisblund. Maður vonar að samkvæmið fari ekki úr böndunum meðan hann sefur, en ef þetta á ekki allt að fara í bál og brand, verða allir veislugestir að sýna hver öðrum kurteisi, tillitssemi og umhyggju. Annars verður þetta óskemmtileg samkoma og viðbúið að einhver fari heim með glóðarauga.



# TAKK FYRIR



## LEGACY

Vegna mikillar eftirspurnar á nýjum Legacy hefur myndast bið eftir bílum til afgreiðslu. Sú bið er senn á enda og hvetjum við alla til að kynna sér bílinn. Það sannast hér enn og aftur að Subaru á sér mjög tryggan aðdáendahóp.

– Þökkum nýjum Subaru eigendum **frábærar** viðtökur!

### STAÐREYNDIR:

- Ný 2,0 lítra vél - 165 hö.
- Tölvustýrð loftkæling
- Sítengt aldrif (AWD)
- Kastarar í stuðara
- 17" álfelgur
- Hraðastillir

SJÁLFSKIPTUR SEDAN

**VERÐ 2.440.000 kr.**

SJÁLFSKIPTUR WAGON

**VERÐ 2.590.000 kr.**

**Ingvar Helgason**

Sævarhófa 2 Sími 525 8000 [www.ih.is](http://www.ih.is)

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Hrísmýri 2a 800 Selfossi 482-3100	Eyrarlandi 1 530 Hvammstanga 451-2230	Sæmundargötu 3 550 Sauðárkrúki 453-5141	Holtsgötu 52 260 Njardvík 421-8808	Dalbraut 2b 300 Akranesi 431-1376	Víkurbraut 4 780 Höfn í Hornafirði 478-1990	Búðareyri 33 730 Reyðarfjörður 474-1453	Sindragötu 3 400 Ísafjörður 456-4540	Óseyri 5 603 Akureyri 461-2960
---	---	---	--	---	---	---	--	--------------------------------------

ÞESSI HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI SELJA ÞÉR **BRIDGESTONE** LOFTBÓLUDEKKIN



**HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA  
HJALTÁ**  
Hjallahrauni 4  
Sími: 565-2121



**SMUR- OG  
DEKKJAÞJÓNUSTAN**  
Sætúni 4  
Sími: 562-6066



**SMUR- OG  
DEKKJAÞJÓNUSTAN**  
Jafnaseli 6  
Sími: 587-4700



**SMURSTÖÐIN  
KLÖPP**  
Vegmúla 4  
Sími: 553-0440



**SMUR- OG  
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA ESSO**  
Geirsgata 1  
Sími: 551-1968



**BÍLA – ÁTTAN**  
Smiðjuvegi 30  
Kópavogi  
Sími: 587-1400



**ORMSSON**

DEKKJAÞJÓNUSTA • LÁGMÚLA 9  
SALA 530-2842 / 896-0578  
VERKSTÆÐI 530 2846 / 899-2844